

# Umræður.

## Þingsetning.

### A.

### Í sameinuðu þingi.

Árið 1941, miðvikudaginn 9. júlí, var hið fimmtugasta og sjöunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það þrettánda aukabing í röðinni, en sjötugasta og önnur samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,20 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 12,30. Séra Bjarni Jónsson, vígslubiskup, steig í stólinn og lagði út af Jerem. 29, 11.—12.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
5. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
6. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
7. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
8. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
9. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.
10. Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
11. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.
12. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
13. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
14. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
15. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
16. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
17. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
18. Hermann Jónasson, þm. Str.
19. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
20. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
21. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.
22. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
23. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
24. Jóhann G. Möller, 6. þm. Reykv.
25. Jóhannes Jónasson, 4. (vara)þm. Reykv.
26. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk.
27. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
28. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
29. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.
30. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
31. Ólafur Thors, þm. G.-K.
32. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
33. Páll Zóphóniasson, 1. þm. N.-M.
34. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
35. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
36. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
37. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
38. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.
39. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
40. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.
41. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
42. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
43. Þorsteinn Briem, þm. Dal.
44. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi. En ókomnir voru til þings þessir alþingismenn:

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm.
2. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
3. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
4. Thor Thors, þm. Snæf.

#### Ríkisstjóri setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom ríkisstjóri, Sveinn Björnsson, inn í salinn, gekk til ræðustóls og mælti:

Í ríkisráði 7. þm. var gefið út svo látandi opið bréf:

#### Ríkisstjóri Íslands

gerir kunnugt: að ég samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 hef ákveðið, að Alþingi komi saman til aukafundar miðvikudaginn 9. júlí 1941, kl. 13.

Um leið og ég birti þetta, er öllum þeim, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni.

Gert í Reykjavík 7. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

Hermann Jónasson.

**Opið bréf**, er stefnir saman Alþingi til aukafundar miðvikudaginn 9. júlí 1941.“

Samkvæmt bréfi því, er ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett. Er þetta þing 57. löggjafarþing og 13. aukarþing í röðinni, en 72. samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Háa Alþingi.

Fyrsta verk mitt sem ríkisstjóra var að segja fundum Alþingis slitið 17. júní. Síðan eru nú liðnar 3 vikur. Svo stuttum tíma eftir að Alþingi var slitið varð ég, eftir till. ríkisstjórnarinnar, að kveðja Alþingi aftur til fundar. Og var það þó síðar en bæði ráðuneytið og ég óskuðum. Því að það var ósk vor að kveðja Alþingi strax til fundar, er hið mikla vandamál bar að höndum 24. júní. En þess var, því miður, ekki kostur.

Vér lifum á slíkum tímum nú, að svo óvenjulega atburði sem þessa getur ávallt borið að höndum. Á meðan svo stendur, verða alþingismenn jafnan að geta átt von á því að þurfa að koma til funda, ef þörf krefur.

Það eina mál, sem ríkisstjórnin leggur nú fyrir Alþingi, er, eins og alþingismönnum mun þegar kunnugt, samkomulag við stjórn Bandaríkjanna um hvernd Íslands. Ríkisstjórnin mun gefa Alþingi nákvæma skýrslu um málið allt, aðdragandann að samkomulaginu og annað það, sem gerðist 24. júní og dagana þar á eftir, allt fram á þennan dag. Ég vil aðeins geta þess nú, að ráðuneytið lét mig fylgjast með málinu frá fyrstu byrjun.

Nú liggur það fyrir hinu háa Alþingi að taka afstöðu til þess, sem gerzt hefur. Alþingi sjálft, og það eitt, ræður auðvitað þeirri afstöðu. Eins og kunnugt er, þá er hver einstakur þingmaður óbundinn af öðru en sannfæringu sinni og samvitzku.

Í ávarpi mínu til þings og þjóðar 17. júní minnti ég m. a. á, hve miklu varðar einhugur og gætni á slíkum tímum, sem nú eru. Ég það og höfund tilverunnar að gefa okkur öllum styrk, þol og kjark.

Um leið og ég minni á þessi orð mín, vil ég óska þess, að meðferð hins háa Alþingis á þessu mikla og óvenjulega máli megi mótast af virðulegri stillingu samfara djarfhug frjálsra þjóðfulltrúa í lýðfrjálsu landi.

Með þessum orðum býð ég alþingismenn velkomna til þessa aukafundar Alþingis.

Að svo mæltu vil ég biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

[Þingmenn risu úr sætum sínum, og aldursforseti, 2. þm. S.-M. (IngP), mælti: „Lifi Ísland“. — Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Ríkisstjóri kvaddi nú elzta þingmanninn, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til þess að stýra fundi þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings. Gekk ríkisstjóri síðan út úr salnum.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjarna Bjarnason, 2. þm. Árn., og Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.

**Þingmaður leggur niður þingmennsku.**

**Aldursforseti (IngP):** Áður en tekið verður til fundarstarfa, vil ég tilkynna, að forseta sameinaðs Alþingis hefur þorizt svo láttandi bréf frá þm. Norður-Ísfirðinga, Vilmundi Jónssyni, dags. 1. þ. m.:

„Herra forseti! Ég leyfi mér hér með að tilkynna yður, að ég hef ákveðið að hætta þingstörfum og leggja niður þingmennsku. Æski ég, að nafn mitt verði nú þegar numið burt af skrá þingmanna og aðrar ráðstafanir gerðar í þessu sambandi, sem nauðsynlegar kunna að vera.

Vilmundur Jónsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Reykjavík.“

Forseti hefur tilkynnt þetta dómsmálaráðuneytinu með skirskotun til 135. gr. kosningalaganna.

**Kosning forseta og skrifara.**

**Aldursforseti (IngP):** Ég vil gera það að tillögu minni, að ekki verði nú látin fram fara skrifleg kosning forseta sameinaðs Alþingis, heldur ákveðið, að forseti skuli vera hinn sami og á síðasta þingi, en til þess þarf afbrigði frá þingsköpum. Ég vil spyrja hæstv. stjórn, hvort hún leyfi þau afbrigði. — Hæstv. stjórn heimilar afbrigðin, og mun ég þá leita um þau atkvæða þingsins.

ATKVGR.

Afbrigði frá þingsköpum um, að tillagan mætti koma til meðferðar, samþ. með 37 shlj. atkv. og till. sjálf síðan samþ. með 37 shlj. atkv.

Samkv. þessari atkvgr. lýsti aldursforseti yfir því, að

**Haraldur Guðmundsson**, þm. Seyðf., tæki sæti forseta sameinaðs Alþingis. — Þm. Seyðf. gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórninni.

**Forseti (HG):** Ég legg til, að sá háttur verði einnig hafður um kosningu annarra embættismanna sameinaðs þings, að ákveðið verði, að þeir skuli vera hinir sömu sem á síðasta þingi. Til þess þarf afbrigði frá þingsköpum, og vil ég spyrja hæstv. stjórn, hvort hún leyfi þau afbrigði. — Afbrigðin eru leyfð, og vil ég þá biðja hv. þm. að greiða um þau atkv.

ATKVGR.

Afbrigði um, að tillagan mætti koma til meðferðar, samþ. með 39 shlj. atkv. og till. sjálf síðan samþ. með 39 shlj. atkv.

Samkvæmt þessari atkvgr. lýsti forseti yfir því, að sæti varaforseta og skrifara sameinaðs þings yrðu skipuð þannig:

Fyrri varaforseti:

**Pétur Ottesen**, þm. Borgf.

Annar varaforseti:

**Bjarni Ásgeirsson**, þm. Mýr.

Skrifarar:

**Bjarni Bjarnason**, 2. þm. Árn., og

**Jóhann Jósefsson**, þm. Vestm.

**Kosning fastanefnda.**

**Forseti (HG):** Þá vil ég og gera það að tillögu minni, að ákveðið verði í einu lagi, að allar inn-  
anþingsnefndir, sem sameinað Alþingi kýs, skuli  
skipaðar sömu mönnum, er sæti áttu í þeim,  
hverri um sig, á síðasta þingi, þar með taldar  
fastanefndir, sem ella hefði ekki átt að kjósa  
fyrir en á næsta fundi sameinaðs þings.

Út af því, að einn þeirra, er sæti áttu í kjör-  
bréfanefnd á síðasta þingi, Vilmundur Jónsson,  
hefur lagt niður þingmennsku, læt ég það felast  
í tillögu minni, að þingflokkur sá, er kaus hann  
í nefndina, eigi þess kost að tilnefna nefndar-  
mann í hans stað, ef þörf gerist.

Mun ég leita afbrigða frá þingsköpum um, að  
tillaga þessi koma til meðferðar, og spyrja  
hæstv. stjórn, hvort hún leyfi þau afbrigði. —  
Hæstv. stjórn heimilar afbrigðin, og mun ég þá  
leita um þau atkvæða þingmanna.

**ATKVGR.**

Afbrigðin samþ. með 36 shlj. atkv. og till. sjálf  
síðan samþ. með 39 shlj. atkv.

Samkv. þessari atkvgr. lýsti forseti yfir því,  
að nefndir í sameinuðu þingi yrðu svo skipaðar:

**Kjörbréfanefnd:**

Einar Árnason,  
Gísli Sveinsson,  
Þorsteinn Þorsteinsson,  
Bergur Jónsson,  
auk manns, sem Alþfl. kynni að tilnefna.

**Fjárveitinganefnd:**

Jónas Jónsson,  
Pétur Ottesen,  
Bjarni Bjarnason,  
Þorsteinn Þorsteinsson,  
Emil Jónsson,  
Sigurður E. Hliðar,  
Helgi Jónasson,  
Páll Hermannsson,  
Sigurður Kristjánsson.

**Allsherjarnefnd:**

Einar Árnason,  
Gísli Sveinsson,  
Jörundur Brynjólfsson,  
Árni Jónsson,

Finnur Jónsson,  
Þorsteinn Briem,  
Páll Zóphóniasson.

**Útanríkismálanefnd:****Aðalmenn:**

Bergur Jónsson,  
Magnús Jónsson,  
Bjarni Ásgeirsson,  
Jóhann Jósefsson,  
Ásgeir Ásgeirsson,  
Garðar Þorsteinsson,  
Jónas Jónsson.

**Varamenn:**

Gísli Guðmundsson,  
Ólafur Thors,  
Páll Zóphóniasson,  
Bjarni Snæbjörnsson,  
Haraldur Guðmundsson,  
Árni Jónsson,  
Pálmi Hannesson.

**Þingfararkaupsnefnd:**

Bergur Jónsson,  
Sigurður Kristjánsson,  
Páll Zóphóniasson,  
Sigurður E. Hliðar,  
Finnur Jónsson.

Síðan mælti

**forseti (HG):** Þá er störfum þingsetningar-  
fundar lokið. Nú setjast þingdeildir niður sam-  
kv. 7. gr. þingskapa. Þar sem meðferð máls þess,  
sem þingið hefur verið kvatt saman til þess að  
fjalla um, fer fram í sameinuðu þingi og ekki er  
vitað um nein mál, er koma til meðferðar í deild-  
um, en efrideildarsalurinn var hins vegar að  
loknu síðasta þingi tekinn til afnota handa ríkis-  
stjóra Íslands, þótti mega hlíta því um sinn, að  
báðar deildir notuðu þennan sal til fundahalda,  
og er ætlað til þess, að neðri deild eigi fund að  
þessum fundi loknum og síðan efri deild.

Næsti fundur í sameinuðu þingi verður háður  
að loknum fundi efri deildar, og verður tekin á  
dagskrá:

Till. til þál. um, að Bandaríkjum Norður-Ame-  
ríku fé falin hvernd Íslands, meðan núverandi  
stýrjöld stendur. (Pskj. 1.) — Hvernig ræða  
skuli. [Ef leyft verður.]

## B.

### Í neðri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fundur haldinn í neðri deild. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
4. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
5. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.
6. Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
7. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
8. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
9. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
10. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
11. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
12. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
13. Helgi Jónsson, 2. þm. Rang.
14. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
15. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.
16. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
17. Jóhann G. Möller, 6. þm. Reykv.
18. Jóhannes Jónsson, 4. (vara)þm. Reykv.
19. Jón Ívarsson, þm. A.-Sk.
20. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
21. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
22. Ólafur Thors, þm. G.-K.
23. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
24. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
25. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
26. Sigurður Kristjánsson, 5. þm. Reykv.
27. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
28. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.
29. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
30. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
31. Thor Thors, þm. Snæf.
32. Þorsteinn Briem, þm. Dal.

Voru deildarmenn allir á fundi nema þm. N.-Þ. og þm. Snæf., sem báðir voru ókomnir til þings. — Óskipað var sæti þm. N.-Ísf.

Fjármálaráðherra, Jakob Möller, aldursforseti deildarinnar, setti fundinn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Emil Jónsson, 6. landsk. þm., og Eirík Einarsson, 8. landsk. þm.

#### Kosning forseta og skrifara.

**Aldursforseti (JakM):** Ég legg til, að forseta-kosning fari að þessu sinni fram með þeim hætti,

að deildin ákveði með atkvæðagreiðslu, að forseti skuli vera hinn sami sem á síðasta þingi. Til þess að svo megi verða, þarf að leita afbrigða frá 7. gr. þingskapanna, og vil ég spyrja hæstv. stjórn, hvort hún leyfi, að tillagan megi koma til meðferðar. — Afbrigðin eru leyfð, og ber ég nú undir atkvæði deildarinnar, hvort hún samþykki.

#### ATKVGR.

Afbrigðin samþ. með 22 shlj. atkv. og till. sjálf síðan samþ. með 21 shlj. atkv.

**Aldursforseti (JakM):** Forseti deildarinnar á síðasta þingi var hv. 1. þm. Árn., **Jörundur Brynjólfsson**, og tekur hann sæti forseta deildarinnar samkvæmt þeirri atkvæðagreiðslu, sem nú hefur fram farið.

**Forseti (JörB):** Ég geri það að tillögu minni, að ákveðið verði á sama hátt, að báðir varaforsetar og skrifarar deildarinnar verði hinir sömu sem á síðasta þingi. Til þess að sú tillaga geti komið til meðferðar, þarf afbrigði frá þingskópum, og vil ég spyrja hæstv. stjórn, hvort hún leyfi þau afbrigði. — Afbrigðin eru leyfð, og verður þá borið undir atkvæði deildarinnar, hvort þeir samþykki afbrigðin.

#### ATKVGR.

Afbrigðin samþ. með 22 shlj. atkv. og till. sjálf síðan samþ. með 24 shlj. atkv.

**Forseti (JörB):** Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu skipa þessir menn sæti varaforseta og skrifara deildarinnar:

Fyrri varaforseti er Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk. Annar varaforseti Finnur Jónsson, þm. Ísaf. Skrifarar: Emil Jónsson, 6. landsk. þm., og Eirík Einarsson, 8. landsk. þm.

Óvíst er, að fleiri fundir verði háðir í deildinni á þessu aukapingi, en ef þess gerist þörf, verður næsti fundur boðaður með dagskrá.

## C.

### Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í neðri deild var fyrsti fundur efri deildar settur í neðrideildarsalnum.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
4. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
5. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
6. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.
7. Hermann Jónasson, þm. Str.
8. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
9. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
10. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
11. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.
12. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
13. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
14. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
15. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.
16. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.

Voru framangreindir þingmenn allir á fundi, nema 9. landsk. þm. og þm. S.-Þ., sem háðir voru ókomnir til þings.

Forsætisráðherra, Hermann Jónasson, setti fundinn og kvaddi elzta þingmann deildarinnar, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pál Hermannsson, 2. þm. N.-M., og Bjarna Snæbjörnsson, þm. Hafnf.

#### Kosning forseta og skrifara.

**Aldursforseti (IngP):** Ég vil gera það að tillögu minni, að vikið verði frá því ákvæði þingskapa að kjósa forseta deildarinnar skriflegri kosningu, heldur verði ákveðið með atkvæðagreiðslu, að forseti skuli vera hinn sami sem á síðasta þingi. Til þess að sú tillaga megi koma til meðferðar þarf afbrigði frá þingsköpum, og

vil ég spyrja hæstv. stjórn, hvort hún leyfi afbrigðin. — Afbrigðin eru leyfð, og mun ég þá bera undir deildina, hvort hún samþykki þau.

ATKVGR.

Afbrigðin samþ. með 10 shlj. atkv. og till. sjálf síðan samþ. með 11 shlj. atkv.

Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu lýsti aldursforseti yfir því, að

**Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,**  
tæki sæti forseta deildarinnar.

**Forseti (EÁrna):** Ég geri það að tillögu minni, að kosning annarra embættismanna deildarinnar fari fram með sama hætti sem forsetakosningin, þannig að ákveðið verði, að varaforsetar og skrifarar skuli vera hinir sömu sem á síðasta þingi. Ég vil spyrja hæstv. stjórn, hvort hún leyfi þau afbrigði frá þingsköpum, að tillaga þessi megi koma til atkvæða. — Afbrigðin eru leyfð, og ber ég þá undir deildina, hvort hún samþykki þau.

ATKVGR.

Afbrigðin samþ. með 11 shlj. atkv. og till. sjálf síðan samþ. með 11 shlj. atkv.

**Forseti (EÁrna):** Með atkvæðagreiðslu þessari er ákveðið, að varaforsetar og skrifarar deildarinnar verði sem hér segir:

Fyrri varaforseti: **Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.**

Annar varaforseti: **Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.**

Skrifarar: **Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M., og Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.**

Næsti fundur deildarinnar verður, ef til þess kemur, boðaður með dagskrá.

# Þingsályktunartillögur.

## 1. Hervernd Íslands.

Á 1. fundi í Sp., 9. júlí, var útbýtt:

Till. til þál. um, að Bandaríkjum Norður-Ameríku sé falin hervernd Íslands, meðan núverandi styrjöld stendur (A. 1).

Á 2. fundi í Sp., s. d., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 3. fundi í Sp., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá því, er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

**Forsrh. (Hermann Jónasson):** Áður en ég kem að máli því, sem liggur fyrir fundinum, vil ég tilkynna hv. þm., að öll l., sem síðasta Alþ. samþykkti, hafa verið staðfest í ríkisráðinu.

Alþingi hefur verið kvatt saman til þessa aukafundar vegna mikilsvarðandi atburða, sem þjóðinni hafa að höndum borið. Eins og yður er kunnugt, háttvirtu alþingismenn, komu Bandaríkjahersveitir til landsins síðastliðinn mánudag, og að kvöldi þess dags gaf forseti Bandaríkja Norður-Ameríku út yfirlýsingu, svo sem ráðgert hafði verið, um þessa herflutninga, og skýrði jafnframt opinberlega frá því samkomulagi, sem gert hefur verið milli ríkisstjórnar Íslands og forseta Bandaríkjanna um hervernd Íslands. Ríkisstjórnin taldi nauðsynlegt, þótt Alþingi hefði þá enn ekki komið saman til fundar, að ég flytti af hennar hálfu stutt ávarp í útvarpið, þar sem ég gerði þjóðinni grein fyrir samkomulaginu við Bandaríkin, að Bandaríkjaher væri kominn til landsins, og læsi jafnframt upp orðsendingar, sem farið höfðu milli mín af hálfu ríkisstjórnar Íslands og forseta Bandaríkjanna. Þetta gerði ég klukkan 10 síðastliðið mánudagskvöld, en gat þess þá jafnframt, að ríkisstjórnin mundi gera nánari grein fyrir samningum þeim, sem gerðir hafa verið, aðdraganda þeirra og þeim rökum, sem til þess liggja, að ríkisstjórnin tók þá ákvörðun, sem yður er kunn og ég kem síðar að. Enn fremur gat ég þess, að ríkisstjórnin mundi hér á þessum vettvangi gera grein fyrir því, hvers vegna ekki var unnt að kalla Alþingi saman til fundar fyrr en gert hefur verið.

Eins og oss öllum er í fersku minni, var Alþingi slitið 17. júní síðastl. Það var sjö dögum síðar, eða 24. júní síðastl., að brezki sendiherrann í Reykjavík óskaði eftir samtali, sem hann taldi mjög aðkallandi og mikilsvert. Þetta samtal fór fram hinn sama dag. Efni þessa samtals var í aðalatriðum þess efnis, að aðstæður í styrjöldinni hefðu gerbreytt þá síðustu dagana, og að brezku hersveitanna, sem hér væru, væri þörf annars staðar. Þær mundu því verða fluttar héðan alveg á næstunni að meira eða minna leyti. Brezki sendiherrann lagði jafnframt áherzlu á, að Ísland væri svo þjóðingarmikið í þeirri styrjöld, sem nú geisar, að það gæti undir engum kringumstæðum verið óvarið. Hann vakti athygli á þeirri yfirlýsingu forseta Bandaríkjanna, að hann yrði að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja öryggi vesturhvels jarðar, og ein af þeim ráðstöfunum væri að aðstoða við hervernd Íslands meðan stórveldastyrjöldin varir. Forseti Bandaríkjanna væri því fús til að senda hingað til lands, þegar í stað, hersveitir frá Bandaríkjunum til þess að auka vernd Íslands og síðar takast á hendur þessa vernd í stað hinna brezku hersveita, sem nú dvelja hér á landi. — Hins vegar mundi forsetinn ekki telja sér þetta fært, nema tilmæli kæmu til hans frá íslenzku ríkisstjórninni. Brezki sendiherrann kvað ríkisstjórn sína hafa falið sér að ræða þetta mál við forsætisráðherra Íslands og leggja á það hina rikustu áherzlu, að íslenzka ríkisstjórnin bæri fram áður nefnd tilmæli við forseta Bandaríkjanna, og að mál þetta væri svo aðkallandi, að svar væri nauðsynlegt allra næstu daga.

Ég kem síðar að því, hvernig ríkisstj. svaraði þessari málaleitun og hvaða rök hún telur liggja til þess svars, er hún veitti, en það, sem ég tel mér af hálfu ríkisstj. skyldast að gera fyrst af öllu grein fyrir hér, frammi fyrir hinu háa Alþingi, er, hvers vegna það var ekki þegar kvatt saman til fundar til þess að ræða þetta mál, áður en nokkur svör væru veitt. Ég veit, að þér, háttvirtu alþingismenn, getið sett yður í þau spor vor ráðherranna, að oss var ekki ljúft að taka ákvörðun í þessu mjög mikilsverða máli, án þess að kalla Alþingi saman til fundar og óska eftir, að það léti í ljós vilja sinn um, hvað gera skyldi. Ég átti því á ný samtal við sendiherrann um nauðsyn þess að kalla Alþingi saman til fundar, en hann taldi það útilokað og færði til þess rök, er ég tel stærk og kem brátt að. Enn

áttum við fjórir ráðherrarnir samtali við sendiherrann um þetta atriði,<sup>1)</sup> og var svar hans á sama veg. — Ég held, að þetta verði bezt skýrt með því að taka orðrétt upp kafla úr samtali brezka sendiherrans við mig 24. f. m. Samtalið afhenti sendiherrann mér jafnframt skriflega. Þessi kaflar er þannig:

„... Ég býst ekki við, að mér verði gefið svar í dag, en ég bið yður um að gera svo vel að láta mig fá að vita um ákvörðun yðar eins fljótt og mögulegt er. ... Það er mjög mikilvægt, að eins litill tími og mögulegt er fari til spillis. ... Það er mjög ábyrgðarmikil ákvörðun, sem þér verðið að taka í þessu máli, og þér munuð að sjálf-sögðu óska þess að ráðgast við hina ráðherrana í ríkisstjórninni, en eins verð ég að krefjast, og það er, að hvorki þér né starfsbræður yðar gefi út neina opinbera yfirlýsingu um þessa orðsendingu mína og láti hana ekki berast út fyrir veggir ráðherrahebergisins. Ástæðan fyrir þessu er auðskilin. Ef almenningur fengi vitneskju um þetta, eða málið yrði rætt opinberlega, er nærri vist, að fregnir um það mundu berast til Þýskalands, og mundi það nærri því áreiðanlega hafa í för með sér, að óvinirnir réðust á landið og á ameríska herliðið meðan það væri enn úti á sjó. Þér getið engan veginn óskað þess, að slíkt komi fyrir, og get ég sagt yður, að ég hef ekki nefnt þetta mál á nafn við neinn, nema nánustu starfsmenn mína, og það aðeins við tvo þeirra.“

Ég vona, að hið háa Alþingi geti verið ríkisstjórninni sammála um það, að þótt sú ábyrgð væri mikil, sem hún tók á sig með því að svara málaleitun sendiherrans, án þess að ráðfæra sig við Alþingi, hefði sú ábyrgð verið stórum meiri, og ég þori að segja þyngri en svo, að ríkisstjórnin gæti tekið hana á sínar herðar, að kalla Alþingi saman til fundar til þess að ræða þetta mál, eins og á stóð. Þess vegna, og eingöngu vegna þess, valdi ríkisstjórnin þá leið, sem ein var fær og yður er kunn, að svara án þess að ræða málið á Alþingi. En Alþingi var kvatt samán jafnskjótt og fært þótti vegna hættunnar.

Það er eftirtektarvert, eins og ég sagði áðan, að það var sjö dögum eftir að Alþingi var slitið, að þetta vandamál bar að höndum, og alla næstu daga og oft fram á nætur sat ríkisstjórnin á stöðugum fundum til þess að ræða þessi mál. Sömu dagana og kosningabaráttan átti að standa allra hæst, og sama daginn og kosningar áttu að fara fram, ef þeim hefði ekki verið frestað, varð ríkisstjórnin að ráða fram úr þessu vandamáli.

Þó að ríkisstjórnin tæki ein þá ákvörðun, sem tekin var, og beri ábyrgð á henni, óskaði hún þess við hæstvirtan ríkisstjóra, að hann, vegna þess hve sérstakt og mikilvægt það málefni er, sem ræða varð og taka ákvörðun um, stjórnaði þeim fundum, sem haldnir voru til að ræða málið. Taldi hæstvirtur ríkisstjóri það eðlilegt, að sú málsmeðferð yrði við höfð eins og á stóð, og varð því fúslega við þeim tilmælum.

Eftir að tilmæli sendiherrans höfðu verið rædd svo ýtarlega sem fäng voru á, tók ríkisstjórnin ákvörðun og svaraði í aðalatriðum, og eftir

1) Fjmrh. var ekki viðstaddur í það sinn.

nokkra viðræðufundi ríkisstjórnarinnar og brezka sendiherrans varð orðsendingin til forseta Bandaríkjastjórnar á þann veg, sem skýrt hefur verið frá í útvarpi og blöðum.

Vil ég þó leyfa mér að lesa orðsendinguna upp orðrétt í íslenskri þýðingu, eftir að sú þýðing, sem og aðrar þýðingar, er ég síðar les, hafa verið bornar mjög nákvæmlega saman við hina ensku texta:

„Orðsending forsætisráðherra Íslands til forseta Bandaríkja Ameríku.

Í samtali þann 24. júní skýrði brezka sendiherrann frá því, að þörf væri fyrir brezka herliðið á Íslandi annars staðar. Jafnframt lagði hann áherzlu á, hve afar mikilvægt það væri, að Ísland væri nægilega vel varið. Hann dró einnig athygli að yfirlýsingu forseta Bandaríkjanna þess efnis, að hann yrði að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi þjóða þeirra, sem á vesturhvelinu eru, — og væri ein af þeim ráðstöfunum sú, að veita aðstoð til að verja Ísland —, og að forsetinn sé því reiðubúinn til að senda hingað tafarlaust herliði frá Bandaríkjunum til að auka og koma síðar í stað brezka hersins hér. En að hann álitir, að hann geti ekki farið þessa leið, nema samkvæmt tilmælum íslensku ríkisstjórnarinnar.

Eftir vandlega ihugun á öllum aðstæðum og með tilliti til núverandi ástands, fellst íslenska ríkisstjórnin á, að þessi ráðstöfun sé í samræmi við hagsmuni Íslands og er þess vegna reiðubúin til að fela Bandaríkjunum vernd Íslands með eftirfarandi skilyrðum:

(1) Bandaríkin skuldbinda sig til að hverfa burtu af Íslandi með allan herafli sinn á landi, í lofti og á sjó, undireins og núverandi ófriði er lokið.

(2) Bandaríkin skuldbinda sig enn fremur til að viðurkenna algert frelsi og fullveldi Íslands og að beita öllum áhrifum sínum við þau ríki, er standa að friðarsamningunum, að loknum núverandi ófriði, til þess, að friðarsamningarnir viðurkenni einnig algert frelsi og fullveldi Íslands.

(3) Bandaríkin lofa að hlutast ekki til um stjórn Íslands, hvorki meðan herafli þeirra er hér í landinu né síðar.

(4) Bandaríkin skuldbinda sig til að haga vörnum landsins þannig, að þær veiti íbúum þess eins mikið öryggi og frekast er unnt, og að þeir verði fyrir sem minnstum truflunum af völdum hernaðaraðgerða, og séu þær gerðar í samráði við íslensk stjórnarvöld að svo miklu leyti, sem mögulegt er. Vegna fólksfæðar Íslands og hættu þeirrar, sem þjóðinni stafar þar af leiðandi af návist fjölmenns herafli, verður einnig að gæta þess vandlega, að einungis úrvalslið verði sent hingað. Hernaðaryfirvöldunum ætti einnig að vera gefin fyrirmæli um að hafa í huga, að Íslendingar hafa ekki vanizt vopnaburði öldum saman og að þeir eru með öllu óvanir heraga, og skal umgengni herliðsins gagnvart íbúum landsins hagað í samræmi við það.

(5) Bandaríkin taka að sér varnir landsins, Íslandi að kostnaðarlausu, og lofa að bæta hvert

það tjón, sem íbúarnir verða fyrir af völdum hernaðaraðgerða þeirra.

(6) Bandaríkin skuldbinda sig til að styðja að hagsmunum Íslands á allan hátt, sem í þeirra valdi stendur, þar með talið að sjá landinu fyrir nægum nauðsynjavörum, tryggja nauðsynlegar siglingar til landsins og frá því og að gera í öðru tilliti hagstæða verzlunar- og viðskipta-samninga við það.

(7) Íslenska ríkisstjórnin væntir þess, að yfirlýsing sú, sem forseti Bandaríkjanna gefur í þessu sambandi, verði í samræmi við þessar forsendur af hálfu Íslands, og þætti ríkisstjórninni það mikils virði að vera gefið tækifæri til að kynna sér orðalag yfirlýsingar þessarar, áður en hún er gefin opinberlega.

(8) Af hálfu Íslands er það talið sjálfsagt, að ef Bandaríkin takast á hendur varnir landsins, þá hljóti þær að verða eins öflugar og nauðsyn getur frekast krafizt, og einkum er þess vænt, að þegar í upphafi verði, að svo miklu leyti sem unnt er, gerðar ráðstafanir til að forðast allar sérstakar hættur í sambandi við skiptin. Íslenska ríkisstjórnin leggur sérstaka áherzlu á, að nægar flugvélar séu til varnar, hvar sem þörf krefur og hægt er að koma þeim við, jafnskjótt og ákvörðun er tekin um, að Bandaríkin takist á hendur varnir landsins.

Þessi ákvörðun er tekin af Íslands hálfu sem algerlega frjáls og fullvalda ríkis, og það er álitíð sjálfsagt, að Bandaríkin viðurkenni þegar frá upphafi þessa réttarstöðu Íslands, enda skiptist bæði ríkin strax á diplomatiskum sendimönnum.

En jafnframt átti ég samtal við sendiherra Bretaveldis um þau atriði málsins, er við koma sambúð og viðskiptum Íslendinga og hins brezka veldis, og afhenti honum samtímis þar um skriflega orðsendingu til brezku ríkisstjórnarinnar. Sú orðsending er þannig, einnig í nákvæmri íslenskri þýðingu:

„Orðsending frá forsætisráðherra Íslands til brezka sendiherrans í Reykjavík.

Íslenska ríkisstjórnin vill fyrir hönd Íslands setja fram eftirfarandi skilmála að því er snertir Bretland:

1) Bretland skuldbindur sig til að viðurkenna algert frelsi og fullveldi Íslands og sjá til þess, að ekki verði gengið á rétt þess í friðarsamningunum né á nokkurn hátt að ófriðnum loknum.

2) Bretland skuldbindur sig til að hverfa burtu héðan af landinu með allan heraflla sinn jafn-skjótt og flutningi Bandaríkjalíðsins er svo langt komið, að hernaðarlegur styrkur þess er nægilegur til að verja landið, enda verði vörnum landsins þannig hagað á meðan á skiptunum stendur, að þær verði aldrei minni en þær eru nú.

3) Að því er snertir verzlunar- og viðskipta-samband Bretlands og Íslands, þá þiggur ríkisstjórn Íslands þakksamlega það boð brezku ríkisstjórnarinnar, að hún muni ekki draga úr, heldur fremur auka stuðning sinn við viðskipti Íslands jafnframt því, sem hún muni styðja hagsmuni þess að öðru leyti. Íslenska ríkisstjórnin vill um leið vekja athygli á því, að hinar breyttu aðstæður hljóti óhjákvæmlega að leiða til end-

urskoðunar á brezk-íslenska verzlunarsamningnum og að breytt verði ýmsum skuldbindingum af Íslands hálfu samkvæmt þessum samningi, einkum greinunum um eftirlit með innflutningi og gjaldeyri.

4) Það eru ákveðin tilmæli íslenzku ríkisstjórnarinnar, að ríkisstjórn Bretlands láti undireins lausa og sendi heim til Íslands alla þá íslenska ríkisborgara, sem eru í haldi í Bretlandi og teknir hafa verið höndum og fluttir þangað.

5) Í öðru tilliti er það álitíð sjálfsagt, að Bretland breyti ekki að neinu leyti yfirlýsingu þeirri um frelsi og fullveldi Íslands, sem það hefur þegar gefið, og að bæði ríkin haldi áfram að skiptast á diplomatiskum sendimönnum, enda álitur íslenska ríkisstjórnin það bezt, að þeir sendimenn, sem nú eru, verði látnir vera áfram að svo stöddu.“

Endanleg svör við þessum orðsendingum móttók ríkisstjórnin hinn 1. júlí síðastliðinn. Leyfi ég mér að lesa hér upp íslenska texta orðsendingar forseta Bandaríkjanna til forsætisráðherra Íslands:

„Orðsending forseta Bandaríkjanna í Ameríku til forsætisráðherra Íslands:

Ég hef tekið á móti orðsendingu yðar, þar sem þér tilkynnið mér, að íslenska ríkisstjórnin fallist á, eftir að hafa ihugað vandlega allar aðstæður og að með tilliti til núverandi ástands sé það í samræmi við hagsmuni Íslands, að sendar séu þangað Bandaríkjahersveitir til aukningar og síðar til að koma í stað brezka herliðsins, sem þar er nú, og að íslenska ríkisstjórnin sé þess vegna reiðubúin að fela Bandaríkjunum varnir Íslands með eftirfarandi skilyrðum:

1) Bandaríkin skuldbinda sig til að hverfa burtu af Íslandi með allan heraflla sinn á landi, í lofti og á sjó, undireins og núverandi ófriði er lokið.

2) Bandaríkin skuldbinda sig enn fremur til að viðurkenna algert frelsi og fullveldi Íslands og að beita öllum áhrifum sínum við þau ríki, er standa að friðarsamningunum, að loknum núverandi ófriði, til þess, að friðarsamningarnir viðurkenni einnig algert frelsi og fullveldi Íslands.

3) Bandaríkin lofa að hlutast ekki til um stjórn Íslands, hvorki meðan heraflli þeirra er í landinu né síðar.

4) Bandaríkin skuldbinda sig til að haga vörnum landsins þannig, að þær veiti íbúum þess eins mikið öryggi og frekast er unnt, og að þeir verði fyrir sem minnstum trúflunum af völdum hernaðaraðgerða, og séu þær gerðar í samráði við íslensk stjórnarvöld að svo miklu leyti sem mögulegt er. Vegna fólksfæðar Íslands og hættu þeirrar, sem þjóðinni stafar þar af leiðandi af návist fjölmenns heraflla, verður einnig að gæta þess vandlega, að einungis úrvalslíð verði sent þangað. Herraðaryfirvöldunum ætti einnig að vera gefin fyrirsmæli um að hafa í huga, að Íslendingar hafa ekki vanizt vopnaburði öldum saman og að þeir eru með öllu óvanir heraga, og skal umgengni herliðs-



ins gagnvart íbúum landsins hagað í samræmi við það.

5) Bandaríkin taka að sér varnir landsins, Íslandi að kostnaðarlausu, og lofa að bæta hvert það tjón, sem íbúarnir verða fyrir af völdum hernaðaraðgerða þeirra.

6) Bandaríkin skuldbinda sig til að styðja að hagsmunum Íslands á allan hátt, sem í þeirra valdi stendur, þar með talið að sjá landinu fyrir nægum nauðsynjavörum, tryggja nauðsynlegar siglingar til landsins og frá því og að gera í öðru tilliti hagstæða verzlunar- og viðskiptasamninga við það.

7) Íslenska ríkisstjórnin væntir þess, að yfirlýsing sú, sem forseti Bandaríkjanna gefur í þessu sambandi, verði í samræmi við þessar forsendur af hálfu Íslands, og þætti ríkisstjórninni það mikils virði að vera gefið tækifæri til að kynna sér orðalag yfirlýsingar þessarar, áður en hún er gefin opinberlega.

8) Af hálfu Íslands er það talið sjálfsagt, að ef Bandaríkin takast á hendur varnir landsins, þá hljóti þær að verða eins öflugar og nauðsyn getur frekast krafizt, og einkum er þess vænt, að þegar í upphafi verði, að svo miklu leyti sem unnt er, gerðar ráðstafanir til að forðast allar sérstakar hættur í sambandi við skiptin. Íslenska ríkisstjórnin leggur sérstaka áherzlu á, að nærar flugvélar séu til varnar, hvar sem þörf krefur og hægt er að koma þeim við, jafnskjótt og ákvörðun er tekin um, að Bandaríkin takist á hendur varnir landsins.

Þér takið enn fremur fram, að þessi ákvörðun sé tekin af Íslands hálfu sem algerlega frjáls og fullvalda ríkis, og að það sé álitíð sjálfsagt, að Bandaríkin viðurkenni þegar frá upphafi þessa réttarstöðu Íslands, enda skiptist bæði ríkin strax á diplomatiskum sendimönnum.

Mér er það ánægja að staðfesta hér með við yður, að skilyrði þau, sem sett eru fram í orðsendingu yðar, er ég hef nú mótttekið, eru fyllilega aðgengileg fyrir ríkisstjórn Bandaríkjanna og að skilyrða þessara mun verða gætt í viðskiptunum milli Bandaríkjanna og Íslands. Ég vil enn fremur taka það fram, að mér mun verða ánægja að fara fram á samþykki Samveldapingsins (Congress) til þess, að skipzt verði á diplomatiskum sendimönnum milli landa okkar.

Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnar Bandaríkjanna að ganga í lið með öðrum þjóðum á vesturhveli jarðar til að verja nýja heiminn gegn hvers konar árasartilraunum. Það er skoðun þessarar ríkisstjórnar, að það sé mikilvægt, að varðveitt sé frelsi og sjálfstæði Íslands, vegna þess, að hernám Íslands af hálfu ríkis, sem sýnt hefur, að það hefur á stefnuskrá sinni augljós áform um að ná heimsyfirráðum og þar með einnig yfirráðum yfir þjóðum nýja heimsins, mundi strax beinlínis ógna öryggi allra þjóða á vesturhvelinu.

Það er af þessari ástæðu, að ríkisstjórn Bandaríkjanna mun, samkvæmt orðsendingu yðar, strax senda herafla til að auka og síðar koma í stað brezka herliðsins, sem þar er nú.

Þær ráðstafanir, sem þannig eru gerðar af hálfu ríkisstjórnar Bandaríkjanna, eru gerðar með fullri viðurkenningu á fullveldi og sjálf-

stæði Íslands og með þeim fulla skilningi, að amerískt herlið eða sjóher, sem sendur er til Íslands, skuli ekki á nokkurn hinn minnsta hátt hlutast til um innanlandsmáfni íslensku þjóðarinnar, og enn fremur með þeim skilningi, að strax og núverandi hættuástandi í milliríkjavíðskiptum er lokið, skuli allur slíkur herafla og sjóher látinn hverfa á brott þaðan, svo að íslenska þjóðin og ríkisstjórn hennar ráði algerlega yfir sínu eigin landi.

Íslenska þjóðin skipar virðulegan sess meðal lýðræðisríkja heimsins, þar sem frjálsræðið og einstaklingsfrelsið á sér sögulegar minningar, sem eru meira en þúsund ára gamlar. Það er því enn þá betur viðeigandi, að um leið og ríkisstjórn Bandaríkjanna tekst á hendur að gera þessa ráðstöfun til að varðveita frelsi og öryggi lýðræðisríkjanna í nýja heiminum, skuli hún jafnframt, samkvæmt orðsendingu yðar, verða þess heiðurs aðnjótandi að eiga á þennan hátt samvinnu við ríkisstjórn yðar um varnir hins sögulega lýðræðisríkis, Íslands.

Ég sendi þessa orðsendingu til ríkisstjórnar allra hinna þjóðanna á vesturhvelinu, svo að þær fái vitneskju um, hvað um er að vera.“

Svör sendiherra Breta við orðsendingunni til brezku ríkisstjórnarinnar voru, að brezka ríkisstjórnin féllist á hana í öllum atriðum, og hef ég fengið þau svör staðfest með bréfi, sem er þannig í íslenskri þýðingu:

„8. júlí 1941.

Herra forsætisráðherra,

Þegar ég ræddi við yður þann 24. júní\*) um það, að Bandaríki Ameríku tækju að sér varnir Íslands, svörðuð þér mér því, að samþykki íslensku ríkisstjórnarinnar væri háð eftir farandi skilmálum að því er snertir Bretland:

1) Bretland lofar að viðurkenna algert frelsi og fullveldi Íslands og að sjá til þess, að ekki verði gengið á rétt þess í friðarsamningunum né á nokkurn annan hátt að ófriðnum loknum.

2) Bretland lofar að hverfa burtu héðan af landinu með allan herafla sinn jafnskjótt og flutningi Bandaríkjaliðsins er svo langt komið, að hernaðarlegur styrkur þess er nægilegur til að verja landið, enda verði vörnum landsins þannig hagað á meðan á skiptunum stendur, að þær verði aldrei minni en þær eru nú.

3) Að því er snertir verzlunar- og viðskiptasambönd Bretlands og Íslands, þá þiggur ríkisstjórn Íslands þakksamlega það boð brezku ríkisstjórnarinnar, að hún muni ekki draga úr, heldur auka stuðning sinn við viðskipti Íslands, jafnframt því, sem hún muni styðja hagsmunum þess að öðru leyti. Íslenska ríkisstjórnin vill um leið vekja athygli á því, að hinar breyttu ástæður hljóti óhjákvæmilega að leiða til endurskoðunar á brezk-íslenska viðskiptasamningnum, og að breytt verði ýmsum skuldbindingum af Íslands hálfu samkvæmt þessum samningi, einkum greinum um eftirlit með innflutningi og gjaldeyri.

4) Það eru ákveðin tilmæli íslensku ríkis-

\*) Hér verð ég að geta þess, að þessi samtöl fóru fram 27. og 28. júní.

stjórnarinnar, að ríkisstjórn Bretlands láti undir eins lausa og sendi heim til Íslands alla þá íslenska ríkisborgara, sem eru í haldi í Bretlandi, teknir hafa verið höndum og fluttir þangað.

5) Í öðru tilliti er það álitid sjálfsgagt, að Bretland breyti ekki að neinu leyti yfirlýsingu þeirri um frelsi og fullveldi Íslands, sem það hefur þegar gefið, og að bæði ríkin haldi áfram að skiptast á diplomatiskum sendimönnum, enda álitur íslenska ríkisstjórnin það bezt, að þeir sendimenn, sem nú eru, verði látnir vera áfram að svo stöddu.

Ég hef þegar skýrt yður munnlega frá, samkvæmt fyrirhagi ríkisstjórnar minnar, að hún samþykkir þessa skilmála, og mér er ánægja að staðfesta þetta bréflaga hér með.“

Ég hef nú, háttvirtir alþingismenn, gert yður nákvæma grein fyrir aðdraganda þessa máls, hvers vegna ekki var unnt að kalla Alþingi saman til funda, hvernig máli þessu lauk með samkomulagi um að Bandaríkin takist á hendur með tilteknum skilyrðum hervernd Íslands, meðan stórveldastyrjöldin varir, og að Bretar gangast jafnframt undir viss skilyrði gagnvart Íslandi í sambandi við þetta mál.

Ég er nú kominn að þeim kafla greinargerðar minnar, þar sem ég á hálfu ríkisstjórnarinnar mun færa fram nokkur rök fyrir því, hvers vegna hún taldi það rétt að gera það, sem hún hefur gert og var öll algerlega á einu máli um.

Sá kostur, sem vér Íslendingar mundum helzt hafa kosið og kjósum oss til handa, hefur verið og er að fá að lifa í voru landi óáreittir af öllum hernaðaraðgerðum annarra þjóða. Þetta höfum vér lengi vonað, að mætti takast, og þennan kost teljum vér svo miklu betri en alla aðra, að við hann þola engin önnur úrræði neinn samanburð.

En vér höfum orðið þess varir, þannig að ekki verður um það villzt, að Ísland er hernaðarlega svo mikilvægt, að þessar heitustu óskir vorar eru óframkvæmanlegar. Þessa staðreynd verðum vér að sjá og skilja.

Vegna þess hvað Ísland er þýðingarmikið í þeim ófriði, sem nú geisar, er það augljóst, að hernaðarleg afskipti af landinu verða ekki umflúin, — að herveldi taki sér hér hölfestu og hafi landið undir sinni vernd. Þetta gildir ekki aðeins Ísland. Það hefur komið í ljós á óyggjandi hátt, að smáriki, sem hafa hernaðarlega þýðingu, og það eins þótt þau hafi tillölulega sterkar hervarnir, geta ekki, eða réttara sagt fá ekki að vera án herverndar einhvers stórveldis í þessari styrjöld.

Þessi afleiðing núverandi styrjaldar nær einnig til vor, — hjá hernaðarlegri vernd einhvers stórveldis verður, af þeim ástæðum, sem nú voru greindar, ekki komið.

Af ummælum sendiherra Breta er auðsætt, að brezka ríkisstjórnin telur svo aðkallandi þörf fyrir brezku hersveitirnar annars staðar en hér á landi, að hún hefði talið óhjákvæmilegt að flytja þær að meira eða minna leyti héðan og veikja með því varnir sínar á Íslandi. Með því telur íslenska ríkisstjórnin, að hættan á hern-

aðarlegum átökum á Íslandi og kringum það hefði aukizt verulega. Veik vörn virðist þjóða hættunni heim. En með því að ekki virðist verða komið hjá hervernd fyrir þetta land, liggur í augum uppi, að því sterkari sem þær varnir eru, því minni megi telja líkur til þess, að til hernaðarátaka komi í landinu eða kringum það, og þess vegna sé sterk hervernd sá bezti kostur, sem vér Íslendingar eigum um að velja, svo sem málum er nú háttað.

Ísland er eyland í Atlantshafi; það er, eins og það er orðað, á áhrifasvæði þeirra stórvelda, sem sterkust eru á þessu hafi, Bretlands og Bandaríkjanna. Bretland telur sig, samkvæmt yfirlýsingu brezka sendiherrans, verða að draga úr hervörnum sínum hér á landi. Af því er auðsætt, að það sjóveldi eitt, sem getur veitt okkur sterkasta hervernd, þann bezta kost, sem okkur er eftir skilinn, eru Bandaríkin. Af þessum ástæðum tók ríkisstjórnin þá ákvörðun, sem ég hef gert grein fyrir, að fela Bandaríkjunum hervernd Íslands, og hún leggur á það áherzlu, sbr. 8. lið orðsendingarinnar, m. a., að herverndin sé nægilega sterk.

Ríkisstjórnin telur, að þessi ákvörðun sé, eins og hún og segir í orðsendingunni, í bezta samræmi við hagsmuni Íslands, eins og nú er komið.

Það hlaut einnig að ráða miklu um þá niðurstöðu, sem í þessu máli varð, að með því að fela Bandaríkjunum Norður-Ameríku hervernd Íslands, er hún í höndum stórveldis, sem ekki er í styrjöld, í stað Englands, sem er aðili í ófriðnum, hernam landið fyrir rúmu ári, hefur dvalið hér síðan, en flytur nú her sinn burt af landinu.

Það má enn fremur taka það fram, að Ísland hvorki getur né óskar þess að hafa annað en sem vinsamlegasta sambúð og viðskipti við þessi tvö stórveldi, Bandaríkin og Bretland. Þessi stórveldi eru bæði reynd að langri vináttu og vinsamlegum samskiptum við íslensku þjóðina. Vegna legu landsins er það, eins og ég áðan sagði, áhrifasvæði þeirra og á, svo sem nú er komið, eins mikið og nokkurt annað land undir því, að þessi vinsamlegu viðskipti geti haldizt.

Ríkisstjórnin taldi, að jafnhliða því, sem hún fól Bandaríkjunum hervernd Íslands, væri nauðsynlegt að setja fram skilyrði, sem markaði skýrt, á hvaða forsendum samkomulagið um herverndina er reist.

Ég vík hér að þeim skilyrðum, sem sett voru fram gagnvart stjórn Bretlands. Ríkisstjórnin taldi nauðsyn að fá það staðfest, að þótt samkomulag væri gert við Bandaríkin, féllu ekki niður né á nokkurn hátt yrði dregið úr þeim loforðum, sem brezka ríkisstjórnin hefur gefið íslensku ríkisstjórninni í sambandi við hernám landsins. Þetta hefur brezka ríkisstjórnin staðfest, og þá m. a., að Bretland muni halda áfram hér eftir sem hingað til að styðja viðskipti Íslands og jafnframt styðja hagsmuni þess að öðru leyti. Þetta muni frekar aukid en úr því dregið. — Þá er á það bent af Íslands hálfu, að breyta þurfi nokkrum atriðum í brezk-íslenska viðskiptasamkomulaginu, einkum greinum um eftirlit með innflutningi og gjaldeyri.

Enn lofar Bretland því að flytja herafra sinn héðan, því að það þótti mikilsvært, að herir

beggja þjóðanna dveldu ekki í landinu lengur en nauðsyn bæri til.

Af Íslands hálfu er þess og eindregið óskað, að ríkisstjórn Bretlands láti undireins lausa og sendi heim til Íslands þá íslenska ríkisborgara, sem nú eru í haldi í Bretlandi, og hefur sendiherra Breta í sérstöku samtali við mig í gær á ný staðfest, að orðið verði við þeirri ósk.

Enn fremur lofar Bretland, auk þess að staðfesta þá yfirlýsingu, sem það hefur áður gefið um frelsi Íslands og fullveldi, að skuldbinda sig til að viðurkenna algert frelsi og fullveldi Íslands og sjá til þess, að ekki verði gengið á rétt þess í friðarsamningum né á nokkurn hátt að ófriðnum loknum.

Hefur íslenska ríkisstjórnin þannig loforð þessara tveggja miklu stórvelda um fullt frelsi og fullveldi Íslands nú, og einnig við þá friðarsamninga, sem gerðir verða að ófriðnum loknum.

Þá er að lokum svo ákveðið, að Ísland og Bretland haldi áfram að skiptast á diplomatiskum sendimönnum, og það verði hinir sömu menn að svo stöddu. Telur ríkisstjórnin það mikilvert.

Þau loforð, sem gefin hafa verið af hálfu Bandaríkjanna, hafa verið birt. Þau munuð þér, háttvirtu alþingismenn, hafa grandskoðað og athugað efni þeirra.

Þessi loforð eru efnislega mikilvæg. Og jafnt og vér höfum fyllilega treyst og treystum loforðum Bretlands, treystum vér loforðum Bandaríkjanna. Bæði þessi stórveldi leggja mikla áherzlu á orðheldni í loforðum og samningum milli þjóða, og þau hafa sýnt, að þau virða þessa reglu engu síður í samskiptum sínum við smáþjódir.

Brezki herinn var óvelkominn til þessa lands, allur her var og er oss mjög ógeðfældur í landi voru. Vér vonuðum að fá að lifa hér óáreittir. Vér vissum það, að Bretar eru ein af fremstu menningarþjóðum veraldar, en í sannleika sagt væntum vér þess þó engan veginn, að dvöl hersins í landinu og sambúð hans við þjóðina yrði jafnvandræðalítill almennt og raun hefur orðið á. En nú get ég sagt það, þegar hinar brezku hersveitir eru að fara héðan, að ég tel, að með framkomu hinna fjölmennu brezku hersveita hafi brezka þjóðin enn einu sinni sýnt það, hvað drenglund og þrúðmennska er henni almennt í blóð borin. Og ég er viss um, að þetta verður lengi munað meðal hinnar íslensku þjóðar.

Vér Íslendingar treystum því, að framkoma hersveita hins völduga menningarrikis í Vesturálfu verði þannig, að íslenska þjóðin megi vel við una, jafnframt því, sem brýna verður það fyrir sérhverjum góðum Íslendingi að haga svo framkomu sinni allri við herinn, að hvorki skorti á þrúðmennsku né virðulega drenglund. Það er skylda okkar gagnvart hersveitum þess stórveldis, sem hefur tekið að sér hvernd landsins. En engu síður en áður þér þó að gæta þess, að öll mök við þennan her, öll afskipti af honum framfar því, sem nauðsynleg samskipti og eðlileg krefjast, eru til hins verra.

Á þessum stað ræði ég ekki þessa hlið málsins nánar. En sambúð hersins og þjóðarinnar,

hvernig þeirri sambúð tekst að haga, er eitt allra mikilsvæðasta atriðið í sambandi við þetta mál. Hér er stórt verkefni, sem ríkisstjórn, blóð, útvarp, íslensk kirkja, stofnanir og félög þurfa að hafa samtök um, að fari sem best úr hendi. Það getur vissulega skipt ekki litlu máli fyrir þjóðina, hvernig hér til tekst.

Háttvirtu alþingismenn! Á undanförunum árum hefur næsta oft þurft að taka alveg óvenjulegar og mikilvægar ákvarðanir. Þó var mér og er það ljóst, að ákvörðun í þessu máli er alvarlegri og þýðingarmeiri en ef til vill nokkur önnur, sem íslensk ríkisstjórn hefur tekið. Ég get fullvissað ykkur um, að ríkisstjórnin íhugaði þetta mál og athugaði gaumgæfilega frá öllum hliðum, áður en hún veitti þau svör, er ég hef skýrt yður frá. Það er hvert orð valið eftir aðstæðum og meint, þegar ríkisstjórnin segir í orðsendingu sinni til forseta Bandaríkjanna: „Eftir vandlega íhugun á öllum aðstæðum og með tilliti til núverandi ástands fellst íslenska ríkisstjórnin á, að þessi ráðstöfun sé í samræmi við hagsmunum Íslands, og er þess vegna reiðubúin til að fela Bandaríkjunum vernd Íslands.“

Ég get sagt það fyrir sjálfan mig, og ég hygg fyrir hönd allra ráðherranna, að í huga sjálfs min voru engar efasemdir né eru um það, eftir vandlega íhugun, að ákvörðunin, sem tekin var, er sú eina, sem ég get varið fyrir sjálfum mér, og þá jafnframt frammi fyrir yður og þjóðinni.

Ríkisstjórnin átti þess að sjálfsögðu kost, þegar brezku hersveitirnar færu héðan að meira eða minna leyti, svo sem yfirlýst var, að þær mundu gera, að losna við nokkuð af her úr landinu og veikja þá jafnframt að sama skapi varnir allar og vernd, með því að neita afdráttarlaust, að her frá Bandaríkjunum kæmi hingað. Eins og nú er komið, treysti ríkisstjórnin sér ekki til, af þeim rökum, er ég hef rakið, að bera ábyrgð á þessu. Hún taldi ekki rétt fyrir þjóðina að víkja á bug boðinni hvernd Bandaríkjanna, meðan á styrjöldinni stendur.

Ríkisstjórnin er sannfærð um það og treystir því, að ákvörðun sú, sem hún hefur gert, sé í meira samræmi við hagsmunum þjóðarinnar og velferð en hin leiðin, sem ég áðan nefndi og var annað úrræðið af tveimur, sem hún átti um að velja.

Ég vil vænta þess, að hið háa Alþingi geti, eftir að hafa kynnt sér alla málavöxtu, fallið á aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

Fundarhlé kl. 2.15 miðdegis. Kl. 5 síðdegis var fundinum fram haldið.

Forseti (HG): Ég skal geta þess, að mér hefur horizt svo hljóðandi símskeyti frá Jónasi Jónssyni, þm. S.-D., dags. á Húsavík 8. júlí:

„Óska fráskýrt aukafundi Alþingis, að ég er samþykktur bráðabirgðaskipulagi því, sem forsætisráðherra skýrði frá í útvarpi síðast liðið mánudagskvöld.“

\*Gísli Sveinsson: Það má segja, að það hafi komið flatt upp á þm. að verða nú að koma hingað til þess að taka ákvörðun um mikils-

varðandi mál skömmu eftir þingslit. Nú er ekki um það að sakast, því að hæstv. ríkisstj. mun vera á sama máli, og undir þeim kringumstæðum er ekki nema sjálfsagt að taka boðinu. Þess vegna erum vér nú mættir hér. Hitt er náttúrlega meira athugandi, að jafnframt og þó að sumu leyti kannske nokkru áður en þm. fengu þessi boð, var tilkynnt, að nú hefðu þegar verið gerðir eins konar samningar, sem kallaðir eru samkomulag um mál, sem nefnt er mikils varðandi og er að mínum dómi mest varðandi þeirra mála, sem legið hafa fyrir Alþingi í þessum greinum, síðan stríðið hófst. Það er að visu mjög óviðkunnanlegt undir eðlilegum ástæðum, að svo sé, að Alþingi sé kallað saman til þess að samþykkja það, sem ríkisstj., hver sem hún er, hefur þegar afgert.

En svo geta ástæður legið til, að rök megi færa fyrir því, að óhjákvæmilegt hafi verið að hafa þessa aðferð. Hæstv. forsrh. hélt ræðu, sem alkunn er orðin, til skýringar þessu máli, eftir að hann, áður en Alþingi kom saman, gerði heyrinkunnugt, hvað hefði gerzt og hvað hefði verið samið um milli stj. f. h. Íslands annars vegar og forseta Bandaríkjanna hins vegar, en í ræðu ráðh. er, eins og hann komst að orði, gerð grein fyrir þessum ástæðum. Ég tel, að þær ástæður, sem þar voru færðar fram, hafi að vissu leyti sitt gildi, en þær eru þó ekki fyrir nærri því alla hér á þingi, og engan veginn heldur utan þings, fullnægjandi. Má þar eflaust ýmsu við bæta, sem hæstv. stj. sér sér ef til vill fært að bæta við og rökstyðja betur þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið.

Hins vegar er á það að líta, að svo getur borið til á slíkum tímum sem þessum, að ríkisstj. verði algerlega upp á sitt eindæmi að taka ákvarðanir, og er ekki heldur neitt við því að segja og alls ekki ástæða til að kalla saman Alþingi í hvert skipti, sem slíkt ber til. En sé um eitthvað alveg óvenjulegt að ræða, algerlega frábrugðið því, sem verið hefur, ef til vill eitthvað, sem fer allt aðra götu en þjóðin hefur við fulltrúa sína látið í ljós, að vera skyldi ákveðin aðferð mála og ákveðin tók á slíkum málefnum, og ef frá því er vikið, þá er spurningin: Er það nóg, er það gerlegt fyrir stjórnina, með einhverjum rökstuðningi þá, að taka slíkar ákvarðanir, áður en Alþingi kemur saman?

Það er því ekki það, sem í fyrsta lagi þarf að athuga, hvort Alþingi hefur verið kallað saman undir nokkuð venjulegum, en þó sérstöku tilliti til ástandsins, nokkuð venjulegum ástæðum eða undir venjulegum atvikum. En það er hitt, sem orkar meira, og ég verð að telja, og hæstv. ríkisstj. er það vafalaust sjálfri ljóst, að hér sé mjög svo vikið frá því, sem Alþingi hefur nú látið í ljós, að það vildi og stj. hefur verið alveg samþykkt og mundi vilja algerlega það sama þann dag í dag.

Það hefur verið fært fram sem ástæða fyrir því samkomulagi, sem gert hefur verið, að af hálfu Breta, sem hafa setið hér og hafa hertekið þessa þjóð, sé viðhorfið nú svo breytt í stríðinu, að þeir verði nú að kalla héðan burt sitt setulið. Það er ekki okkar að grannska, hvornig á þessu stendur, en vitanlega höfum við leyfi til að segja

það, sem við vitum best. Frá mínum bæjardyrum séð er það svo, að ég get ekki séð, í hverju þetta getur helzt legið og verið sem fullnægjandi rök til að breyta þannig til, en það er ekki okkar mál. Við vitum, að Bretar hafa fengið einn aðila með sér í stríðið, sem álitinn er mjög völdugur, sem sé Rússa, og okkur virðist því, að þeir ættu að standa betur að vigi en áður, einnig að því að hafa setulið hér, eins og þeir hafa talið sér mjög nauðsynlegt. Um það hefur mjög verið talað í lýðræðislöndunum víða um heim, bæði í Bretlandi og ekki síður í Bandaríkjunum, á þingi og utan þings verið minnt á það ósleitilega, að allt yrði að vera sem opinberast um það, sem er að gerast. Við Íslendingar höfum alls ekki samþ., að þetta allt eigi að eiga sér stað, en það er ekki heldur okkar að dæma Bandaríkjamenn. Ég tel misráðið að geta ekki þagað yfir neinu. En þetta, sem hér hefur gerzt, hefur verið tilkynnt, áður en ríkisstj. taldi sér ókleift annað en að tilkynna það íslenzku þjóðinni. Það hefur áður verið tilkynnt víða um heim af þm. í Bandaríkjunum. Nú fáum við að vita um þetta, og ein af ástæðunum er sú, að viðhorfið í stríðinu sé það breytt, að Bretar geti ekki lengur innt af hendi þessa miklu nauðsyn frá þeirra sjónarmiði, að halda Íslandi í hernámi, sem þeir kalla varnir. Við höfum ekki séð þýðingu þessara varna frá upphafi og efum, að þær séu fullnægjandi, ef hættu bæri að höndum, en aðrir telja þær viðunandi og sjálfsagt þeir, sem að þeim standa. Við undum því illa Íslendingar, þegar Bretar komu hingað þessara erinda. Við hefðum viljað taka á móti þeim með góðu og undir öðrum atvikum. Ríkisstj. mótmælti þessu ofbeldi og nefndi það svo fyrir hönd þings og þjóðar. En úr því að Bretar voru komnir hingað, undum við því, að þeir væru hér. Við urðum að láta það svo vera. Það hefur komið miklu fyrir til orða, stundum alvarlega, stundum manna á milli, að að því hlýti að reka, jafnvel fyrir en orðið er, að Bandaríkin skærust í leikinn og tækju þetta land undir sína vernd. Það hefur verið gegn vilja ýmissa á Alþingi, að slíkt tal ætti sér stað í alvöru, því að þótt við værum svo settir, að við yrðum að sætta okkur við hið brezka hernám, þá hefur verið margt annað, sem hefur gert það að verkum, að við þyrftum ekki á ný að fá slíkar heimsóknir frá öðrum. Nú þegar þetta kemur til, þá er hér til staðar frá stjórn og þingi ákveðin aðferð, sem sé að mótmæla þessu. Og í sjálfu sér er það svo, að við verðum að skilja það þannig, að stj. haldi sér enn þá á þessum vettvangi, og Alþ. haldi sér enn þá á þeim vettvangi, hvað sem það samþ., að það mótmæli allri ihlutun annars staðar að, ekki sít hernaðarlegri á okkar land, sem gæti gert okkar aðstöðu hættulegri og vafasamari heldur en nú er og hættulegri en við vildum halda okkar landi og okkar þjóð í, en okkar staða er hlutleysisstaða.

Nú er rétt að taka það fram, eins og líka hefur þegar verið gert, að orðið hlutleysi er innantómt orð, en engin þjóð hefur treyst sér ótilneydd til að afsala sér því. Þær hafa verið kúgaðar hver á fætur annarri, en engin hefur viljað viðurkenna, að hún vildi afsala sér hlutleysinu, sem

hefur átt að varðveita þær bezt samkvæmt alþjóðalögum. Það hefur komið fyrir nú á síðustu dögum, að ein frændþjóð okkar, Svíþjóð, sem hefur gert allt, sem unnt var til að vernda hlutleysi sitt, hefur orðið að gera frávikningu frá því algerða hlutleysi, en hefur fært rök fyrir, hvers vegna það var gert. Það var ekki vegna þess, að það kæmi fyrir kúgun frá stórveldi, sem nærri þeim situr, og ekki til þess að hjálpa því stórveldi, Þýskalandi, til þess að berja á Rússum, heldur sögðu þeir, að þeir hefðu gert það til þess að taka upp sína fyrri stefnu að hjálpa Finnum. Þetta voru þeirra rök. Það má ef til vill eins færa fram einhver óbein rök fyrir því, að við vikjum nú frá okkar algerða hlutleysi, á einn eða annan veg í einu tilfelli, sem við viljum gera það og að sjálf sögðu ætti að vera okkur fyrir beztu. Nú eru þetta ekki mínar röksemdir, að þetta sé svo, en ég bykist vita, að hæstv. stj. hafi þessar röksemdir tilbúnar og hún geti yfirleitt gert grein fyrir þeim öllu meir og öllu víðtækar en kom fram í ræðu hæstv. forsrh., sem ég tel, að hafi fært nokkur rök fyrir þessu, en ekki fullnægjandi, því að ég tel það ekki fullnægjandi rök frá alþjóðar sjónarmiði, þó að Bretar telji hernaðaraðstöðuna hafa breytt það mikið, að þeir þurfi að flytja burt þann her, sem þeir nú hafa hér, svo að ella mundum við standa varnarlausir. Spurningin er þá: Hvers vegna erum við að biðja um vernd? Það er erfitt að svara því. Ég veit ekki, hvort hæstv. stj. vill svara því, en þegar menn eru komnir út í að tala um varnir, og það varnir, sem komi í stað varna, sem fyrir eru af hálfu annars ófriðaraðilans, þá verða menn að gera sér grein fyrir, hverra varna okkur er þörf. Æskilegasta vörnin er sú að hafa engar varnir, og það er trú sumra, að varnarleysið hefði hjálpað okkur lengst. En svo koma aðrir og segja, að það tjái ekki, að við séum varnarlausir, því að ef einn fari, þá komi hinn. En okkar hlutleysi gerir þá kröfu, að við gerum ekki á hlut neins, því að þótt hlutleysi sé innantómt orð, þá heimtar hlutleysi, að menn geri ekki vísitandi á hluta annars. Þetta verður bæði þing og stj. að skilja. Nú vill hæstv. ríkisstj. vafalaust ekki gera þetta, og það vilja hv. þm. ekki heldur, þykist ég vita. Þm. allir, ríkisstj. og íslenzka þjóðin vilja halda í efni hlutleysisins að svo miklu leyti, sem mögulegt er. Nú hefur hæstv. ríkisstj. orðið að ganga inn á þessa braut, að setja fram tilmæli til stj. annars ríkis að taka upp hervernd á þessu landi, þegar Bretar hverfa hēðan burt, hvenær sem það verður. Eins og menn vita, er þetta allt nokkuð á huldu, og vafalaust verður það ekki mjög hratt. Þessi stj. þessa erlenda ríkis, sem þau efnislegu tilmæli eru gefin til, þó að ekki sé beint beðið um það, heldur er frumtilefnið komið fram frá öðrum, — en þessi efnislegu tilmæli fela það í sér, að ríkisstj. þessa lands gengur inn á það, að stjórn Bandaríkjanna Norður-Ameríku er falið þetta. Það er víst, að engin ríkisstj., sem hefur sér að haki einhuga Alþingi og að því er vitað er einhuga þjóð um þetta atriði, að halda fast við hlutleysið, mundi ótilneydd gera þetta. Þess vegna er það alveg gefið, þó að það hafi ekki komið

fram frá ríkisstj., og það er nú í hugum hv. þm. eins og það mun verða í hugum þjóðarinnar, að hæstv. ríkisstj. hafi verið tilneydd að gera þetta. En að hverju leyti hún hefur verið það og hvernig á því stendur, því gerir stj. grein fyrir, ef hún treystir sér til þess. En þegar við vitum, að hún hefur talið sig til þess neydda, þá er okkar þm. að taka afstöðu til þess, með eða á móti. Það getur verið þannig um hnútana búið. að það, sem ríkisstj. hefur talið sig tilneydda til að gera, verði þingið að játa, meira eða minna ofan í vilja sinn, og óneitanlega eru nú þeir tímar, að menn ganga nú mörg nauðug spor, og má sjálfsagt finna upptökin að því, hvernig á því stendur, hvers vegna menn eru neyddir til þessa eða hins. Hitt er vitað, og sjálfsagt mælt í samræmi við vilja allra, sem hugsa um slík mál hér í landi, að við mundum mjög óska þess, að slíkt kæmi aldrei til, að nokkur þjóð neyddi okkur til að taka nokkra aðra afstöðu, sem við teljum viðsjárverða á ýmsan hátt, en þá, sem við gætum varið fyrir samvizku okkar og sannfæringu, ekki sízt við hér á þingi, sem erum fulltrúar þjóðarinnar.

Ég gat þess, að afstaðan er mörkuð hjá Íslandi, og hún er hlutleysisafstaða, hvort sem hún er meira eða minna verð, en hún er til staðar og verður að vera til staðar. Hins vegar hefur verið af Alþingi, með hæstv. forsrh. í broddi farar, mörkuð stefna gagnvart öllu því, sem miðar að því að draga okkur inn í styrjöldina beint eða óbeint, gagnvart öllu slíku liggja fyrir mótmæli, og frá mínu sjónarmiði eru slík mótmæli enn í gildi, og ég er viss um, að svo er í hugum hv. þm. flestra eða allra.

Ég býst við, að það samkomulag, sem hér er lagt fyrir hv. Alb., verði að samþ. gegn samvizkunnar mótmælum og í trausti þess, að við séum enn á mótmælastiginu og höldum okkar hlutleysi, en séum ekki að sækja á nokkurn ófriðaraðila, en hlynnu að öðrum, vitandi það, að aðrir hugsa um sjálfa sig fyrst og fremst. Og þó að þessir tveir aðilar, sem hér koma sérstaklega til greina, séu okkur vinveittir og við þeim (eins og raunar öllum þeim þjóðum, sem nú berast á hanaspjót), þá viljum við ekki gera upp á milli þeirra og andstæðinga þeirra, heldur lifa í friði við allar þjóðir, í þeirri vitund, að engum sé verið að gera rangt til. En þegar gengið er til atkv. um þetta mál, og ef svo er, að menn megi leggja í þetta þann skilning, sem við verðum að halda til streitu, að við séum ekki horfnir af grundvelli hlutleysisins, þá verður það að koma fram. Við verðum reyndar að þola eitt og annað og láta í ljós ýmislegt, sem er okkur óljúft, og það verða einnig aðrir þjóðir að gera, en það verður þó að koma fram, að er við tökum nú þessa ákvörðun, þá sé það gert út frá þeirri hugsun, að enda þótt forseta Bandaríkjanna sé falið að takast á hendur hervörn landsins, þá mótmælum við því, eins og við höfum mótmælt hinu fyrra hernámi, og krefjumst þess að fá að halda okkar hlutleysi gagnvart öðrum, að því leyti sem ekki er tekið fram fyrir hendur okkar.

Ég býst við því, að hæstv. ríkisstj. geti fallitz á þessa röksemdaleiðslu, sem ég hef gefið hér til kynna, og að það sé hennar ætlun, að við séum

hlutlausir framvegis, tókum ekki afstöðu með eða móti neinum, og að það sé í þeim anda gert, ef hv. Alp. samþ. mál það, er hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt fram.

**Atvmrh. (Ólafur Thors):** Enda þótt ég geti vísað til frumræðu hæstv. forsætisráðherra um mörg rök til stuðnings þáttill. þeirri, er hér er til umræðu, þykir mér rétt að færa fram nokkur fleiri rök, sumpart af því, að ég fyrir mitt leyti legg ríkari áherzlu á þau en hæstv. forsrh. gerði, og sumpart af því, að ég tel þau fullt eins þung á metunum sem nokkur önnur rök, er til grundvallar liggja fyrir þessari stórvægilegu ákvörðun, er ríkisstjórnin hefur nú tekið, og þáttill. sú, sem hér er um að ræða, fer fram á, að Alþingi staðfesti með samþykki sínu.

Þá stuttu greinargerð, er ég færi hér fram fyrir skoðun minni í máli þessu, ber því að líta á fremur sem viðbót við skýrslu forsætisráðherrans en sem sjálfstæðan heildarrökstuðning á málinu.

Fram að þessu hefur stefna Íslendinga verið bein og skýr, að því er varðar veru erlends herliðs á Íslandi, sem og sérhverja erlenda íhlutun um íslenzk málefni. Þannig galt ríkisstjórn og Alþingi eindregin mótmæli við komu hins brezka herliðs hingað til landsins, hinn 10. maí 1940, og hefur aldrei verið frá þeim vikið, hvorki að formi né efni.

Nú hefur ríkisstjórn Íslands hins vegar lýst yfir því, að hún fallist á veru herliðs frá Bandaríkjunum á íslenzkri grund, og tjáð sig vera reiðubúna til að fela Bandaríkjunum hervarnir Íslands, meðan núverandi styrjöld geisar, gegn vissum skilyrðum.

Ég viðurkenni, að hér er um veigamikinn mun að ræða, en ég neita því, að með þessu hafi Ísland brotið í bág við yfirlýsta stefnu um ævarandi hlutleysi.

Hv. alþingismenn spyrja, hver nauður hafi rekið ríkisstjórnina til þessara aðgerða?

Ég bið menn að gæta þess, að sú ríkisstjórn, sem þessa ákvörðun tók, var ríkisstjórn hins hernumda Íslands.

Það, sem ríkisstjórnin gerði, var að skipta á hernámsliði styrjaldaraðila og herliði hlutlauss stórveldis, að þiggja hervarnir hlutlausrar þjóðar í stað hernáms ófriðaraðila.

Þetta eru forsendur málsins.

Þetta er höfuðatriðið.

Það liggur ótvírætt og ljóst fyrir í þessu máli: að ríkisstjórn Stóra Bretlands lagði hina ríkustu áherzlu á það, að Íslendingar fullnægðu þeim skilyrðum, sem forseti Bandaríkjanna setti fyrir því að taka að sér hervarnir Íslands;

að forseti Bandaríkjanna var eigi aðeins reiðubúinn að taka að sér þessar varnir, heldur og æskti hann þess eindregið, ef það gat orðið með frjálsu samkomulagi við Íslendinga, og

að Ísland er á áhrifasvæði þessara tveggja heimsveldis, er ein geta tryggt Íslandi sölumarkað íslenzkrar útflutningsvöru og útvegum lífsnauðsynja þjóðarinnar til fæðis, klæða og skæða, og sem nú vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar í þessu máli hafa skuldbundið sig til að tryggja verzlun og viðskipti Íslands með hagkvæmum samningum.

Þetta eru þung rök, sem ég ætla, að hv. alþm. kunnir að draga réttar ályktanir af.

Þá er það enn, að fyrir tæpum tveim mánuðum ályktaði Alþingi Íslendinga að framkvæma raunveruleg sambandslit við Dani, þótt eigi þætti enn tímabært að ganga endanlega frá þeim málum.

Ég leyfi mér að leiða athygli hv. alþm. að þeirri köldu staðreynd, að sjálfstæði og fullveldi Íslendinga verður aldrei tryggt með einhliða samþykktum Alþingis eða sjálfstæðishjali og óskum manna á milli. Í þeim efnum veltur fyrst og fremst á því, að Íslendingar beri gæfu til þess á örlagastundum þjóðarinnar að kunna að velja og hafna, að kunna að taka þann kostinn, sem á hverjum tíma bezt tryggir raunverulegt, efnalegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði þjóðarinnar í nútíð og framtíð.

Halda menn nú, að bezt ráðið í þessum efnum hafi verið það, að setja sig eindregið gegn fyrrnefndum óskum Breta og Bandaríkjamanna, jafnþung áherzla, sem á þær var lögð af hendi þessara heimsveldis?

Eða geta menn samsinnt því, að hitt, einmitt hitt, sem ríkisstjórnin gerði, tryggi betur beina og greiða leið að því þráða marki?

Hvort fatast mönnum nú sýn og gerast þess óminnugir, að þegar Alþingi tók ákvörðun um sambandslit við Dani, þótti það helzt áhyggjufeni, að ákvarðanir okkar einna yrðu taldar ónógar, ef enginn okkur stærri, völdugri og sterkari vildi staðfesta þær með viðurkenningu og samþykki?

Eða er mönnum þetta nú jafnljóst og þá?

Sé svo, mun öllum alþingismönnum, er eiga þá hugsjón stærsta og göfugasta, að Ísland megi um aldur og ævi verða óðal frjálsra og fullvalda niðja okkar, það mikið gleðiefni, að nú liggja fyrir ótvíræð skjalfest fyrirheit tveggja stærstu lýðríkja heimsins um að tryggja í nútíð og framtíð algert frelsi og fullveldi Íslands.

Meðal skilyrða þeirra, er íslenzka ríkisstjórnin setti forseta Bandaríkjanna, er:

„Bandaríkin skuldbinda sig enn fremur til að viðurkenna algert frelsi og fullveldi Íslands og að beita öllum áhrifum sínum við þau ríki, er standa að friðarsamningunum, að loknum núverandi ófriði, til þess, að friðarsamningarnir viðurkenni einnig algert frelsi og fullveldi Íslands.“

Þar segir ríkisstjórnin enn fremur:

„Þessi ákvörðun er tekin af Íslands hálfu sem algerlega frjáls og fullvalda ríkis, og það er álitnið sjálfsagt, að Bandaríkin viðurkenni þegar frá upphafi þessa réttarstöðu Íslands, enda skiptist bæði ríkin strax á diplomatiskum sendimönnum.“

Þessu svarar forseti Bandaríkjanna þannig:

„Mér er það ánægja að staðfesta hér með við yður, að skilyrði þau, sem sett eru fram í orðsendingu yðar, er ég hef nú mótttekið, eru fyllilega aðgengileg fyrir ríkisstjórn Bandaríkjanna og að skilyrða þessara mun verða gætt í viðskiptunum milli Bandaríkjanna og Íslands.“

Meðal skilyrðanna, er ríkisstjórn Íslands setti Bretum, er þetta:

„Bretland lofar að viðurkenna algert frelsi og

fullveldi Íslands og að sjá til þess, að ekki verði gengið á rétt þess í friðarsamningunum né á nokkurn annan hátt að ófriðnum loknum.“

Þessu svarar sendiherra Breta í Reykjavík, fyrir hönd ríkisstjórnar Bretlands, þannig:

„Ég hef þegar skýrt yður munnlega frá, samkvæmt fyrirlagi ríkisstjórnar minnar, að hún samþykkir þessa skilmála, og mér er ánægja að staðfesta þetta bréflaga hér með.“

Íslenzku ríkisstjórninni hefur þannig í einni svipan tekizt að tryggja það, að tvö stærstu lýðríki heimsins hafa viðurkennt, að Ísland taki í dag sínar ákvarðanir sem algerlega frjálst og fullvalda ríki, og taka jafnframt ábyrgð á, að sú réttarstaða verði viðurkennd við væntanlega friðarsamninga.

Af mörgu mikilvægu í þessu stóra máli er þetta stærst — langstærst.

Að sönnu voru sett skilyrði af hendi þessara stórvelda.

En hvaða skilyrði?

Þau, að Íslendingar skiptu á hernámsliði styrjaldaraðila og herliði hlutlauss stórveldis, og þau, að Íslendingar tækju við fyrirheitum Bandaríkjanna um hagkvæma viðskiptasamninga og fyrirgreiðslu íslenzkra hagsmuna í viðbót við fyrri fyrirheit Breta í sömu efnum, í stað þess að eiga við Breta eiaa um þessi mál, og það með þeim hugarfarsbreytingum, sem hlotizt hefðu af algerri synjun Íslands á að verða við hinum ríku óskum Bretlands í þessu máli.

Þessi voru skilyrðin.

Ríkisstjórnin vill fyrir sitt leyti fullnægja þeim og fá í staðinn hin ómetanlegu verðmæti: tryggingu þessara stórvelda fyrir frelsi og fullveldi Íslands um aldur og ævi.

Og nú kemur til þingsins kasta.

Menn spyrja: Hvers vegna var Alþingi eigi kvatt saman áður en ákvörðun var tekin?

Hæstv. forsætisráðh. hefur svarað þeirri spurningu.

Menn spyrja enn fremur: Hvers vegna var forsætisráðherra að birta orðsendingar þessar í útvarpi áður en Alþingi kom saman, úr því það á annað borð var kvatt saman?

Ég finn mér skylt að svara þar til saka, vegna þess að ég var hvatamaður þessa.

Rök mín eru þessi:

Forsæti Bandaríkjanna tilkynnti sambandsþingi Bandaríkjanna síðdegis á mánudag þessar ákvarðanir. Fregnir af því komu í Lundúna-útvarpinu á mánudagskvöld kl. 8.45. Það sama kvöld þekkti allur hinn menntaði heimur efni og orðalag þessara boðsendinga. Það var að mínum dómi óboðlegt íslenzku þjóðinni, að hún ein allra þjóða væri leynd þessum mikilvægu samningum, hún, sem þó var annar samningsaðila, eða einn þeirra þriggja — og sá, sem þeir vörðu mest.

Yfir Alþingi er þjóðin eins og Alþingi er yfir ríkisstjórninni.

Vansæmd sýnd Alþingi, segja menn.

Þetta er mikill misskilningur.

Alþingi er ekki kvatt saman til þess að heyra skýrslu ríkisstjórnarinnar. Alls ekki. Það er fullkomið aukaatriði.

Aðalerindi Alþingis er að ákveða, hverjum af-

leiðingum það vill, að ríkisstjórnin taki af þessum gerðum sínum.

Samkvæmt 17. gr. stjórnarskrárinnar eru þessir samningar ógildir, ef Alþingi samþykkir þá ekki. Alþingi getur því fellt þá og skipt um ríkisstjórn. Að visu breytir það eigi þeirri staðreynd, að ríkisstjórn Íslands hefur samþ., að hingað komi erlent herlið, — herlið, sem hér mun dvelja áfram til ófriðarloka úr því sem komið er. En með því að fella samninginn og skipta um ríkisstjórn þvær Alþingi sínar hendur af gerðum ríkisstjórnarinnar og heldur að formi til hina beinu stefnu um mótmæli gegn veru sérhvers erlends herliðs á íslenzkri grund, án hliðsjónar af því, hvort sá aðili, er liðið sendir, er styrjaldaraðili eða hlutlaus þjóð.

Að sjálfsögðu er það fullkomið aukaatriði, hvaða stjórn fer með framkvæmdarvaldið hér á landi. Hitt er í minnum augum aðalatriðið, — já, eina atriðið, sem máli skiptir, — að ég er öldungis sannfærður um, að sú ákvörðun, sem ríkisstjórnin tók, er rétt — og að hún ein er rétt.

Í einni svipan hefur ríkisstjórninni tekizt það þrennt í senn: að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar, að losna við erlent hernámslið og að sjá borgið afkomu þjóðarinnar í atvinnu- og fjármálum.

Í einni svipan er Alþingi þess megnugt að leggja ávöxt þeirrar iðju í rúst.

Ég vona, að Alþingi beri gæfu til að gera það, sem hezt tryggir raunverulegt frelsi og fullveldi Íslands, er það nú tekur sínar örlagaríku ákvarðanir í þessu mikilvægasta máli.

**Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Mér þykir rétt að segja nokkur orð um þetta mál, þó að ég gæti látið mér nægja að vísa til grg. þeirrar, er hæstv. forsrh. lagði fram í upphafi máls síns. En ég vil undirstrika það, sem sagt er í orðsendingu íslenzku ríkisstj. til forseta Bandaríkjanna, að ég, sem aðrir í stj., var þess fullviss, að þessi ráðstöfun væri í samræmi við hagsmuni Íslands. Hæstv. forsrh. og atvmrh. hafa nú bent á ýmis atriði til staðfestingar því, að hagsmunir íslenzku þjóðarinnar séu í samræmi við þetta þríhyrnda samkomulag, ef svo mætti segja, þar sem Ísland, Bandaríkin og að nokkru leyti Stóra-Bretland eru samkomulagsaðilar. Og mér þykir rétt að henda enn á fjögur atriði í þessu máli, þó að minnzt hafi verið á þau áður. Fyrsta og veigamesta atriðið er það, að við höfum fengið ákveðin loforð Stóra-Bretlands og Bandaríkjanna um það, að þau muni viðurkenna sjálfstæði okkar og fullveldi, og í öðru lagi loforð þeirra um að stuðla að því að ófriðnum loknum, að Ísland verði almennt viðurkennt sem sjálfstætt og fullvalda ríki. Þetta er ekki lítills virði á tímum þegar við erum að taka öll okkar mál í eigin hendur. Þá um leið er okkur brýn nauðsyn að fá viðurkenningu stórveldanna, og þá ekki sízt hinna völdugu engilsaxnesku lýðræðisþjóða, á óskoruðu sjálfstæði okkar og fullveldi. Hér er því stigið eitt hið allra þýðingarmesta spor í sjálfstæðis- og fullveldismálum þjóðarinnar.

Við höfum á sama hátt með samkomulagi fengið fyrirheit Bandaríkjanna um, að allur herafli þeirra, bæði á landi, lofti og sjó, skuli hverfa héðan að ófriðnum loknum.

Einnig hefur verið endurtekið það fyrirheit, sem áður var gefið af hálfu brezkra stjórnarvalda, að brezki herinn skuli héðan hverfa, og það fyrir en áður var gert ráð fyrir.

Við höfum einnig í 3. lagi fengið loforð um vinsamlega samninga, sem snerta viðskiptamál okkar við þessar stórbjóðir, en vegna legu lands okkar í þessu stríði eru það þær þjóðir, sem við höfum helzt möguleika til að skipta við, en okkur er og alveg lífsnauðsyn að geta haldið áfram og aukið þau viðskipti, meðan á þessu stríði stendur.

Það er ekki lítið öryggi í því fólgið að hafa fengið slík loforð af hálfu þessara stórbjóða, einmitt á þeim tímum, þegar útlitið var nokkuð dökkt um, á hvern hátt við gætum haldið uppi nauðsynlegum viðskiptum fyrir íslenzku þjóðina við þau ríki, sem við höfum helzt aðgang að.

Í 4. lagi vildi ég nefna það, sem ég tel, að sé mjög mikilsvert eftir aðstæðum, og það er að efla hervarnirnar hér á Íslandi. Allir eru að vísu um það sammála, að þjóðin hefði helzt kosið, að til þess hefði aldrei þurft að koma, að erlendum her stigi hér á land, og við hefðum þrátt fyrir það, þó að enginn her hefði verið hér á landi, getað, eins og í síðustu heimsstyrjöld, lifað í okkar landi, óáreittir af öllum hvað snertir hernaðaraðgerðir. En það er staðreynd, sem ekki þýðir að ganga fram hjá, að hingað til landsins er kominn her, og hér verður skilyrðislaust her, meðan á styrjöldinni stendur, frá einhverjum aðila. Og ef við höfum her, okkur til varnar, þá er það ekki litils virði, að í því liggji verulegar varnir fyrir íslenzku þjóðina, því að það er að sjálfsögðu gefið, að eftir því sem herafliinn er sterkari, þeim mun minni líkur eru til þess, að á okkur verði ráðizt af öðrum hernaðaraðilum og að Ísland yrði beinlínis hernaðarvettvangur.

Þessi atriði vildi ég aðeins undirstrika og endurtaka það, að frá sjónarhóli okkar í ríkisstjórninni var það fyrst og fremst hagsmunamál Íslands, að þetta samkomulag yrði gert, án tillits til þess, hvort það væri þessum eða hinum aðilanum hentara eða ekki.

Og hver sú þjóð, sem heyrir sína lífsharátu á þessum tímum, þarf að gæta þess vandlega að haga stjórnmalastarfsemi sinni og aðgerðum sínum á þá leið, sem er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir sjálfa þjóðina.

Þess vegna er frá sjónarhóli allra, er ábyrgðartilfinningu hafa, það afgerandi fyrir ákvarðanir um þetta efni, hvort það sé hagsmunamál íslenzku þjóðarinnar. Hitt kemur væntanlega hjá öllum, eða a. m. k. flestum, í annarri röð, hvort hagsmunir íslenzku þjóðarinnar falli sérstaklega meira saman við hagsmuni annars stríðsaðilans eða ekki.

Þá vil ég að lokum minnst á það atriði, sem komið hefur dálítið fram í umr., hvort þetta samkomulag, sem gert hefur verið, sé brot á okkar yfirlýsta hlutleysi, og hvort við höfum með samkomulaginu vikið frá þeirri hlutleysisstefnu, sem við höfum hingað til reynt að fylgja eftir því, sem kostur hefur verið á.

Eins og líka kom fram í þessari umr., er það svo, að hlutleysishugtakið, ef svo mætti segja,

er orðið nokkuð ruglað á þessum tímum. Það hlutleysi, sem áður var talið gilda, er nú orðið á nokkuð aðra lund, eftir þá atburði, sem skeð hafa í heiminum á síðustu tímum. Það má í raun og veru óendanlega um það deila, hvort þessi eða hinn verknauðurinn sé brot á hlutleysi. En aftur á móti má ekki um hitt deila, að afkoma íslenzku þjóðarinnar er ofar öllum hlutleysisyfirlýsingum. Þó að það hafi verið rétt og eðlilegt, eins og á stóð, bæði fyrir ófriðinn og í byrjun ófriðarins, að íslenzka þjóðin fylgdi ákveðið yfirlýstri hlutleysisstefnu, sem var meira að segja orðin í samræmi á öllum Norðurlöndunum, með samþykki hinna 5 ríkja, þá er það svo, að það hefur margt skeð í viðburðum síðustu ára, sem hefur gert það að verkum, að reglan getur ekki staðið eins og hún var áður. Þá er hitt, sem frá mínu sjónarmiði er aðalatriðið, að þó að það sé hagkvæmt á einhverri ákveðinni stundu að fylgja strangri hlutleysisstefnu, þá vil ég segja það fyrir mitt leyti, að það er einhver sú hættulegasta stefna í stjórnmálum að fylgja þannig aðeins eftir í blindni beinni línu, án þess að lita í kringum sig, hvort aðstæðurnar séu svipaðar og áður, þegar línan var mörkuð. Þess vegna vil ég segja það, að þó að það hafi verið rétt og sjálfsagt að fylgja strangri hlutleysisstefnu fyrir ófriðinn og í byrjun hans, þá þarf það ekki að vera í samræmi við hagsmuni íslenzku þjóðarinnar að fylgja nákvæmlega sömu stefnu, hvað sem á gengur og hvað sem skeður í heiminum.

Frá því að yfirstandandi styrjöld hófst, hefur margt umturnast og gengið úr skorðum, og Ísland verður að taka tillit til allra aðstæðna og marka þannig afstöðu sína, sem getur vel orðið breytileg, eftir því sem aðstæðurnar breytast. Eftir minni skoðun getur því sú hlutleysisstefna, sem okkur var áður hagkvæmt að fylgja, nú orðið ísl. þjóðinni til óheilla.

Þetta vildi ég taka fram um þetta atriði, án þess að svara því fyrir mitt leyti, hvort það sé nokkurt brot á yfirlýstri hlutleysisstefnu ísl. þjóðarinnar, það samkomulag, sem ríkisstjórnin hefur nú gert. Ég hygg líka, að því sé nokkuð vandsvarað, hvort hér sé um brot á áður lýstri stefnu að ræða, vegna þess að hugtakið hlutleysi er breytilegt og móttast af þeim tímum, sem yfir standa.

Af þessari ástæðu varð ég ekkert hikandi fyrir mitt leyti, eftir að ríkisstjórnin var búin að athuga allar hliðar málsins, að vera með því, að þetta samkomulag yrði gert. Min afstaða til málsins, eins og annarra í ríkisstjórninni, byggist á þessu:

Það eru hagsmunir ísl. þjóðarinnar, sem um er að ræða, en ekki hagsmunir neins ákveðins stríðsaðila.

Þetta bið ég menn vel að hafa í huga, þó að mönnum kunnir að vera það misjafnlega ljúft að gera eitt eða annað, eftir því hvort það er til hagsmuna fyrir þennan stríðsaðilann eða hinn. Og það er eðlilegt, eftir því hvaða skoðun menn hafa á alheimsstjórnmalum, að mönnum sé mismunandi geðþekkt, að athafnir ísl. framkvæmdarvalda séu frekar til framdráttar þessum stríðsaðila eða hinum. En það verður að víkja fyrir



því, sem okkur er fyrst og fremst trúað fyrir, og það eru hagsmunir íslensku þjóðarinnar. Og með öruggri vissu um það, að þetta samkomulag sé til heilla fyrir ísl. þjóðina, þá er ég eindregið með því og hef ásamt starfsbræðrum mínum í ríkisstjórninni lagt til, að þetta samkomulag verði samþykkt af hinu háa Alþingi.

**Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Þeir atburðir, sem nú hafa gerzt, áttu ekki að koma neinum á óvart, en þó að allur málatilbúningur sé þannig, að hann hefur verið gerður með tilliti til þess, að þeir kæmu einmitt sem mest á óvart. Það hefur um langt skeið verið mikið um þessa atburði rætt, bæði í íslenskum blöðum og í heimtblöðunum.

Í 1. maí ávarpi kommúnista 1940 er frá því skýrt, að Bandaríkin hafi í hyggju að sölsa undir sig yfirráðin á Grænlandi og Íslandi. Frá þessu var skýrt í þessu ávarpi fyrir meira en ári síðan. Þetta var nokkru áður en brezkur her steig hér á land.

Áður en þingfundir hófust í febr. í vetur, voru þm. þjóðstjórnarfl. á lokuðum fundi til þess að ræða utanríkismál. Enginn fékk að vita, nema þeir, sem á fundinum voru, hvað þar var rætt, en hins vegar dró það enginn í efa, að umræðuefnið var einhver boðskapur frá Bandaríkjunum.

Þessu var haldið leyndu fyrir þingi og þjóð. Það bendir þess vegna margt til þess, að í raun og veru hafi verið samið um þetta mál í aðalatriðum fyrir mörgum mánuðum síðan. Ríkisstj. getur áreiðanlega ekki fært fram neinar afsakanir fyrir því, að málið var ekki lagt fyrir Alþingi. Hvað sem leið formsatriðunum í viðskiptunum milli stjórnar Bandaríkjanna og ríkisstjórnar Íslands, þá vissu allir, að þessir atburðir vofðu yfir, og var því nógur tími til þess að ræða þetta mál við Alþingi, áður en þm. fóru heim.

Það var frá því skýrt í blöðum þjóðstjórnarinnar hér í bænum, að á fundi þjóðstjórnarþm., sem haldinn var nokkru áður en ákvarðanir voru teknar um að fresta kosningunum, þar hafi komið fram svo mikil rök fyrir nauðsyn þess, að kosningunum yrði frestað, að allur ágreiningur hefði fallið niður, þegar menn hefðu kynnt sér þessi rök.

Hver voru nú þessi dularfullu rök? — Hæstv. forsrh. minnti okkur á það í ræðu sinni, að það mundi hafa verið erfitt að hafa kosningar nú á þessum sama tíma, sem ríkisstjórnin stóð í samningum við stjórn Bandaríkjanna. Það skyldi þó aldrei hafa verið, að þessi dularfullu rök hafi einmitt verið þeir atburðir, sem nú hafa gerzt? Menn spyrja: Var nauðsynlegt að tryggja það, að ekki yrðu stjórnarskipti, af því að búið var að gera leynisamninga við stjórn Bandaríkjanna, leynisamninga, sem ekki hefðu verið bindandi fyrir nýja stjórn, hefðu kosningar farið fram og stjórnarskipti orðið?

Þegar við svokallaðir alþingismenn erum nú kvaddir hér til fundar, er það í raun og veru aðeins formsatriði. Þetta er okkur öllum ljóst. Það hefur aldrei verið ætlað til þess, að við fengjum neitt úrskurðarvald í þessu máli. Þess

Alþt. 1941. (57. löggjafarþing).

vegna var þessi háttur hafður á öllum málatilbúningi.

Við stöndum nú augliti til auglitis við orðinn hlut. Þar fáum við engu um þokað. Við getum aðeins mótmælt, og það munum við þm. Sósíalístafl. gera, og þau mótmæli hljóta jafnframt að verða skoðuð sem vantraust á ríkisstjórnina.

Samningur sá, sem ísl. ríkisstjórnin hefur gert við stjórn Bandaríkjanna, er gerður í fullu heimildarleysi og umboðslaust frá þjóðinni. Engin ríkisstjórn getur gert ráðstafanir, sem ákvarða örlög íbúa landsins nú og í framtíðinni, án þess að spyrja þing og þjóð.

Þetta skref, sem nú hefur verið stigið, er áreiðanlega örlagaríkasta skrefið, sem stigið hefur verið í utanríkismálum Íslands, síðan landið fékk innlenda stjórn. En sú stjórn, sem nú fer með völd á Íslandi, er ekki lögleg stjórn og hefur ekki heimild til þess að gera neitt í nafni þjóðarinnar. Og því miður er þessi hv. samkunda jafnólögleg og jafnumboðslaus frá þjóðinni og ríkisstjórnin. Ég álit nauðsynlegt að leggja áherzlu á þessa hlíf málsins, enda þó að við séum vanmáttugir og verðum að sætta okkur við staðreyndirnar.

Ísl. þjóðin hefur ekki afsalað sér neinum réttindum og ekki heldur lýst sig reiðubúna til þess að fela Bandaríkjunum vernd Íslands. Slík yfirlýsing er með öllu persónulega á ábyrgð þeirra ráðherra, sem nú fara með völd í landinu. Orðsending hæstv. forsrh. til forseta Bandaríkjanna felur í sér ósk um hervernd Bandaríkjanna. En þegar Bretar komu hingað, þá var þeirri hertöku mótmælt. Hér er um að ræða mótsögn í afstöðu ísl. ríkisstjórnarinnar. Ef það er í samræmi við hagsmuni Íslands nú, að landið sé tekið undir erlenda hervernd, hvers vegna var það þá í mótsögn við hagsmuni Íslands þá? Á því hefur engin skýring verið gefin. En þrátt fyrir það, þó að þessi algera mótsögn hafi verið í formsatriðum á afstöðu ríkisstj. til hertöku Breta, og svo aftur til hertöku Bandaríkjanna nú, þá er allur málatilbúningur mjög svipaður þá og nú. Í bæði skiptin vissi ríkisstjórnin um hertökuna, jafnvel mörgum mánuðum fyrir. Í bæði skiptin er sennilegt, að samkomulag hafi farið fram um afhendingu Íslands, löngu áður en almenningi urðu staðreyndirnar kunnar. Í bæði skiptin var þing og þjóð leynt því, sem verið var að gera, og í bæði skiptin gefur hið erlenda hervald háttíðleg fyrirhelt um að hverfa héðan að styrjöldinni lokinni, að skipta sér ekki af innanlandsmálum Íslands og sjá um, að landið fái hagkvæm viðskipti og örugga vernd. Munurinn er aðeins sá, að brezka stjórnin hefur gefið ísl. stjórninni frjálsari hendur til þess að þvo sig hreina heldur en stjórn Bandaríkjanna hefur talið sér fært, og til þess liggja gild rök hjá stjórn Bandaríkjanna. Og einmitt þess vegna voru mótmælin borin fram.

Það mun verða lítið svo á, að með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh. til forseta Bandaríkjanna, hafi Ísland glatað hlutleysi sínu. Það skiptir í raun og veru ekki miklu fyrir okkar rökræður, hvernig verður lítið á það mál, eða þó að farið verði í harða skilgreiningu á orðinu hlutleysi. Það er alls ekki þetta, sem

skiptir máli, heldur hin praktiska hlið málsins, hvernig á það er litið af öðrum þjóðum. Þýzka útvarpið lét ekki á sér standa að lýsa því yfir, að Bandaríkin séu komin þangað, sem stríðið er, og þar verði skotið án allrar miskunnar.

Þrátt fyrir þetta, ef það væri rétt, að þessar ráðstafanir væru í samræmi við hagsmuni Ísl. þjóðarinnar, eins og í yfirlýsingunni stendur, þá væri vitanlega ekkert við það að athuga, þó að við höfum gert ráðstafanir, sem litið verður þannig á, að við höfum glatað okkar hlutleysi, ef trygging væri fyrir því, að við höldum sjálfstæði okkar óskertu eftir styrjöldina, að allur herafli yrði fluttur burtu, að engin afskipti yrðu höfð af innanlandsmálum vorum og að við fengjum hagkvæm viðskipti og örugga hvernd. Og ef raunverulega vofði sú hætta yfir landinu, að það yrði að sæta sömu hryllilegu örlögum og Danmörk og Noregur, þá þer vissulega á það að líta, og þá væri ekki hægt að neita því, að gild rök væru fyrir því, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, væru í samræmi við hagsmuni Íslands.

Ef ráðstafanir Bandaríkjanna yrðu til þess, að veitt yrði virk aðstoð í þeirri baráttu, sem háð er á austur-vígstöðvunum, þá mundu Íslendingar ekki heldur telja eftir sér það, sem af því stafaði, en það er bezt að láta verkin tala. Enginn getur lánð Íslendingum, þó að þeir myndi sér skoðanir skv. fenginni reynslu. Enginn getur lánð þeim, þó þeir séu tortryggir.

Hertaka Íslands er blátt áfram gerð til þess að bæta hernaðaraðstöðu Bandaríkjanna á norðanverðu Atlantshafi. Hún er undirbúningur undir styrjöld, sem Bandaríkin gera ráð fyrir að lenda í við Evrópuríki, hvert sem það veldi verður. Þetta er ekki annað en það, sem Bandaríkjastjórn hefur sjálf lýst yfir. Brjótist þessi styrjöld út, þá verður Ísland eitthvert geigvænlegasta hættusvæðið. Við verðum að horfast í augu við þá hættu, að land vort verði gert að blóðugum vígvelli. Hvað segja menn svo um „samræmið við hagsmuni Íslands?“

Það er gott að hafa skjalfest loforð. En hvernig sem á þau loforð er litið, þá er það víst, að ekkert er eins hættulegt smáþjóð eins og það að eiga allt sitt undir náð eins herveldis. Það eru endalokin á allri sjálfstæðri utanríkispolitik.

Áður en styrjöldin brautz út, lagði Sósíalístafli það til, að reynt yrði að fá Bandaríkin, Bretland og Sovétríkin til að ábyrgjast sameiginlega öryggi Íslands og lofa því sameiginlega, að hlutleysi þess, friðhelgi og sjálfstæði yrði ekki skert. Þetta hefði verið sjálfstæð utanríkispolitik. Það orkar nú ekki tvímælis, að ef þetta hefði tekizt, þá væri afstaða Íslands öll önnur og betri nú. Hvert það skref, sem tekið hefði verið gagnvart Íslandi, hlaut þá a. m. k. að verða milliríkjamál milli þessara landa. En ríkisstjórnin mátti ekki heyra nefnt, að þessi leið yrði farin. Taldi það fjarstæðu. Yfirleitt taldi hún fjarstæðu að stíga nokkurt sjálfstætt skref í utanríkismálum. Það ætti nú að vera orðið öllum ljóst, hversu skamm-sýn „utanríkispolitik“ ríkisstjórnarinnar var.

Þó þetta sé nú um seinnan, þá er þó enn ekki of seint að sjá sig um hönd og bjarga því, sem bjargað verður.

Sósíalístaflokkurinn álitur það skyldu ríkisstjórnarinnar að gera nú þegar tilraun til þess að fá sameiginlega yfirlýsingu frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Sovétríkjunum um, að sjálfstæði Íslands verði að fullu tryggt og enginn herafli hafður hér, að stríðinu loknu.

Fyrsta skrefið verður að vera að taka tafarlaust upp stjórnmalasamband við Sovétríkin og rannsaka möguleikana til verzlunarviðskipta við þau.

Ég vil nú skora á ríkisstjórn og forseta að hlutast til um, að Alþingi taki þetta mál sérstaklega til meðferðar, svo tækifæri gefist til þess að ræða og afgreiða þingsályktunartillögu um þetta efni, áður en þingmenn hverfa aftur heim. Ég óska eindregið eftir, að skýr svör verði gefin við þessari málaleitun.

Ég vil leggja áherzlu á, að við Íslendingar kappkostum að gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að sambúðin við ameríska setuliðið geti orðið sem vandræðaminnst. Þetta er fyrst og fremst undir því komið, hversu vel hinn erlendi her stendur við skuldbindingar sínar um að skipta sér ekki hið minnsta af innanlandsmálum vorum.

En við Íslendingar megum ekki heldur láta neitt á skorta af okkar hálfu, til þess að sambúðin geti orðið sem bærilægust. Það, sem mest á ríður, er, að við höldum djarflega á rétti vorum, forðumst allan undirlægjuhátt og látum engum Íslendingum haldast uppi að ganga í þjónustu erlends valds. Mest er undir því komið, að í þessu efni endurtaki sig ekki neitt af því, sem áfátt hefur verið í sambúðinni við Breta. En við verðum líka að gæta þess vel að forðast allt, sem valdið geti árekstrum við hið erlenda setuliðið. Það má ekki takast að ala á neinum fjandskap eða útlíð milli hermanna og íslenzku þjóðarinnar. Það er andstæðingum íslenzkrar alþýðu einum til gagns, að særður þjóðarmetnaður gefi sér útrás í andúð gegn hermönnum, sem við eignum engar sakir við. Það er sama, hvort alþýðumaðurinn í hermannaflí á heima í Bandaríkjunum, Bretlandi eða í öðrum löndum, hagsmunir hans eru alls staðar hinir sömu. Við viljum lífa í friði við allar þjóðir, og stefna okkar sósíalista er bræðralag alþýðunnar í öllum löndum. Baráttan fyrir frelsi íslenzku smáþjóðarinnar er óhugsandi nema í bandalagi við frelsisbaráttu fólksins í öðrum löndum. Þetta verðum við að muna í allri sambúð vorri við erlent setuliði. Þeir munu reynast beztu Íslendingarnir, sem hafa hina sósíalistisku alþjóðahyggju að leiðarvísi í allri sinni framkomu.

\*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég ætla ekki að svara þessari ræðu hjá hv. 1. landsk., því að í henni hafa ekki komið fram nein rök, sem ekki hefur verið svarað áður. En mig undrar, að slíkt skuli koma hér fram og vera talað af þm., þær getsakir, að ríkisstj. hafi verið þetta kunnugt og fengið Alþ. frestað til að koma þessum samningi í kring. Öllum þm. og öllum meginþorra þjóðarinnar var kunnugt um þá yfirlýsingu forseta Bandaríkjanna, sem hann lét hafa eftir bæði í blóðum og útvarpi, að Bandaríkin

teldu varnarlinu sína liggja fyrir austan Ísland. En um frekari ráðstafanir var mér alveg ókunnugt, þegar bréfið barst til ríkisstj. 24. júní, og kom það ríkisstj. algerlega á óvart, eins og öllum hv. þm. — Þessar getsakir, sem mig undrar, að nokkur þm. skuli leyfa sér að herá hér fram, eru því ósannar, og mun ég ekki frekar um þær ræða.

Um hitt atriðið, að þetta hafi verið birt í blöðum og útvarpi, er því til að svara, að einn þingmaður í Bandaríkjunum skýrði frá því, að sér væri kunnugt um, að herafli yrði sendur þaðan til Íslands. Þessi yfirlýsing var mjög vitt og talin ganga landráðum næst. En samt sem áður hefur þessi þingmaður sagt yfirlýsingu rangt til um flutningana, til að firra flotan hættu af uppljóstruninni, þegar hann sagði, að herinn yrði fluttur fyrst 24. júlí. — Þetta gerði hann einnig til að firra sjálfan sig ákærum við að ljóstra þessu upp. — Það voru þessi tvö atriði, sem ég vildi leiðrétta í ræðu hv. þm. Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa þetta lengra að sinni.

\*Héðinn Valdimarsson: Ég skil, að hv. ríkisstj. hefur haft erfíða aðstöðu, þegar svars var krafizt svo fljótt um svo mikilvægt mál sem þetta er. Ég hélt því fram, að tímann bæri að nota þannig, að Ísland kæmi úr stríðinu óháð öllum, og það gerði síðasta Alp. í raun og veru. En hitt vildi ríkisstjórnin ekki taka gott og gilt, að hlutleysisyfirlýsingin frá 1918 væri nóg. En hún var nógu gild. Það, sem nú aftur á móti hefur gerzt, er röskun á jafnvægi í heiminum, og menn sjá af reynslu, að yfirlýsing litillar þjóðar um hlutleysi er ekki tekin gild.

Ísland hefur ekki óskað eftir hververnd, en við verðum að haga okkur eftir heiminum eins og hann er í kringum okkur. Ég álit því, að ríkisstj. hafi tekið þann kostinn, er vænstur var. — Eins og lýst hefur verið í ræðum á undan, þá er okkur tryggð hververnd stórveldis, og ef við eigum ekki að lenda undir járnhælnum, þá er þetta eina ráðið. Ég vil nú spyrja hæstv. forsrh., hvort ekki muni eitthvað losna um innflutningshömlur þær, sem verið hafa í sambandi við brezku samningana, og hvort ekki verði auðveldara að afla dollara. (Forsrh.: Þetta er tekið fram í skilyrðunum.) Það er rétt, en ég hélt, að ef til vill héldist sama ástandið eitthvað áfram.

Svo er annað atriði, að nú hlýtur að stríðinu lokna að tryggjast vinsamlegt samband í alþjóðatengslum með þessum samningum. Munurinn á því, að Bandaríkin taka við Íslandi, er aðeins sá, að þau eru raunverulega ekki í stríði við Þjóðverja, en þau leggja til hergögn í þarfir Breta og bandamanna þeirra, og ég hygg, að með komu Bandaríkjahers, þá verði áráshættan ekki minni, heldur meiri, því Þjóðverjar hafa lýst okkur á hernaðarsvæði og þeir hafa sýnt, að þeir muni engu hlífa. Sjómenn okkar hafa verið myrtir af völdum hins grimmuðlega kabátahernaðar, þegar þeir hafa verið að heyja baráttuna fyrir lífi þjóðar sinnar. Þjóðverjar hafa enn fremur lýst yfir, að þeir þoli enga samninga milli Íslands og Bandaríkjanna, og við getum því búizt við aukinni hættu. En hvernig sem það er, þá höfum við nú þá vernd, sem við þurfum, og

ég vona, að við fáum haldið menningu okkar, siðum og tungu og göngum með óskertan hlut frá borði í þeim hildarleik, sem nú er háður. — Ég hef svo ekki meira um þetta að segja, en það er Monroe-kenningin, sem hefur teygst sig hingað til landsins okkar. Ég mun, er þar að kemur, greiða atkvæði með þessari ráðstöfun.

**Forseti (HG):** Ríkisstjórnin hefur óskað eftir, að þessu máli verði hraðað. Ég mun nú fresta fundi og byrja aftur kl. 9. [Fundarhlé.]

**Pétur Ottesen:** Á þessum fundi liggur fyrir till. til þál. um það, að Alp. fallist á það samkomulag, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert við forseta Bandaríkja Norður-Ameríku um það, að Bandaríkjunum sé falin hververnd Íslands, meðan núverandi styrjöld stendur. Og í grg. fyrir þessari þáttill. eru svo tekin upp þau atriði, sem farið hafa á milli ríkisstj. og forseta Bandaríkjanna, auk þess sem upp í þessa grg. er tekið sem fylgiskjal það, sem farið hefur á milli ríkisstj. Íslands og sendiherra ensku stj. hér á landi í sambandi við þetta mál.

Út af þessari þáttill. og þeim samningi, sem hér hefur verið gerður, með mjög óvenjulegum hætti á mælikvarða okkar Íslendinga og engan veginn í samræmi við það stjórnskipulag, sem við búum við hér í þessu landi, þá vildi ég segja nokkur orð um þetta mál, áður en það kemur til endanlegrar atkvgr., sem eftir öllum málavöxtum verður væntanlega áður en langt um líður.

Ég verð að segja það, að mér virðist ákaflega alvarlegt og stórt spor stigið, þegar horfið er frá hlutleysisstefnu þeirri, sem við höfum fylgt, og í stað þess að mótmæla harðlega hertöku landsins, eins og gert var, þegar Bretar komu hingað í þeim erindum, að hverfa nú að því að fela öðru herveldi hververnd hér á landi. Ég verð að segja, að það er ekkert að undra, þótt sliik stefnubreyt., sem verður til á rúmun hálfum mánuði, komi nokkru róti á hugi manna. Það er ekkert að undra, þó að menn staldri við og þurfi dálitinn tíma til þess að gera sér grein fyrir því, hvað hér sé í raun og veru að gerast. Gera sér grein fyrir því, hvaða breyt. hefur hér orðið á viðhorfinu á þessum stutta tíma og hvert sé stefnt. Það er ekkert að undra, þó að menn leiði hugann að því, hvað geti verið rétt í þessum málum og hvað rangt, og hvað það geti verið, sem hér er um að ræða. Sjálfstæðisþrá Íslendinga og sjálfstæðishugsun þeirra er frá öndverðu byggð upp á því að sýna í allri sinni ráðabreytni og viðskiptum við aðrar þjóðir algert hlutleysi og afskiptaleysi af þeirra högum öllum. Þetta er vitanlega gert í vendum þess, að þá komi okkur til handa sams konar aðstaða frá öðrum þjóðum, sem nærri okkur standa og við þurfum að hafa mök við og viðskipti. 1918, þegar Íslendingar fengu viðurkenningu á sjálfstæði sínu, var það yfirlýsing Íslendinga út um gervallan heim, að þeir lýstu yfir ævarandi hlutleysi. Þetta hefur verið litið á sem eiginlega þann eina styrk fyrir þessa þjóð, sem ber engin vopn, þann eina styrk okkar í viðskiptum og sambúð við aðrar þjóðir. Að sama brunn bar, þegar England fór fram á það eigi allöngu eftir

að stríðið skall á, að Íslendingar leituðu til þeirra og óskuðu eftir hververnd af þeirra hálfu. Þetta bar að á þeim tíma, sem Alþ. sat, og var það mjög eindreginn og sameiginlegur vilji Alþingis og ríkisstj. að visa alveg gersamlega á bug öllum tilmælum, sem gengu í þessa átt. Það var sem sé þá, eins og 1918, lítið á hlutleysi af okkar hálfu sem okkar eina styrk í viðskiptum við aðrar þjóðir.

Þegar svo Englendingar gerðu herferð til landsins og hertóku það, þá fylgdi ríkisstj. mjög fram þeirri ákvörðun, sem Alþ. fyrr og síðar hefur tekið í þessu efni, og mótmælti harðlega hernámi landsins. Slíkt hið sama má segja, að fram kæmi í sambandi við svipaðar óskir annars herveldis, er ríkisstjórninni höfðu horizt og til umræðu komu á síðasta þingi, að þetta mál átti engan hljómgrunn frekar en verið hefur að undanfögnu.

Nú virtist það vera svo, að Englendingar, sem hertóku landið og fengu þessar viðtökur hjá ríkisstj., skildu ákaflega vel þessa aðstöðu Íslendinga. Þeir skildu það, að þetta var einasta vopn þessara fámennu og varnarlausu þjóðar, að lýsa yfir hlutleysi sínu og algerðu þátttökleysi í þeim hildarleik, sem þá var hafinn og háður hefur verið síðan. Íslendingar hafa því ekki viljað gera upp á milli stríðsaðila og óskað þess eins að vera út af fyrir sig í friði fyrir allri ágengni og áreitni af þeirra hálfu, hverjir sem þeir voru. Það verður ekki annað sagt en að Englendingar hafi sýnt fullan skilning á þessari aðstöðu íslensku þjóðarinnar. Og þeim væri gert rangt til, ef sagt væri, að þeir hefðu í nokkru látið þessa afstöðu ríkisstj. bitna á okkur í þeim viðskiptum, sem við höfum við þá átt síðan, bæði á verzlunarsviðinu og líka í þeirri sambúð, sem við höfum við brezka setuliðið í landinu. Það er að visu svo, að við hefðum að ýmsu leyti kosið verzlunarsamninga við þá á annan veg og okkur hagkvæmari en raun varð á. Og hið sama er í rauninni að segja um ýmsa liði í framkvæmdum þessara samninga. T. d. hefur sá seinangangur, sem hefur verið á uppfylling sumra samningsatriða, verið okkur mjög bagalegur. En þegar lítið er til þess ástands, sem við vorum í, og þeirrar nauðsynjar, sem var fyrir hendi um það, að samningar tækjust einmitt við England um verzlun og viðskipti, þá er ekki hægt annað að segja en að þetta hafi til þessa farið úr hendi eins og vænta mátti eftir öllum atvikum. Það hefur að visu í framkvæmd þessara samninga verið bagalegur seinangangur á ýmsum hlutum. En þegar lítið er til þess, í hvað mörg horn Englendingar þurfa að líta og við hvað þeir eiga að etja, þá verður engan veginn annað sagt en að frá okkar hálfu megi eftir atvikum telja samilega við unandi. Þetta vildi ég nú láta koma fram hér í sambandi við það, sem gerðist að því er snertir mótmæli Íslendinga gegn því, að erlent hervald settist að í þessu landi og gerði hér hernaðarráðstafanir, tæki þannig landið að þessu leyti til sinna afnota.

Þessu næst er að athuga það, hvers vegna við Íslendingar viljum endilega kosta kapps um það að halda uppi sem okkar varnarmerki hlutleysisstefnunni. Hvers vegna höfum við Íslendingar

lítið á hlutleysisfirlýsinguna í raun og veru sem hyrningarstein og grundvöll undir sjálfstæði þjóðarinnar? Og hvers vegna er það, sem við mótmælum hertökunni á sínum tíma? Það var vitanlega af því, að Íslendingar litu svo á, að með því að erlendir her sezt að hér á landi og notar landið í þarfir hernaðarframkvæmda, dragast Íslendingar nær stríðinu heldur en annars hefði verið, og að þetta fæli í sér aukna hættu fyrir því, að Íslendingar yrðu fyrir bardinu á þeim hernaðaráttökum, sem háð eru hér allt í kringum okkur, á landi, á sjó og í lofti. Við höfum þá sem sé ekki misst trúna á eitt af frumskilyrðum sjálfstæðis íslensku þjóðarinnar, en það er hlutleysið.

En nú er það komið á daginn, að strauhvörf bafa orðið í þessu efni, og bera þeir samningar, sem hér liggja fyrir af ríkisstj. hálfu, ljósan vott um það. Þetta ber þannig að, að ríkisstj. berst sá vandi að höndum að verða, að því er virðist með sáralitlum fyrirvara, að taka fullnaðarákvörðun, — ákvörðun, sem fellur á þá lund, að ríkisstj. telur sig tilneydda að falla frá sinni eigin stefnu í þessu máli og þeirri þjargföstu stefnu þessara þjóðar, sem við höfum fylgt að undanfögnu og alveg fram á síðustu stund. Og ég verð að segja, að ég get ekki lítið öðruvísi á en að þessi skyndilegu straumhvörf, sem hér bafa gerzt, séu skýr bending um mikilvægi þessa máls og ekki síður um það, hversu ríkt hafi verið gengið eftir alveg skýrum, ótvíræðum og afdráttarlausum svörum af hendi ríkisstj., þar sem ríkisstj. virðist ekki gefast tími til þess að byggja þessi svör sín á þeim lýðræðisgrundvelli, sem allt okkar fyrirkomulag og stjórnskipulag er byggt á. Fyrst núna eftir á getur ríkisstjórnin leitað samþykkis Alþingis í þessu máli, og ætla ég, að þetta sé í fyrsta skipti í stjórnarfarssögu okkar Íslendinga, sem svo mikilsvert mál ber þannig að.

Nú vil ég taka það fram mjög skýrt, og þá meðal annars í tilefni af ummælum, sem féllu hér áðan, að okkur stuðningsmönnum ríkisstj. dettur vitanlega engan veginn í hug, að hún hafi gert annað í þessu máli en það, sem henni, innan þeirra þróngu takmarka, sem henni voru sett, leizt ráðlegast og þörf landsins krafðist eins og ástátt var. Mér dettur ekki í hug að bera neinar þrigður á, að það hafi verið fullkomin sannfæring ríkisstj., að þetta val hennar hafi verið það eina ráðlega eftir atvikum, til þess að forðast aðra meiri hættu, sem gæti að okkur steðjað, og að því er virðist hefur verið augljóst, að mundi að okkur steðja. Með þessu er þó engan veginn um það sagt, hvort hæstv. ríkisstj. hefur raunverulega ratað réttu leiðina og tekið þann kostinn, sem var líklegastur eins og ástátt var til lífsframdáttar fyrir þessa þjóð, sem nú heyrir sína erfiðu baráttu inni í hringið þeirra stórkostlegu hernaðaráttaka, sem eru nú að gerast á nóttu og degi hér allt í kringum stendur þessa lands. Það er alls ekki víst. Það er mín skoðun, að fráhrarf frá hlutleysisstefnunni er okkur undir öllum kringumstæðum óhagstætt og stórhnekkir fyrir litla og vopnlausu þjóð, sem í framtíðinni verður að byggja sjálfstæði sitt á því, að sú stefna sé í heiðri höfð.

Ég vil hins vegar engan veginn neita því, að þær aðstæður hafa verið hér nú, er ríkisstjórnin tók þessa ef til vill örlagaríku ákvörðun, að nauðsyn hefur brotið lög í þessu efni, að svo hart hafi verið knúð á okkar bæjardyr og ríkt og ósveigjanlega eftir gengið, að svörin féllu á þennan en ekki annan veg, að þetta hafi orðið að gera af lífsnauðsyn, til að bægja frá okkur bráðri hættu, sem eftir því, sem atvikin nú lágu til, varð eigi með öðru móti gert.

Hins vegar er sjálfsagt, að við leitumst við að gera okkur sem ljósasta grein fyrir því, hver aðstaða okkar verður eftir að þetta spor hefur verið stigið. Á því máli eru tvær hliðar. Önnur snýr að þeim hernaðaraðilanum, sem Bretar eiga í höggi við. Hernám Breta á landinu á sínum tíma var vitanlega í því augnamiði gert að styrkja aðstöðu sína með því í stríðinu. Þessu hernámi var mótmælt af hálfu Íslendinga. Hvaða áhrif hefur það á aðstöðu þessa hernaðaraðila, að nú hefur annað herveldi, Bandaríkin, sem að vísu er ekki enn sem komið er beinn þátttakandi í stríðinu, tekið að sér hvernd landsins, ekki gegn mótmælum okkar, heldur eftir ósk okkar?

Það er vitað, að hvernd Bandaríkjanna á Íslandi, sem felst í hagnýtingu á þeirri hernaðaraðstöðu, sem lega landsins veitir í stríðinu, felur í sér mjög mikinn hernaðarstuðning við Breta og þá stefnu í alþjóðamálum, sem Bretar og Bandaríkjamenn berjast sameiginlega fyrir.

Hvaða áhrif getur þetta haft á hernaðaraðgerðir hér á þessum slóðum? Bandaríkin eru enn sem komið er ekki beinn þátttakandi í stríðinu, en hins vegar er það vitað, að þeir neyta nú sífellt í vaxandi mæli allrar orku þjóðarinnar til að framleiða hergögn og annað, er koma má að haldi fyrir Englendinga í stríðinu. Það er því mjög hætt við því, að af hálfu Þjóðverja verði, úr því sem komið er, lítill greinarmunur á því gerður, hvort Bandaríkin séu talin beinn eða óbeinn þátttakandi í stríðinu. Það er þess vegna mjög hætt við því, að svo geti farið, að það verði haldlitið fyrir okkur, að það út af fyrir sig veiti okkur ekki mikið öryggi, að við höfum falið hlutlausri þjóð hvernd landsins.

Það er vitanlega alveg hulið móðu óvissunnar, hvaða áhrif þetta kann að hafa á örlög Íslendinga. Það er hins vegar hætt við því, að þein afskipti og hernaðaraðgerðir Bandaríkjanna hér í álfu, einmitt hér, svona nærri ófriðarstöðvunum, geti leitt til átaka, sem Ísland fer þá tæplega varhluta af. Þau átök gat vitanlega að borði án þess að þeir kæmu til, enda höfum við engan veginn farið varhluta af hernaðaraðgerðum þess styrjaldaraðilans á siglingaleiðum milli Íslands og Englands, sem mundi álíta, að væri verið að skáka sér með þessu.

En engan veginn getum við verið óhultir fyrir því, að koma Bandaríkjahers hingað með þessum hætti feli í sér nýja og aukna hættu fyrir okkur.

Þetta er skuggahlíðin á málinu.

En hvað getur nú, úr því að svona er komið, þessi nýi samningur falið í sér til hagsbóta fyrir Íslendinga framur því, sem við annars hefðum getað vænt einns og ástatt er? Þá hlið málsins ber að sjálfsgöðu að athuga gaumgæfilega, hvað

það er, sem okkur hefur fallið í skaut með þessum sanningi, sem komið gæti á móti þeirri öryggisskerðingu, sem í því felst, að horfið er frá yfirlýstri hlutleysisstefnu. Það er vitanlega út af fyrir sig mikilsvert atriði, hvernig ríkisstjórninni hefur tekið um þennan þátt samningsins.

Hér ber fyrst að líta á þá yfirlýsingu, sem bæði Bretland og Bandaríkin hafa gert um að viðurkenna til fulls sjálfstæði landsins, vinna að því eftir stríðið, að Ísland fái þá sömu sjálfstæðisviðurkenningu hjá þeim þjóðum, sem þessi tvö stórveldi geta beitt áhrifum sínum við.

Þetta er mjög mikilsvert atriði. En samkvæmt stefnu þessara ríkja í alþjóðamálum, sem bæði berjast fyrir rétti smáþjóðanna, samkvæmt marggefnum yfirlýsingum um það efni, þá verður því engan veginn haldið fram, að það sé ekki á fullum rökum reist, þó Íslendingum sé það ekki sársaukalaust að verða að kaupa þessa yfirlýsingu svo ærnu verði sem það er að hverfa frá yfirlýstri hlutleysisstefnu.

Þá kem ég að atriði, sem ég óska, að hæstv. ríkisstj. gefi hér upplýsingar um, eftir því sem hún hefur aðstöðu til, en það er hin viðskiptalega hlið málsins. Skömmu eftir komu Englendinganna hingað í fyrra voru gerðir við þá verzlunarsamningar, sem eru útrunnir nú, en nýir samningar við þá hafa ekki fengist staðfestir. Það er orðið Íslendingum til óhagræðis að fá ekki úr því skorið, hvort slíkir samningar takast eða ekki. Það eru að byrja sildveiðar fyrir Norðurlandi og er uppgripaafli hér við Faxaflóa, en það er ekki hægt að nota sér hann, af því að ekki hefur tekið að fá samninga um sölu á honum. Það er auðsætt, að eins og komið er, er beðið eftir, að úr leysist um sölu afurðanna eftir opinberum leiðum. Nú sé ég í yfirlýsingu Breta í sambandi við það stórmál, sem hér er á dagskrá, að þeir lofa því, að þeir muni ekki draga úr, heldur fremur auka verzlunarviðskipti við Ísland. Ég vil nú heyra það af munni hæstv. ríkisstj., hvers vænta má í þessu efni.

Um Ameríku er það vitað, að hún hefur verið okkur lokuð að því er snertir sölu isl. afurða, eða því sem næst. Af þeirra hálfu hefur verið um mjög lítil kaup að ræða, aðeins eitthvað af meðalalýsi og lítills háttar af sild. En nú, þegar við verðum að kaupa mest af okkar nauðsynjum af þeim, veltur að sjálfsgöðu mikið á því, hversu vel tekst um viðskiptasamninga við þá. Það er kunnugt, að á einhverjum stærsta þætti útflutnings okkar, sildarlýsinu, er þar svo hárflytningstollur, að ekki er hægt að selja þangað. Hvað felst í yfirlýsingu Bandaríkjustj. um verzlunarsamninga okkur til handa? Það er mikilsvert atriði fyrir okkur, að vel takist, og ég vænti, að eitthvað í þá átt felist í þessum sanningi. Ef hæstv. ríkisstj. hefur aðstöðu til að gefa svör við þessu, óska ég eftir þeim.

Þá tel ég og réttmætt að ræða um það, hvað komið sé áleiðis um, að Englendingar slaki á eða sleppi þeirri miklu íhlutan, sem þeir hafa haft um notkun alls erlends gjaldsris hér. Mér virðist leiða af sjálfu sér, að sú íhlutan á alveg að hverfa, því að annars væri sú breyt., sem á er orðin, harla óeðlileg. Eins væri æskilegt, ef ríkisstj. gæti gefið upplýsingar um, hvort við Ís-

lendingar megum eiga von á að geta notað eitt-hvað af þeim rúmunum 100 millj. kr., sem við eigum inni í enskum bönkum, til innkaupa á nauðsynjum frá Bandaríkjunum. Hér hefur verið kyrrstæða að því er snertir skipastól landsmanna. Okkur hefur verið fyrirmanað að auka skipastólinn, og ég vildi fá að vita, hvort við getum nú fengið til ráðstöfunar eitthvað af fé okkar til að kaupa fyrir í Bandaríkjunum það, sem Englendingar geta ekki selt okkur. Þetta er heinn þáttur í lífi og tilveru þjóðarinnar nú og í framtíðinni, að ekki þurfi að verða hrörnun á þeim tækjum, sem þjóðin verður að nota til að afla sér lífsframfaris. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði, og það ætti að mega fullkomlega vænta þess, að þessi samningur feli í sér nokkra lausn á þessu máli.

Ég býst nú ekki við því, að ég hafi talað svo ákveðið um það, sem hér hefur gerzt, að ekki sé ástæða til að spyrja, hvaða afstöðu ég ætli, samkvæmt þessu, að taka til þessarar þáttill, sem hér liggur fyrir.

Ég hef lýst þeirri hættu, sem ég tel, að í henni geti falizt fyrir okkur Íslendinga, og svo því, að undir venjulegum kringumstæðum mundi engri ríkisstjórn hafa haldizt það uppi að fara eins bak við þing og þjóð og hér hefur verið gert. Það eru aðeins þær kringumstæður, sem hér eru fyrir hendi, er geta réttlætt, að slíkt sé gert.

Ég vil taka það fram, að ég lít með fullri viðurkenningu til þeirrar aðstöðu, sem ríkisstj. var í, þegar hún varð að taka þær ákvarðanir, sem hún hefur gert. Ég geri ráð fyrir, að ég og aðrir, sem þykir þessi kaleikur heizkur, hefðu eigi talið fært að fara aðra leið í þessu máli en þá, sem farin var af ríkisstjórninni. Og eins og ástandið er hér nú, vil ég engan veginn gerast svo nærgöngull við hæstv. ríkisstj. að kryfja hana sagna fram yfir það, sem hún telur sér skynsamlegt að færa hér opinberlega fram. Ég mun líka með tilliti til þess að nokkru leyti marka mína afstöðu til þessa máls, og þess vegna ekki gera þær kröfur í þessu efni, sem málefni standa til, að gerðar væru undir eðlilegum kringumstæðum.

Það hefur verið mjög brýnt fyrir okkur Íslendingum, í sambandi við stríðið og þær kringumstæður, sem við höfum komizt í, að okkur riði mikið á að standa saman. Ég vil mjög taka undir þetta, því þó við séum smáir og orkum lítils, þá er það samt nokkuð undir okkur sjálfum komið, hvernig okkur skolar út úr þessum hildarleik. En þó samstarfið eigi að vera gott, megum við engan veginn tyna niður allri gagnrýni, og þá að sjálfsögðu gripa í taumana, ef komið er út í óvænt efni. Þetta verðum við að gera okkur ljóst.

Með tilliti til þess, að engu verði um þokað við það, sem hér hefur verið gert, verð ég að líta svo á, að í raun og veru sé ekki annað fyrir okkur að gera en að samþ. þáttill. þá, sem hér liggur fyrir. En hitt þætti mér mikils virði, að ríkisstj. gæti gert nánari grein fyrir því, sem horfir til hagsbóta í verzlunarviðskiptum við þessi 2 ríki, því það er vitanlegt, að afkoma okkar byggist að verulegu leyti á því, hvernig viðskiptasamninga okkur tekst að fá við þessi ríki.

Ég bið nú þess að fá svör hæstv. ríkisstj. við þessu, eftir því sem hún telur sér fært. Ég get vel húizt við því, að hún hafi ekki á reiðum höndum svör við einstökum atriðum, en ég verð að segja það, ef ekki fæst sú úrlausn, sem ég hef talað um að því er snertir viðskipti við England og Bandaríkin, að þá tel ég okkur Íslendinga líka að þessu leyti mjög grátt leikna með þessum samningi.

**\*Brynjólfur Bjarnason:** Það voru aðeins nokkur orð út af ummælum í ræðu hæstv. forsrh.

Það er náttúrlega hægt að lýsa því yfir, að það sé ósatt, að hæstv. ríkisstj. hafi verið kunnugt um þetta mál löngu á undan því, að það varð öðrum heyrinkunnugt, og löngu áður en ríkisstj. hafði lýst yfir, að henni væri um það kunnugt. En ég er alveg viss um, að samningaumleit-anir hafa farið fram milli Bandaríkjanna og íslensku ríkisstj. um langt skeið, og hef fært rök fyrir því, sem hæstv. forsrh. veit, að verða tekin guld. Enda veit hæstv. ráðh., að á s. l. ári gaf Roosevelt þá yfirlýsingu, að Bandaríkin mundu láta sig skipta hervarnir Íslands. Og svo getur hver trúað því, sem vill, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki verið um þetta kunnugt og um þetta ekki rætt við hana.

Það er misskilningur hjá hæstv. forsrh., að ég hafi látið það áður í ljós, að það hefði átt að gera það heyrinkunnugt, að Bandaríkjafloti væri á leiðinni hingað. Ég hef aldrei látið nein ummæli falla, sem hægt er að draga þessa ályktun af. Ég hélt því hins vegar fram, að hægt hefði verið að leggja þetta mál a. m. k. fyrir lokaðan þingmannafund áður en síðasta þingi lauk. Það sér líka hver maður, að það er fjarstæða, að Þjóðverjar hefðu þurft að vita, að Bandaríkjafloti væri á leið hingað, þó hv. þm. hefðu verið kallaðir saman á lokaðan fund í tæka tíð. Það var ekki einu sinni nauðsynlegt að skýra frá því, hvenær flotinn mundi koma, og þingið hefði þá ekki gert annað en fjalla um mál, sem var á dagskrá í öllum heiminum. Enda er það vist, að það hafa miklu fleiri menn vitað um þetta í Bandaríkjunum heldur en þm. eru hér á Íslandi.

En hæstv. forsrh. hefur ekki svarað þeirri spurningu, sem ég óskaði sérstaklega eftir að hann svaraði, en hún var um það, að hæstv. ríkisstj. hlutist til um það, að till. sú, sem við þm. Sósíalistafll. flytjum um ráðstafanir til að tryggja sjálfstæði Íslands að styrjöldinni lokinni og um stjórnmálasamband við Sovétlýðveldin, geti komið á dagskrá.

**\*Pálmi Hannesson:** Herra forseti! Ég er einn þeirra manna, sem hafa hiklaust talið, að þjóðinni væri bezt borgið með því að þræða hinn þrönga veg algers hlutleysis. Samkvæmt því var ég andvígur þeirri skoðun, að Ísland bæði um vernd frá nokkru herveldi.

Ég skal ekki neita því, að í gærmorgun, þegar mér var tilkynnt, að amerískur her væri kominn í bæinn, lét það mér illa í eyrum, að við skyldum kvaddir hér saman til að mæta á Alþingi. Það leit óneitanlega svo út, sem við ættum að koma og klappa og segja já og amen við því, sem hafði verið gert. Það gat lítið svo út í

fyrstu, sem Bandaríkin hefðu beðið þess, að Alþingi yrði sent heim, áður en til skarar væri látið skrifa til að fá fram þá málaleitun af Íslands hálfu, sem fram er komin. En því meir, sem ég hef hugsað þetta mál, hef ég orðið sannfærðari um það, að hæstv. ríkisstj. hafi valið þá leið, sem ein var rétt.

Þegar ég kom hingað, var ég alls ekki ráðinn í því, hvernig ég mundi greiða atkv. í þessu máli, en eftir þær upplýsingar, sem fram hafa komið frá hæstv. ríkisstj., og eftir að hafa hugsað málið gaumgæfilega, er ég ekki í neinum vafa. Samt get ég ekki annað en harmað það, að atvikin hafa neytt okkur til þess að hverfa frá því hlutleysi, sem við áður fylgdum. En hins vegar virðist mér ríkisstj. hafa fengið í þessum samningum svo veigamikil atriði, að eftir að hafa kynnt mér þau, eins og allir hv. þm. hafa sjálf-sagt gert, finnst mér það mega vekja undrun, hve langt bæði Bretar og Bandaríkjamenn virðast hafa gengið í því að gefa yfirlýsingar, sem eiga að geta tryggt rétt okkar í framtíðinni til sjálfstæðis og verulegra fjárhagslegra umbóta frá því, sem nú er. Ef maður aftur á móti hugsar sér, hvernig hefði farið, ef þessu hefði verið neitað, þá hefðu áreiðanlega ekki fengizt fram þær yfirlýsingar Breta og Bandaríkjamanna, sem nú eru fengnar. En eins og komið er, get ég ekki séð, að neitt annað en yfirlýsingar þessara þjóða geti fært okkur í þá átt að tryggja fullveldi okkar í framtíðinni. Og ég hygg, að þrátt fyrir það, þó mörg loforð stórveldanna bregðist, þá sé ekki ástæða til annars en ætla, að þessar þjóðir, sem berjast fyrir samningarétti meðal þjóðanna, muni halda þau loforð, sem þær gefa minnsta ríki veraldarinnar á þessum tímum.

Ég býst ekki við, að það hafi neina þýðingu að fara mörgum orðum hér um. Ég geri ráð fyrir, að flestir hv. þm. liti svipuðum augum á þetta og ég, og að þeir skilji, að ríkisstj. hefur tekið þá stefnu í þessu máli, sem hefur ekki aðeins verið rétt, heldur sé ein líkleg til að geta leitt þjóðina sémilega farsalega að borði friðar-samninga, hvener sem þangað kemur. Afstaða ríkisstj. virðist vera í samræmi við raunhæfa stjórnmálastefnu, m. a. og fyrst og fremst miðað við þá legu, sem land okkar hefur. En við megum ekki gleyma því, að þótt nú virðist sémilega horfa um framtíðina, bæði hvað fullveldi og fjárhagsafkomu snertir, þá hlýtur fullveldi þjóðarinnar að eiga sinn aðalgrindastad innan vébanda þjóðarinnar sjálftrar, og að því verður fyrst og fremst að vinna, meðan hriðin blæs.

Þetta er aðeins mín greinargerð fyrir því, að ég mun, að athuguðu máli, greiða atkv. með þeirri þáttill., sem hér liggur fyrir hinu háa Alþ.

**\*Þorsteinn Briem:** Ég get nú tekið undir það, sem hv. síðasti þm. sagði, að mér varð sem honum hverft við, þegar fyrsta fregnin kom um þetta mál.

Hér er breytt um utanríkisstefnu okkar frá því, sem áður hefur verið. Það er þess vegna ekki laust við, þrátt fyrir þær upplýsingar, sem komið hafa frá hæstv. ríkisstj. hér í dag, að í mér sé nokkur kvíði í sambandi við þetta mál. Að ég kemst svo að orði, er ekki af því, að ég vilji

neitt tala í ádeiluskyni til hæstv. ríkisstj., og við það að athuga betur þá samninga, sem hún hefur gert, betur en unnt var þegar ég heyrði þá fyrst lesna í útvarpinu, þá sé ég, að hún í ýms-um atriðum hefur haldið eins vel á okkar málum og hægt var að ætlast til. En eigi að síður er mér enn ljós munurinn á því að geta sagt, ef árekstrar verða við hið erlenda herlið: Það vorum ekki við, sem óskuðum eftir að þið kæmuð, — eða að fá hitt svarið frá hinu máttuga her-veldi: Þið báðuð okkur að koma.

Það er sýnilegt, að sá aðili, sem bauð vernd sína, hefur viljað nokkuð til vinna að fá fyrirfram samþykki af hálfu Íslands. Þess vegna get ég inyndað mér, og það er hugboð mitt, þó að um það verði vitanlega ekki dæmt nema af þeim, sem sjálfir stóðu í eldinum, að hægt hefði verið, ef til vill, að setja inn fleiri skilyrði en sett hafa verið, þó að mig vanti vitanlega upplýsingar um það, nema ríkisstj. hafi farið fram á fleiri skilyrði, en ekki fengið.

Ég ætla ekki að fara inn á þau „teóretisku“ atriði, sem aðallega hefur verið rætt um í ræðum manna hingað til í sambandi við þetta mál. Ég geri ráð fyrir, að fæstum atriðum verði um þok- að, að öðru leyti en því, sem til framkvæmda kemur. Og það er einmitt í sambandi við framkvæmdir á þessum samningi, sem ég vildi, aðal-lega í fyrirsparnarformi til hæstv. forsrh., gera nokkrar athugasemdir.

Ég vil þá fyrst spyrja um þetta: Hefur hæstv. ríkisstj. reynt eða ætlar hún sér að reyna að gera þeim aðilum, sem herlið hafa hér á landi, það skiljanlegt, að tryggingin fyrir góðri sam- búð við þá 2 aðila, sem við búum í sambýli við, er, að sem minnst samneyti verði á milli þess-ara aðila fram yfir það, sem er brýn nauðsyn til? Það er reynsla okkar Íslendinga gegnum margar aldir, að garður er granna sættir, og á það ekki sízt við nú meðal þeirra, sem verða að búa í sambýli. Ég legg áherzlu á, að ríkisstj. geri þeim nýja aðila, sem nú tekur aðsetur hér á landi, þessa aðstöðu okkar svo ljósa sem unnt er, því að ef sá aðili nær að skilja þetta sjónar- mið okkar, þá hygg ég, að með því sé stigið stórt spor í áttina til að koma í veg fyrir þá árekstra, sem annars kynnu að verða í sambandi við sam- búðina .... [Eyða í hndr.]

Á ég þar við þá merkingu, sem felst almennt í orðinu reglumáður, þar með einnig að því er snertir áfengisnautn. Ég legg þann skilun- ing í orðið úrvalslíð, að það megi ekki skipa aðrir en þeir, sem setta sig við hinn minnsta eða engan áfengisskammt. Ég vik að þessu vegna þess, að ég hygg, að óhætt sé að segja, að við höfum nokkra reynslu í sambandi við þetta mál. Við verðum að gera verndaraðilanum það skiljan- legt, að við verðum að leggja þennan skilun- ing í skilyrði úrvalslíð, bæði vegna okkar sjálfra og þeirra. Vegna okkar sjálfra, vegna þess að þjóð vorri stafar meiri spillingarhætta af sambýlinu, ef ekki er lögð rík áherzla á þetta atriði. Og við verðum að leggja áherzlu á það vegna verndar- anna sjálfra, vegna þess að við megum búast við, að margir þeir árekstrar, sem valda úlfúð, skap- ist einmitt í sambandi við áfengisnautn beint og ekki síður óbeint. Ég býst við, að verndaraðilinn

geti eða verði samkvæmt gefnu loforði að setta sig við þennan skilning, fyrst og fremst vegna þess, að hann hefur lofað að valda sem minnst-um truflunum meðal hinnar íslensku þjóðar. Hann hefur lofað að haga sínum aðgerðum í samráði við íslensku stj., og hann hefur lofað að taka tillit til þess, að við erum óvanir her-aga og við mundum ekki kunna sambúðinni vel við erlent herlið, ef það hefur áfengi um hönd. Ég hygg, að ekkert geti valdið beizkari andúð gegn slíkum gestum en það, ef þjóðin verður að horfa upp á drukkna hermenn með vopn í höndum.

Annað atriði vildi ég minnst á í sambandi við þetta skilyrði um úrvalslið. Það er það blóð, sem rennur í æðum gestanna, af hvaða ættstofni það lið verður. Ég vænti þess, að það þurfi ekki að gera grein fyrir því, hvers vegna okkur er það nauðsynlegt, að þeir hermenn, sem hingað koma, séu af þeim ættstofnum, sem okkur eru skyldastir, og þá helzt af hinum norrænu ættstofnum. Og vil ég þá spyrja hæstv. stj., hvort hún hafi þegar vakið athygli hins samningsaðilans á þessu atriði eða hvort hún sé ráðin í að gera það með hinni mestu áherzlu. Um leið vildi ég spyrja um, hvort hæstv. stj. hafi gert nokkrar ráðstafanir, sem kæmu í veg fyrir það áfengisflóð, sem nú streymir hér yfir landið, meðan hið erlenda setulið væri hér.

Þá vildi ég beina fyrirspurn til stj. viðvikjandi því skilyrði, að öryggi okkar, íbúa landsins, yrði bætt sem unnt væri. Hefur stj. vakið athygli samningsaðilans á því, eða ætlar hún að gera það, að við getum ekki sætt okkur við, að hermanskálar séu byggðir innan um bæi og þorp landsmanna sjálfra? Það er öllum ljóst, hver hætta af slíku stafar fyrir íbúana, auk þess, sem það er alls ekki hollt fyrir tvíbýlið. Hyggur ríkisstj. að hún geti komið því til leiðar, að hermanskálar og aðsetursstaðir setuliðsins verði settir sem allra lengst frá íbúðum landsmanna, og hefur hún borið fram óskir sínar einmitt í sambandi við öryggi íbúa þeirrar borgar, sem við nú erum í? Ég get sætt mig við það orðalag, sem ríkisstj. hefur sett í sambandi við þetta. Það er ekki hægt að heimta það nákvæmara. En ég óska hins vegar upplýsinga um, hvernig ríkisstj. hefur hugsað sér að krefjast eða fara fram á, að þessu verði hagað í framkvæmd.

Þá vildi ég í sambandi við það skilyrði, sem sett er í samningnum um batur fyrir tjón, spyrjast fyrir um það, hvort ríkisstj. geti hugsað sér að gera þá kröfu til hins samningsaðilans, að það verði hæstiréttur Íslands, sem tilnefni oddamanninn, þegar gera þarf matsgerðir að því er batur snertir.

Enn vildi ég í sambandi við þau margháttuðu loforð, sem hinir beinu samningsaðilar og Bretar hafa gefið um að styðja hagsmuni Íslands, bera fram þá fyrirspurn og óska svars um það, hvað í þessu felst, að svo miklu leyti, sem ríkisstj. getur gefið svör um það á þessu stigi.

Ég skal ekki fara inn á þau atriði, sem liv. þm. Borgf. drap á. Ég ætla að biða eftir svörum við hans spurningum, en jafnframt vil ég bæta nokkrum við.

Ég vildi fyrst spyrja um það, hvort ríkisstj.

hafi þegar borið fram þá kröfu til hins samningsaðilans, að hann beitti aðstöðu sinni til þess að við getum breytt því bundna fé, sem við eigum erlendis, í frjálsan gjaldeyri. Og ég vildi í því sambandi spyrja, hvort ríkisstj. hafi vakið eða hugsi sér að vekja athygli á því, hver nauðsyn okkur er á að þurfa ekki að auka seðlaútgáfa fram úr því, sem nú er, og hver nauðsyn okkur er á því að geta tryggt seðlaútgáfuna betur og komið banka- og peningamálunum í gott horf, og hvort samningsaðillinn vilji beita aðstöðu sinni til, að þetta megi takast. Í þessu sambandi vil ég minna á löggjöf frá síðasta þingi, sem stefnir að nokkru leyti í þessa átt, þ. e. l. um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum. Býst ríkisstj. við að fá notið þeirrar aðstöðu, sem henni er veitt með viðskiptasamningum, til þess að fá gjaldeyrisvarasjóði komið í frjálsan gjaldeyri?

Það mun leiða af þessum samningi, að viðskipti okkar færast að meira eða minna leyti vestur um haf. Og er þá ekki nema eðlilegt, að það verði ósk okkar, að þeim innieignum, sem við eigum erlendis, verði fyrst og fremst komið til viðskiptalandsins, sérstaklega þeim innieignum, sem ekki eru í handbæru fé. Í þessu sambandi vildi ég spyrja, hvort ríkisstj. muni treysta sér að fá samningsaðilann til að kaupa t. d. erlend skuldbréf, sem ekki munu geta talizt handbært fé eins og stendur, og hvort samningsaðillinn muni þá einnig vilja hjálpa okkur til að komast að samningum við önnur ríki um skuldajöfnuð.

Þetta eru allviðtækar spurningar, sem ég hef lagt fram, og það er ef til vill til of mikils ætlazt að vænta þess, að fullnægjandi svör fáiast við þeim, en nokkurra svara vænti ég þó.

**Ísleifur Högnason:** Eins og komið hefur fram í ræðum nokkurra þeirra, sem á undan hafa talað, snýst málið ekki um það, hvort þessi samkoma leggur samþykki sitt á samninginn eða ekki. Því er yfirlýst af hæstv. atvrvh., að málið snúist um traust eða vantraust á stj. Ég er á sama máli. Og ég greiði hiklaust atkv. gegn málinu, því ég tel ástæður stj. fyrir því að gera þetta upp á sitt eindæmi ekki vera nægilegar. Henni þar skylda til að kalla saman þing. Það hefur og komið í ljós síðan, að stj. hefur leynt þingið mikilsverðum atriðum í málinu. Ég skírskota hér til ræðu Churchill, þar sem hann segir, að málið snúist um það að fá sjóleiðina stytta milli Bretlands og Bandaríkjanna. Þetta sjónarmið hefur og áður komið á dagskrá í blöðunum. En það er augljóst mál, að ekkert yrði okkur hættulegra en að hér yrði millistöð fyrir hergagnaflutninga. En ríkisstj. hugsar ekki á þann veg. Þeir hugsa ekki um mannlíf, þessir háu herrar, heldur virðast þeir hugsa í pundum og dollurum.

Mér hefur komið til hugar, að athugandi væri sú úrlausn að veita Bandaríkjunum leyfi til flutninga að og frá landinu á einhverjum sérstökum stöðum á landinu. Þær þjóðir, sem nú eiga í styrjöld og hugsa mest um mannlíf, — á ég þar sérstaklega við Sovét-Rússland — hafa gert það sem sínar fyrstu ráðstafanir að flytja fólk burtu af vígstöðvunum. Þeir hafa flutt 3½ millj.



frá Bessarabíu. Það skal enginn ganga þess dulinn, að þótt Þjóðverjar sviki öll sín loforð við aðrar þjóðir, þá efna þeir það loforð að láta vopnin tala hér á landi.

Þá er það hér eitt atriði, sem ég tel mjög athyglisvert. Í bréfi forsrh. til forseta Bandaríkjanna er það tekið fram sem eitt af skilyrðunum, að Bandaríkin lofi að hlutast ekki til um stjórn Íslands, hvorki meðan herafli þeirra er í landinu né síðar. Í loforðum þeim, sem Bretar gáfu okkur, þegar þeir hertóku landið, var það skýrt tekið fram, að þeir lofuðu að hlutast ekki til um innanríkismál. Það getur ekki verið tilviljun ein, að ríkisstj. hugar eingöngu um sjálfa sig. Það er áreiðanlega engin tilviljun, hvernig þetta er orðað. Þetta orðalag gefur meira að segja ákveðinn grun um, að ríkisstj. hafi ekki verið svo ókar þau afskipti, sem Bretar höfðu um okkar mál. Á ég þar sérstaklega við brottnám ritstjóra Þjóðviljans. Við þm. sósíalista fögnum því, að Bretar hafa lokað að skila mönnum aftur. En í þessu sambandi vildi ég minnst á annað. Íslenskir dómstólar hafa dæmt tvo menn fyrir landráð. Og það var ljóst, að þeir voru dæmdir í fangelsivist eingöngu vegna þess ástands, sem var í landinu. Nú gerum við þá kröfu, að íslenska stj. reynist ekki verri en Bretar og láti þessa menn lausa. Ég veit, að alþýðan mundi virða það nokkurs, ef ríkisstj. sleppti þessum mönnum. Og ég þykist raunar vita, að alþýðan muni gera þá kröfu, að þessum mönnum verði sleppt.

Ein af ástæðum brezklu herstjórnarinnar fyrir því að fá hervernd Bandaríkjanna til handa Íslandi var talin sú, að fækka þyrfti liðinu hér. Eftir síðustu fregnum að dæma virðist þetta alls ekki vera meiningin, því þar kemur fram, að ekki sé ætlunin að taka þetta lið burt. Mótsagnirnar í öllum málflutningi um þetta mál gefa mér vissu fyrir því, að það er óforsvaranlegt af okkur að staðfesta þennan sáttmála til að styrkja ríkisstj. deginum lengur.

\*Gísli Sveinsson: Ég tel, að ég þurfi ekki að orðlengja miklu frekar um þessi mál en ég gerði í ræðu minni í dag. Ég vildi þó láta þess getið í nokkrum sundurliðuðum atriðum, sem ég tel og verð að telja upplýst, að sé mergurinn málsins, alveg óháð því, hvaða afstöðu menn taka við atkvgr.

Það er þá fyrst, að ég verð að telja, eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir og reyndar má segja, að hafi frá öndverðu verið fyrir hendi og má kalla, að sé gefið, hvernig sem orðræður hafa fallið milli ríkisstj. og hins aðilans, að Bretar hefðu ekki látið þetta land hvernalaust sjálfra sín vegna. Það kemur líka fram í því, sem nú er sagt, að Churchill, forsætisráðherra Breta, hafi lýst yfir, þar sem það var tilkynnt í fréttum í útvarpi nú í kvöld, sem eftir honum var haft, að Bretar mundu hafa herlið hér áfram að einhverju leyti, enda þótt Bandaríkjaher kæmi í landið, og þetta er ósköp skiljanlegt, því að það er vitanlegt og yfirlýst af hálfu Breta, að þeir verði að hafa her í þessu landi til einhverra vana. Það mun einnig vera svo, að herra Churchill mun hafa látið svo um mælt, að brezka

herliðið hafi setið hér í landinu með samþykki Íslendinga. Ég tel það nú ofmælt. Eins mun hann hafa orðað það svo, eins og ríkisstj. vill eðlilega láta orða það, að hinn ameríski her sé hingað kominn eftir tilmælum ríkisstj. íslensku.

Það hefur komið fram hjá einum þm., hv. 3. þm. Reykv., að það sé ljóst af þeim gögnum, sem fyrir liggja, að hæstv. ríkisstj. hafi gert þetta af fúsum og frjálsum vilja. Ég tel það ofmælt; ég tel, að hitt muni vera nær hinu rétta, sem ég kallaði í minni ræðu, að ríkisstj. muni hafa þótt til neydd að gera þetta samkomulag. Hitt læt ég ósagt, hvernig rökin hafa annars skapast um þetta. En það er ósköp eðlilegt að álykta sem svo, þó að menn vissu það ekki þá, sem allir þm. nú vita og er öllum ljóst, að engin ábyrg ríkisstj. gerir slíkt samkomulag af fúsum og frjálsum vilja, sé um hlutlaust land að ræða.

Sami hv. þm. og einnig hv. þm. Borgf. töldu, og tel ég það rétt vera, að árásarhættan er ekki minni í þessu landi, heldur jafnvel meiri, eftir þessa breyt. Hitt er vitanlegt, að allt er þannig, að engu verður um þokað. En þó að verið sé að spá, þá er vitanlegt, að reynslan ein sker úr.

Hæstv. ríkisstj. hefur borið það fyrir sig, að henni þætti svo mikið við liggja, að ekki stöðaði að setja sig á móti óskum þess hernaðarlega aðila, og þess vegna hafi samkomulagið verið gert. En í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hvort hann mundi geia gefið yfirlýsingu um það, að þetta samkomulag breyti engu um hlutleysisframkomu gagnvart hinum hernaðaraðilanum, hvað sem liður þeirri frávikningu, sem nú hefur átt sér stað.

Enn er það, að ég tel, að ekki megi láta koma fram, hvorki utan þings né innan, eins og við höfum neinn himin höndum tekið við þessa samninga. Ég tel það alveg fráleitt, en það er nokkurt tilefni gefið til þess í þessum umr., einkánlega með ræðu hæstv. atvnrh., en honum er lagið að vera áhugamaður í sínum málflutningi. Ég tel ekki rétt að láta það koma bert fram, sem hann ekki heldur atlaði, að það séu nein fagnadartíðindi að gerast með þessum samningum, enda þótt talsverður fengur sé í aðra hönd, ef slíkur samningur er gerður eins og hæstv. ríkisstj. þóttist til neydd að gera. Og því síður tel ég það rétt, eins og kom fram í ræðu hæstv. utmrh., að þetta samkomulag sé allt okkur í hag, því að við verðum fyrst og fremst að líta á, hvernig við getum séð okkar hag borgið, þrátt fyrir það, að þetta sé gert með aðra hagsmuni fyrir augum.

Nú er tillit til þess að taka, sem ég tel, að beri að minnst á hér og hefur verið gert í þessum umr., að það er ekki hægt lengur að allra dómi að telja Bandaríkin hlutlaus þjóð. Það eru einmitt mjög skiptar skoðanir, og hefur heyrzt eftir áreiðanlegum heimildum, að Bandaríkjamenn sjálfir telji, að Bandaríkin væru raunverulega orðin hernaðaraðili. Það er rétt, að þau hafa ekki sagt Þýzkalandi eða möndulveldunum stríð á hendur, en hitt vita allir, að þau hafa nú í marga mánuði vísitandi og yfirlýst verið að aðstoða annan hernaðaraðilann með ráðum og dáð.

Og þá er það loks, sem ég vil, að komi fram

og er sjálfsgagt, að menn athugi, hversu mikið sem menn leggja upp úr því eða ekki, — sumir leggja mikið upp úr því, en aðrir minna, og allir verðum við að leggja talsvert mikið upp úr samningum og loforðum, en öll loforð þess aðila, sem við höfum nú gert samkomulag við, eru háð sömu takmörkunum og loforð yfirleitt eru, og þetta eru hér um bil sömu loforð og Bretar hafa áður skjállega gefið ríkisstj. Við getum ekki treyst loforðum lengra en ástæða er til, enda má segja, að við hvert loforð er nokkur varnagli sleginn, og það er ekki óeðlilegt, því að öll loforð byggjast á því, að möguleikar séu fyrir hendi til efnda. Við getum sagt það sama við hvert loforð, að það verður gert, ef ástæður leyfa. Meira er ekki sagt, en það er mikið. En það ber að líta svo raunverulega á þetta mál, að menn telji ekki, að ábyrgð sé á, að framkvæmdir allar séu slíkar sem loforð eru.

Eftir að hafa tekið þetta fram, mun ég á sínum tíma láta við það lenda að greiða atkv. eftir því, sem ég tel best henta, og ekki hafa neinn formála fyrir minni atkvgr., nema þá stutta grg. um, á hverju mitt atkv. byggist, þegar að því kemur.

\*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vil fyrst og fremst þakka hv. þm. fyrir það, hvað þeir hafa yfirleitt tekið vel í aðgerðir stj., sem hér eru til umr.

Það er ekkert undarlegt, þó að hv. þm. þurfi að spyrja um einstök atriði; mér kom það sízt á óvart, ég gerði mér það ljóst og stj. öll, fyrir þá sök, að það voru mörg atriði, sem komu upp í okkar hugum, þegar við höfum athugun á þessu máli.

Ég verð að biðja hv. þm. afsökunar á því, þó að mér kunní að sjást yfir einhverjar af þessum fyrirsprungnum og aths., því að þær eru orðnar nokkuð margar, og vil ég þó reyna að gera þeim stutt skil, eftir því sem mér er unnt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þær aths., sem komu fram af hálfu þm. Sósíalístafl. Þeir hafa deilt á stj. fyrir að hafa ekki kallað saman þing o<sup>s</sup> fyrir að hafa gert þessar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, án þess að kalla fyrst saman þing. Þetta var uppistaðan í þeirra ræðum. Jafnframt hafa þeir lýst því yfir, að það hafi raunverulega enga þýðingu, hvaða afstöðu þingið tekur til þessa máls, því að þetta Alþingi sé ólöglegt.

Enn fremur hafa þeir deilt á stj. fyrir að hafa vikið frá hlutleysisstefnu, en jafnframt leggja þeir fram till., þar sem gert er ráð fyrir þeirri breyt., að Rússlandi verði bætt við. Það er vitað mál, að hvort sem tvö eða þrjú af þessum stórveldum taka að sér þessa ábyrgð, þá leiðir af henni, að þessi ríki verða að hafa aðstöðu til að hafa herafra hér á landi, til þess að þau gætu fullnægt ábyrgðinni. Þetta væri því alveg sama hlutleysisbrotið, og þó fremur en það, sem hér er gert ráð fyrir. Annars verð ég að segja það, að þótt ég vonaði, að þingið sæi sér fært að samþ. gerðir stj., þá bjóst ég tæplega við, að þm. Sósíalístafl. yrðu þessari till. fylgjandi. Ég býst ekki við, að hann beri mikið traust til stj.; það er gagnkvæmt, ég get sagt það fyrir mína hönd,

að ég sæki ekki fast eftir trausti þessara hv. þm. Læt ég svo útrætt um það.

Það hafa komið fram nokkrar raddir, þó ekki í aðfinnsluformi, um það, að þingið hefði verið kallað saman. Ég lýsi ánægju minni yfir því, að hv. þm. hafa fallitz á þau rök, sem ég hygg, að séu rétt og sönn, að stj. gat ekki gert annað en það, sem hún gerði. Það var engum meira áhyggjuefni en stj. að verða að gera þetta án þess að geta fyrst ráðfært sig við þingið. Það er vitað mál, að ef eitthvað er framkvæmt án þess að spurt sé um það áður, þá mætir það meiri andstöðu en það, sem spurt er um. Þess vegna er það fyrsta regla þeirra, sem eru vanir slíkum framkvæmdum, að spyrja fyrir fram, ef þess er kostur. Þess vegna sótti stj. fast að fá þing kallað saman, áður en þessar ráðstafanir voru gerðar, og ég vil, að það sé staðfest í viðurvist meðráðh. minna, að það var ófrávikjanlegt skilyrði og ekki hægt að haggja því, að þing yrði ekki kallað saman.

Það hafa komið fram, fyrst og fremst frá tveimur þm., hv. þm. Borgf. og hv. þm. V.-Sk., ummæli í þá átt, að þeir teldu, að raunverulega hefði stj. vikið frá þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið og yfirlýst var 1918 um algert hlutleysi. Ég skal ekki sérstaklega deila um það atriði. Þó virðist mér vafasamt, að hægt sé að segja, að stj. hafi vikið frá þeirri yfirlýstu hlutleysisstefnu, þó að hún hafi óskað eftir hervernd ríkis, sem eins og ég hef orðað það stendur utan styrjaldarinnar, þó að segja megi vissulega, að það ríki sé ekki hlutlaust, — því að hvaða ríki í veröldinni er hlutlaust í þessari styrjöld lengur? Ég sé ekki, að það sé að vikja frá yfirlýstri hlutleysisstefnu, þó að við, eins og hæstv. atvnrh. tók fram, skiptum á vernd þess ófriðar- aðila, sem er hér nú, sem við að vísu höfum mótmælt, og fáum í staðinn vernd ríkis, sem stendur utan styrjaldarinnar. En ef Alþingi óskar þess, þá sé ég ekki betur en að það geti lýst yfir, ef það sér ástæðu til, eins og hv. þm. V.-Sk. tók fram, að þetta breyti á engan hátt yfirlýstri hlutleysisstefnu Íslands gagnvart stríðsaðilunum, og er það í samræmi við það, sem ég hef sagt í frumræðu minni um þetta mál. (GSv: Vill hæstv. forsrh. lýsa því yfir hér með?) Ég segi, ef þingið sér ástæðu til þess, en annars er þetta atriði, sem ríkisstj. þarf að ræða, áður en ég lýsi nokkru yfir af hennar hálfu.

Þá hefur það komið greinilega fram, að ef um það væri að ræða, að við með þessu hefðum vikið frá yfirlýstri hlutleysisstefnu, þá teldu þm., sem um það hafa rætt, það verulegu máli skipta, og að við hefðum þar breytt um stefnu í svo stórvægilegu atriði, að það orkaði mjög alvarlega tvímælis í utanríkispólitík okkar. Ég vil nú segja, að ég hygg, að fáir eða jafnvel engir þm. hafi verið því meira fylgjandi en ég, að hlutleysisstefnunni væri haldið. En ég hef reynt að gera mér það ljóst, að það er ekki afstaða mín, sem hefur breytzt, heldur að afstaðan í heiminum er gerbreytt og hefur gersamlega kollvarpazt á stuttum tíma, og það, sem við verðum að reyna að gera, bæði í þessum málum og öðrum, er að skilja þær breytingar og haga okkur

samkvæmt þeim. Ég vil minna hv. þm. á, að fyrir nokkrum árum, þegar eitt herveldi, sem átti í ófriði, réðst á hlutlaust ríki, voru a. m. k. margir þeirrar skoðunar, að það hefði að nokkru leyti ráðið úrslitum fyrir það ríki, að það tapaði styrjöldinni, hversu geysilega andúð það vakti um víða veröld að ráðast fyrirvaralaust á hlutlaust ríki. Þannig var viðhorfið, þegar við gáfum okkar yfirlýsingu 1918. Þannig treystum við því, að það yrði í þessari styrjöld. En tímarir hafa breytt svo fljótt, að við höfum taplega enn áttað okkur á, hvað breytingarnar eru stórkostlegar og skyndilegar.

Og svo vil ég vekja athygli hv. þm. á einu. Hvernig hefur þetta algerða hlutleysi reynzt, sem menn trúðu á og treystu? Hvernig reyndist hlutleysið í Noregi? Hvar er hlutleysi Hollands, Belgiu, Júgóslavíu, Rúmeníu, Danmerkur? Hvað á að halda lengi áfram að telja upp? Hvar er hlutleysi þessara ríkja, sem hefur dugað? Hvar er það lengur til í veröldinni? Við verðum að gera okkur það ljóst, sem bent hefur verið á af þeim, sem hafa athugað straumana í þessari stórpólitik, að hlutleysi smárikjanna, eins og ég sagði í dag, er tæpast til, ef þau eru á áhrifasvæði einhvers herveldis, sem stendur í ófriði, og ef hægt er að nota þau, þá er það gert. Og vissulega má í þessu sambandi minna á, að þó að við höfum reynt að halda algerða hlutleysi í þessari styrjöld, þá hefur það hlutleysi ekki heldur, þó að við höfum mótmælt komu brezku hersveitanna hingað til lands, verndað sjómenn okkar, og vitanlega er húið að gera svo mikið á hluta okkar af öðrum hernaðaraðilanum, og kannske reyndar báðum, með hernámi landsins, með því að skjóta niður skip okkar og myrða sjómenn okkar, að þótt engum detti í hug að svara í sömu mynt, með hernaðaraðgerðum, þá mundi engin þjóð, sem gæti varið sig, láta slíkt liðast. Við höfum verið lýstir í hafnbann þrátt fyrir hlutleysi okkar. Við erum þakklátir fyrir það, hvort sem við eigum það fjarlægðinni að þakka eða einhverju öðru, að ekki hafa verið gerðar árásir á landið sjálft. Það er líka það eina, sem eftir er skilið. Ég held þess vegna, að við verðum að gera okkur það ljóst, að það erum ekki við, sem höfum breytt, heldur veröldin í kringum okkur, og við verðum að haga okkur samkvæmt því. Þetta eru aðeins staðreyndir, sem ég er að draga fram. Það eiga ekki sérstaklega að vera rök fyrir því, að við eigum ekki að vera hlutlausir svo lengi sem mögulegt er, en þegar við sjáum hlutleysið jafnlitils metið sem raun er á, þá geta verið önnur verðmæti, sem við verðum að taka meira tillit til. Það er vissulega rétt, eins og það var orðað, að með hlutleysi og afskiptaleysi af öðrum þjóðum vænti þjóðin hlutleysis af hendi annarra þjóða, en það er húið að sýna sig, að þetta er ekki regla lengur, því að það eru hagsmunir herveldanna, sem ráða. Og ég verð að segja það eins og það er, án þess að ég sé með nokkra yfirlýsingu í þá átt, að ég hef ihugað það mjög og ég er viss um, að hv. þm. hafa hver og einn gert það einnig, hvort, án þess að ég segi, að þeirri utanríkis-pólitik verði beitt, hlutleysisstefnan, eins og hún er frá 1918, verður raunverulega til í okkar utan-

Alþ. 1941. (57. löggjafarþing).

rikispólitik og hvort sjálfstæði okkar verður ekki fyrst og fremst reist á því, að stórveldin beri ábyrgð á því, að við verðum sjálfstæð þjóð og réttur okkar ekki skertur; og það skyldi nú vera, án þess að ég ætli að fara inn á að ræða það mál, að það verði ekki stefnan, í staðinn fyrir stefnuna frá 1918. Og svo mikið er vist, og það verða menn að gera sér ljóst, sem ihuga þessa hlutleysisyfirlýsingu frá 1918, að hún er aðeins yfirlýsing okkar sjálfra, en það var ekki tekin nein ábyrgð á þessu hlutleysi og sjálfstæði af neinu stórveldi, og þær efasemdir voru vissulega til í hugum margra manna, hvort þessi einhliða yfirlýsing íslensku ríkisstjórnarinnar, sem stórveldin höfðu ekki viðurkennt, væri mjög mikils virði.

Það er verið að tala um, að áhætta okkar hafi aukizt við þetta, en um það er engu hægt að spá. Það er talað um, að hergögn verði flutt hingað og héðan til Englands, og auki það hættuna. Þetta er ekkert nýtt, því að vitanlegt er t. d., að Bretar eru að gera mikil hafnarvirki uppi í Hvalfirði, og brezkar útvarpsstöðvar hafa oft sagt frá því, að Bretar ætluðu að nota Ísland sem nokkurs konar brú austur yfir Atlantshaf. Þetta breytir því engu um vopnaflutninga austur, yfir Ísland. Og það er ekki líklegt, þó að engu sé hægt um það að spá, að Þjóðverjar vilji frekar gera árás á Bandaríkjaher hér á landi en þann her, sem þeir eiga þegar í ófriði við.

Þá hefur verið spurt um það, hvað felist í loforðum þeim, sem við höfum fengið frá forseta Bandaríkjanna varðandi hagkvæma verzlunarsamninga. T. d. hefur verið spurt, hvort ekki muni verða létt af innflutningshöftunum og umráðum Breta yfir gjaldeyri okkar samkvæmt samningum, sem við þá hafa verið gerðir um þetta. Ég get ekkert sagt um það enn, hvernig þessir verzlunarsamningar verða. Það tekur oft nokkrar vikur og jafnvel mánuði að ganga frá slíkum samningum, og það hefur lítið verið hægt að ræða þetta mál enn þá. En þær upplýsingar get ég gefið, sem flestum hv. þm. munu raunar vera kunnar, að hömlur þær, sem Bretar lögðu á gjaldeyrisnotkun okkar í Bandaríkjunum, stöfðu af því, að við áttum ekki nægan Bandaríkja-gjaldeyri fyrir heim vörum, sem við hefðum þurft að fá þaðan. Ef ekki hefðu verið lagðar á þessar hömlur, hefði getað farið svo, að við hefðum keypt þar meira af vörum en dollarar voru fyrir, og hefðu þá Bretar orðið að láta okkur hafa dollara, en þeir voru sjálfir í vandræðum með þá. En án þess ég viti nokkuð með vissu eða geti nokkuð fullyrt, held ég, að notkun Bandaríkjahersins hér á íslenskum peningum muni verða svo mikil, að ekki séu líkur til, að Íslendingar verði í vandræðum með dollara, og þá henda af sjálfu sér þær hömlur, sem Bretar hafa lagt á í þessu efni. Þá var spurt um það, hvort ekki væri hægt að flytja hinn bundna gjaldeyri, sem við eigum í Englandi, breyta honum í dollara og kaupa fyrir hann vörur frá Ameríku. Ég get ekkert um þetta sagt, en mér kæmi annars ekki á óvart, þó að ekki liði langur tími, þangað til við hefðum ærið mikið af Bandaríkja-gjaldeyri, sem við þyrftum ekki að kaupa fyrir í bráð. Mér finnst sú litla reynsla, sem ég hef

af því, hver verða muni peninganoftkun Bandaríkjahermanna hér, benda til þessa.

Ég get því litlar upplýsingar gefið hv. þm. Borgf. um þessa verzlunarsamninga, en ég vona, að mér sé óhætt að segja, að hann þurfi ekki að kvíða því, að ekki náist sæmilegir samningar við Bandaríkin um sölu á ýmsum framleiðsluvörum okkar.

Þá komu nokkrar spurningar frá hv. þm. Dal. varðandi ýmis atriði, og er gott að hafa þær til að minna sig á, þegar til framkvæmda kemur. Ég er hv. þm. þakklátur fyrir þær og hef skrifað sumar þeirra hjá mér. En ég vænti þess, að hv. þm. sé ljóst, að ég get ekki svarað þeim öllum á þessu stigi málsins, enda virtist hann ekki búast við því. Viðvíkjandi því, hvaða skilning við leggjum í orðið „úrvalslið“, get ég tekið það fram, að þar er ekki átt við, að herinn sé sérstaklega vel hæfur til að berjast, heldur að hann komi svo fram til landinu, að við getum vel við unað. Skilyrði til þess eru svo víðtæk, að nokkur vafi þótti leika á um það, hvort hægt væri að setja þau fram í þessari orðsendingu, en í rauninni eiga hersveitir hernaðarþjóða alltaf að vera valdar. Að því er snertir spurningu hans um það, hvort tryggð væri, að þær væru af góðum ættstofni, þá skildi ég, við hvað hann átti, sem sé það, hvort tryggt væri, að þær væru ekki svokallaðir litabir menn. Vegna innanlandsmála Bandaríkjanna þótti ekki viðeigandi að nefna þetta á nafn í sjálfri orðsendingunni, en ég get tekið það fram, að það hefur verið orðað við hlutaðeigendur, að átt væri við það, að litaðar hersveitir yrðu ekki sendar hingað, og sendiherra Breta taldi, að það kæmi ekki til mála. Ríkisstj. hefur tekið til athugunar nánari kröfur um þetta mál, hvort sem þær verða teknar til greina eða ekki.

Um lokun áfengisverzlunarinnar get ég ekkert sagt að þessu sinni. Þá var spurt, hvort hermanskálar ættu að vera inni í bænum, eins og áður. Ríkisstj. hefur athugað þetta, og vill hún gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að þeir verði fluttir á burt, þó að erfiðara sé nú um vik en áður, þegar búið er að reisa þá inni í bænum. Það þótti ekki viðeigandi að gera þetta að skilyrði. En við segjum þeim auðvitað, að vegna húsnæðisvandráðanna geti þeir ekki væntzt þess að fá að búa í húsum landsmanna.

Um dómstólana er það að segja, að sjálfssagt er að taka það til athugunar, hvernig þeim skuli fyrir komið, og þykir mér ekki óeðlilegt, að oddamaðurinn sé tilnefndur af hæstarétti, en um þetta hefur ekkert verið ákveðið enn.

Ég get ekkert sagt um það, meðan engir verzlunarsamningar hafa verið gerðir, hvað felst í loforðinu um hagkvæm viðskipti. Hér kom fram spurning svipuð þeirri, sem hv. þm. Borgf. bar fram, um það, hvort ekki mundi hægt að breyta innieign okkar í sterlingspundum í dollara, en ég vil biðja menn að hugleiða, hvort mikill munur muni vera á brezkum og bandarískum gjaldcyri, svo sem nú er komið málum. Það er varhugavert að spá nokkru, en ég geti trúað því, að svo færi, ef þetta ástand stendur lengi, að einhverjum þætti við eiga orðið nógu mikið af Bandaríkjaldeyri. En ég veit ekki, hvers

konar peninga menn vilja þá eiga hér á landi, ef þeir vilja ekki krónur, ekki pund og ekki dollara. Þá er fátt eftir af myntum stórþjóða, nema þá rúblan og markið.

Spurningunni um kaup á skuldabréfum get ég ekki svarað á þessu stigi. Ég get ekki heldur svarað spurningunni varðandi umgengni hersins, því að ekki hefur unnizt tími til að ræða það mál við hlutaðeigandi aðila. En ég tel, að við eigum mest undir okkur sjálfum um það, hvernig þetta fer. Umgengnin við herinn er eitt mesta vandamálið, sem hér kemur til greina.

Ég hef nú reynt að leysa úr spurningum þeim, sem fram hafa komið, eins og ég hef getað. Og ég þakka þeim hv. þm., sem tekið hafa til máls, fyrir það, hversu miklum skilningi afstaða ríkisstj. hefur átt að mæta hjá þeim.

**Forseti (HG):** Áður en umr. er haldið áfram, vil ég geta þess, að ákveðið hefur verið að ljúka umr. í nótt, og hef ég því gert ráðstafanir til þess, að menn geti innan skamms fengið sér matarbita hérna skammt frá.

**\*Sigurður E. Hlíðar:** Herra forseti! Ég skal ekki þreyta hv. Alþ. á löngu máli, en mig langar til að bera fram fyrirsurnir til hæstv. ríkisstj. Fyrst er spurning viðvíkjandi orðsendingu Bandaríkjaforseta til forsætisráðherra Íslands. Um leið og forsetinn lýsir ánægju sinni yfir því, að hann geti gengið að skilyrðum þeim, sem íslenzka ríkisstj. setur, meðal annars fyrsta skilyrðinu, að Bandaríkin hverfi á burt með allan herafla sinn undireins og núverandi ófriði sé lokið, kemur hann svo síðar í orðsendingunni með sinn skilning á þessu. Í orðsendingunni stendur (á 7. bls. í þskj. því, sem hér liggur fyrir): „... og enn fremur með þeim skilningi, að strax og núverandi hættuástandi í milliríkja- viðskiptum er lokið, skuli allur slíkur herafl og sjóher látinn hverfa á brott þaðan, svo að íslenzka þjóðin og ríkisstj. hennar ráði algerlega yfir sínu eigin landi.“

Hvernig ber að skilja þetta? Er hér verið að draga úr því skilyrði íslenzka stj., að þeir skuli hverfa burt strax og ófriðnum er lokið? Er þetta orð, „hættuástand“, ekki allteygjanlegt? Og á þá Bandaríkjaforseti að dæma um það, hvenær þessu hættuástandi er lokið? Getur það ekki verið, að því teljist ekki lokið fyrr en löngu eftir að styrjöldinni linnir, eða er þetta fyrirheit um það, að þeir ætli aldrei að fara aftur? Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. svári þessari fyrirsurn minni, áður en ég greiði atkv.

Svo vil ég spyrja, hvað eigi að gera við öll hervirkin hér. Á gefa okkur flugvellina og herskipakviarnar í Hvalfirði? Þetta er ekki lítið atriði fyrir mig að vita. Ég var svo mikið barn, að ég fór að halda, að þeir mundu aldrei fara, en ég sá þá byrja á slíkum mannvirkjum hér, en ef til vill getur hæstv. ríkisstj. breytt þeirri skoðun minni.

Ég hjó eftir þeim orðum hæstv. ríkisstjóra í dag, að í þessu stórmáli ætti hver þm. að fara eftir sannfæringu sinni, og hafa þessi orð verið að vefjast fyrir mér síðan. Ég hef spurt sjálfan mig, hvernig ég eigi að samræma það tveunt að

vera með málinu og vernda sannfæringu mína, því að ég vildi sízt verða málinu að fótakefli. Ég er svo mikill „idealisti“, að ég hef viljað halda sem mest í hlutleysið. Við töldum í fyrra, að við gætum ekki annað en mótmælt hernámi Breta. Nú fer annað stórveldi fram á hið sama og Bretar í fyrra, og nú ætlum við að samþykkja tilmælin. Hér gegnir að visu nokkuð öðru máli. Sumir benda á það, að Bandaríkin séu ekki hernaðaraðili. Það er rétt, en margt bendir til, að þau verði það bráðlega, og þá ekki sízt eftir að þau hafa náð föttestu á Íslandi. Annars eru Bandaríkin svo bundin öðrum hernaðaraðilanum, að það kemur í líkan stað niður og bein styrjaldarþátttaka þeirra. Bandaríkjamenn hafa lýst yfir því, að þeir ætli að styðja Breta með öllum ráðum, og þeir hafa sýnt, að þeim er fullkomin alvara.

Þó að ég sé „idealisti“ og vilji lifa í friði við allar þjóðir, neyðist ég líklega til að vera raun-sæismaður í þessu máli og beygja af. Mun ekki verða komizt hjá að gera þennan samning við Bandaríkin, því að hnífurinn er á barka okkar. Þessi ríki hafa ráð okkar allt í hendi sér og geta bannað alla flutninga til landsins, þau geta komið í veg fyrir það, að við getum flutt einn fiskugga úr landi, og stefnt þannig fjárhag okkar og lífi í hættu. Ég sé því ekki, að komizt verði hjá að samþ. þetta og mun því ekki greiða atkv. á móti þessu, þó að ég heldi á fyrstu, að ég mundi gera það, og getur meira að segja verið, að ég greiði beinlínis atkv. með málinu, þó að ég geri það nauðugur.

\*Ásgeir Ásgeirsson: Nokkrir hv. þm. hafa haldið því fram, að hæstv. ríkisstj. hafi horfið af lýðræðisbrautinni í þessu máli. Ég mun ekki kvarta um þann hlut, því að ég sé ekki, hvernig hæstv. ríkisstj. hefði átt að ræða um þetta við þingið, áður en herinn var hingað kominn. Ef við hefðum ástæðu til að kvarta um þetta, þá hefði þingið í Bandaríkjunum ekki síður ástæðu til þess. Þegar um er að ræða hernaðaraðgerðir, er ekki hægt að bera málin undir alla þjóðina. Hingað eru komnir Bandaríkjamenn í stað Breta. Það er ekkert úrslitaatriði að því er hlutleysi okkar snertir, hvort hér eru Bretar eða Bandaríkjamenn, og er hlutleysi okkar ekki minna, þó að Bandaríkjamenn séu hér, nema síður sé. Má sýna fram á það, að það sé meira hlutleysi að hafa hér Bandaríkjamenn en Breta.

Stjórnin skýrði frá, að það væri rétt, að þetta væri gert með okkar samþykki, en ef þingið lítur öðruvísi á þetta mál, þá er samningurinn ekki lengur í gildi.

Raunar mun þetta hafa verið aðalíhugunar-efnið fyrir stjórnina, og stjórnin hefur ekki gripið fram fyrir hendurnar á þinginu um þessar ákvarðanir. Þingið á eftir að taka sínar ákvarðanir, sem ekki eru jafngildar ákvörðunum stjórnarinnar, en gilda endanlega, og ef menn eru sannfærðir um það, að stjórnin hafi hér komið úr höndum okkar vörnum okkar hlutleysis, þá eiga menn vitanlega að greiða atkv. á móti þessari till. Það er hægt að fá nýja stjórn í staðinn fyrir þá stjórn, sem nú er, en ef þetta, sem kallað er hlutleysi, er úrslitaatriði, þá eiga menn að fórna

stjórninni og halda þessu hlutleysi, sem sumir telja vera hyrningarstein okkar framtíðar.

Það er fávizka, eins og sumir hafa sagt, að þetta mál verði lif eða dauða stjórnarinnar. Sumir segja, af því að ég er fylgjandi stj., þá er ég með þessu, en aðrir segja, af því að ég er á móti stj., þá er ég á móti þessu. Þetta mál á að meta út af fyrir sig, án tillits til stj. Þingið er ekki eins máttlaust á þessari stundu um þetta efni eins og sumir vilja láta í veðri vaka. Stjórnin hefur gripið eins lítið fram fyrir hendur þingsins eins og hún mögulega gat.

Ef þessi till. er felld, þá kemur upp sama ástand og áður, að hér er allt gert með mótmælum þings og þjóðar, skv. því, en að visu eru nú komnir Bandaríkjamenn í staðinn fyrir Breta. (PO: Komnir eftir ósk stjórnarinnar.) Já, en ef þjóð og þing mótmælir, þá er það það, sem gildir. En þetta hlutleysi, sem hér er af sumum kallað fjöregg þjóðarinnar og hyrningarsteinn sjálfstæðisins frá því 1918, er allt komið undir því, að það séu til voldug stórveldi, sem kunna að meta það. Hlutleysi er enginn hlutur, sem andar í lausu lofti og ekki þarf annað en að veifa til þess að fjandsamleg öfl viki. Ég treysti engum þm. til að skilgreina það hlutleysi, sem árásar-þjóðir nútímans mundu sætta sig við.

Ég hef heyrt skilgreiningar hér í kvöld, en þær hafa náð til ríkja, sem nú er húið að brjóta fyrir allan rétt.

Ég ætla ekki að vera að telja upp þessi ríki, vegna þess hve mörg þau eru, en einmitt þessi ríki, sem alla tíð hafa andað í hlutleysinu og hafa sagt, að þau vildu ekkert samstarf, enga vernd, eru nú öll í nauðungarstarfi við árásar-þjóðirnar.

Mér finnst það næstum broslegt, að við nú á þessu stigi stöndum og veifum þessu vopni, jafnbitlaust og það hefur reynzt á s. l. árum. Sannleikurinn er sá, að menn hanga í orði, sem hafði aðra þýðingu áður en þetta stríð hófst. Ég vildi óska þess, að það gæti fengið sömu þýðingu aftur, en skilyrðin til þess eru sigur lýðræðisríkjanna.

Þetta orð, hlutleysi, hefur svo misjafna merkingu, að menn deila um það, hvort þjóð, sem ekki er í stríði, sé hlutlaus eða ekki. Má deila um það endalaust, hvaða merkingu það hefur nú á tímum, en slíkar deilur hafa enga þýðingu, fyrr en húið er að endurreisa það hugarfar, sem vill virða það nokkuð.

Það er ekki nóg, að við lýsum yfir hlutleysi og segjum, að við höfum sögulegan rétt og okkar sjálfstæða þjóðerni. Það þurfa að vera til þjóðir, sem viðurkenna hlutleysið og vilja eitthvert tililit til þess taka, og framtíð okkar er komin undir því, að þær þjóðir haldi velli og séu mikils megnugar, sem vilja viðurkenna þennan rétt og þessar kröfur okkar.

Ég tel það fullkomið svar við öllum umr., sem hér hafa verið haldnar um hlutleysishlið þessa máls, þar sem hæstv. atvmrh. sagði, að við hefðum breytt til og í staðinn fyrir að vera herteknir af stríðsþjóð, hefðum við fengið vernd hlutlausrar þjóðar.

Þetta tel ég fullkomið svar við þeim umr., þó að ég játi, að þær fari að sumu leyti lengra en

Þessi samningur og till. gefa tilefni til, þá liggja öll rök þessa máls miklu dýpra en þetta.

Til þess að taka rétta afstöðu í máli sem þessu, þarf að gera sér ljóst, hvað er að ske í kringum okkur. Það hafa orðið margs konar breytingar. Við sáum það í síðustu styrjöld, að vopnin höfðu tekið svo miklum breytingum, að ófriðurinn var kominn upp að ströndum okkar, og það hefði kannske ekki þurft öll þessi 20 ár til þess að valda því, að vopnin yrðu svo fullkomin, að þau mundu umkringja allt landið.

Enn hefur reynslan orðið sú. Breytingarnar á vopnunum hafa svipt okkur þessari einangrun, sem við höfðum áður. En það var ekki einangrunin ein, sem var okkar ágæta vopn. Ég tel rétt að segja nú, þegar Bretar eru að fara, að þó að við vitnum í hlutleysið frá 1918 og fyrr og síðar, þá er það ekki það eitt, sem við höfum lifað á, en á því, að okkar eyja er í hafi, sem er verndað og friðað af friðsömum þjóðum.

Án brezka flotans og Bandaríkjaflotans, vil ég segja, að lengi vel hefur ekki verið jafnmikið sjálfræði hér á landi eins og raun varð á í áratugi og jafnvel aldir. Þess vegna eigum við ekki að veifa einhverjum orðum eða yfirlýsingum. Við skulum vera í þeim kröftum, sem liggja þarna á bak við, og nú sjáum við þá betur en nokkurn tíma áður. Nú eru þeir að starfa, nú eru þeir að verja frelsi Atlantshafsins og um leið frelsi okkar Íslendinga.

Ég tel þetta ná töluvert lengra en þessi till. gefur tilefni til, en ég sé ekkert á móti því, að þetta komi hér fram á þessari stundu.

Hér hefur verið sagt í kvöld, að þetta mál sé svo erfitt viðfangs, að við megum ekki tala opin-skátt um það, en við skulum bara nota þetta mál-frelsi og þingræði, sem við höfum enn þá, til þess að tala frjálst þessa síðustu mánuði eða ár, ef eitthvað léttir síðar.

Ég sé ekki, að í þessu máli sé neinn sá þáttur, sem við getum ekki talað um nú, eftir að aðal-breytingarnar hafa farið fram, að Bandaríkja-flotinn er kominn hingað til landsins. Þeir, sem eru lýðræðissinnar í þessu landi, líta kannske svo á, að okkar land eigi eitthvað undir því, hvernig lýðræðisríkjunum gengur í þessari víður-eign. Einn maður hér í deildinni þorði að tala um, að hvaða hættu, sem þetta fæli í sér, væri ekkert við það að athuga, ef við gætum fengið Bandaríkin til að lofa Rússum meiri hjálp á austurvígstöðvunum.

Ég hygg, að við, sem teljum okkur lýðræðis-menn, ættum að lyfta höfðinu og segja okkar meiningu. Lýðræðið er ekki svo meinlaus skepna, að það verji sig ekki, þegar á það er ráðizt.

Við erum hér í Atlantshafinu, þar sem lengi hefur ríkt friður, en það hefur alls ekki verið vegna þess, að það hafi ekki verið jafnmikil hætta á ferðinni hér og víða annars staðar, ef hafið hefði ekki verið verndað um langan tíma af friðsömum og sterkum ríkjum.

Ef okkar menning væri t. d. slavnesk eða mongólsk og landið væri í Svartahafinu, þá væri eðli-legt að leita fyrst og fremst verndar hjá Rúss-landi, en við verðum að átta okkur á þessu, að menning okkar er ekki mongólsk eða slavnesk og landið liggur ekki í Svartahafi.

Við erum norræn þjóð, og skyldastar okkur af öllum þjóðum eru engil-saxneskar þjóðir, eða þær þjóðir, sem hafa mótazt af engil-saxneskri menningu, og nú er svo komið, að við höfum fengið yfirlýsingu þessara sterku engil-saxnesku þjóða, að þær skuli gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að verja okkar land.

Þetta hefði einhvern tíma þótt einhvers virði, þó að ástandið hefði ekki verið eins og það er nú í dag í heiminum.

Auk vopnanna, sem hafa tekið breytingum og breytt okkar aðstöðu, þá hafa líka að undanförun komið upp nýjar stefnur í heiminum, sem ekki eru líkar neinu því, sem var að verkum í álf-unni í síðasta stríði. Í síðustu styrjöld áttust við þjóðir, sem voru þó að ýmsu leyti áþekkar í hugsunarhætti, en nú virðist munurinn á hug-myndinni um menninguna vera orðinn jafnmik-ill og munurinn á svörtu og hvítu. Ég skal ekki fara út í það nánar, en við skulum bara líta á þennan mun.

Þegar Bandaríkin sendu yfirlýsingu um það til forsrl. Íslands, að þau væru reiðubúin að taka að sér vernd Íslands, ef Íslendingar vildu sam-þykkja það, þá fékk ísl. stjórnin tíma til svars og til þess að leggja þetta fyrir þingið, og þingið getur fellt allt, sem stjórnin hefur gert, og gagn-vart einhverri svartri eða dökkri framtíð getur það fyllilega dugað sem afsakanir.

Berum nú saman þessar aðferðir. Það er kannske þyrjað á því að sýna stríðsmyndir um það, hvernig sé farið með þær þjóðir, sem eitt-hvað mögla, og svo sé vakið upp kl. 2 til 3 um nóttu og ráðherrar reknir fram úr rúnum sín-um og sagt: Nú skulum við semja um þá vernd, sem við látum ykkur í té. — Þá er þessi munur þannig, að mér finnst, að við getum ekki kvart-að út af hlutskipti okkar hér á landi.

Það er að visu rétt, að við höfum áður mót-mælt því, að her settist að hér í landinu, og það var í samræmi við þær helgu hugmyndir, sem lifðu nokkuð fram eftir þessu stríði, og var það eðlilegt á þeirri tíð, þó að allir hafi ekki verið jafnsannfærðir um það, að þau mót-mæli væru sjálfstæð. Við skulum bara líta á Bandaríkin, sem við erum nú að semja við. Erum þau sam-kvæm sjálfum sér? Þau hafa fyrir ekki mjög löngum tíma samþykkt lög um fullkomið af-skiptaleyfi. um að láta skip sín ekki sigla til ó-friðarlanda. Nú er þetta allt horfið hjá þessari þjóð, sem ekki langaði í stríð, og hvað er það, sem veldur því? Gæti ekki verið, að þarna sé einhver orsök, sem væri ástæða til fyrir okkur Íslendinga að opna augun fyrir? Hefur ekki ým-islegt skeð á tveimur árum, sem hefur opnað augun á mönnum, svo að þeir sjá, að það verður nú að hafa aðrar aðferðir en áður hafa verið hafðar?

Það munu margir öfunda okkur af því, að við skulum vera sennilega eina þjóðin í Norðurálfu, sem enn á kost á því að taka ákvarðanir um það, hvort við viljum samstarf við aðra þjóð, sem er okkur sterkari, eða hvort við neitum því og segjum: „Það leitast enginn á mig, ef ég sýni hlutleysi.“

Það er ekki hægt að segja, að eðli þessarar styrjaldar hafi ekki verið komið greinilega í ljós,

þegar við tökum nú þessar ákvarðanir, og þó að sú ákvörðun, sem við tökum nú, verði jákvæð eins og ákvarðanir stjórnarinnar, þá er það ekki heldur í fyrsta sinn, sem við tökum jákvæðar ákvarðanir hér í þinginu. Við höfum gert hér yfirlýsingu gegn einræðinu og árásum, þegar Rússar réðust á Finnland, og hvort það á að gilda svo miklu minna, þegar ráðizt er á Norðmenn og Dani og fjölda annarra smáþjóða, að við gleymum því, hvað þingið var þá einhuga, þá veit ég ekki, hverju það á að gegna. Þá yfirlýsingu, sem við gerðum þá, má alltaf nota gegn okkur af hverri þeirri einræðisþjóð, sem kærir sig um að finna átyllu gegn aðgerðum þings og stjórnar hér á landi. Það hefur komið fram hvað eftir annað, að það er alveg sama, hvaða smáþjóð það er, árásarþjóðirnar leika þær alltaf eins og þeim sjálfum sýnist og telja, að sé í samræmi við sína eigin hagsmuni. Við getum þess vegna verið miklu rólegri nú, þegar við tökum þessar ákvarðanir, þegar við tökum eftir því, að það finnast alltaf einhver skjöl, og við skulum sjá, að það munu áreiðanlega finnast skjöl hér á landi á sínum tíma, ef þarf að finna einhverja átyllu.

Ég tel, að stjórnin hafi í þessu máli farið þá leið, sem hún varð að fara. Stjórnir verða á svona tímum stundum að taka ákvarðanir án þess að bera sig saman við marga menn, áður en aðalákvörðunin er tekin, og þessi ákvörðun er tekin út frá þekkingu stjórnarinnar á hugarfari og hagsmunum ísl. þjóðarinnar, og ég hygg, að stjórnin hafi dæmt rétt.

Nú er það okkar að dæma um það, hvort stjórnin hefur dæmt rétt um hugarfar og hagsmuni okkar þjóðar, og ég hef haldið því fram, að hvort sem við litum á hugarfar þjóðarinnar eða hagsmuni, þá komumst við að sömu niðurstöðu. Sem betur fer þarf hér enginn klofningur að verða úr því, því að það á allt samleið, og svo er líka það, að þó að það sé vitanlega sjálfsagt að viðurkenna, að hér er einnig að ræða um hagsmuni Breta og Bandaríkjanna, þá er ekki skylda að loka augunum fyrir því.

Í þessum umr., sem hér hafa farið fram í kvöld, hefur enginn fundið að þeirra stefnu í þessum ófriði, eða kennt þeim um þann ófarnað, sem nú ríkir í heiminum. Í rauninni ber öllum saman um það, að við höfum sömu hagsmuni og þessi tvö stórveldi, og hvað er þá verið að hugsa um?

Mín skoðun er, að stjórnin hafi gert rétt. Við höfum nú allt það öryggi, sem ein smáþjóð getur haft á þessum erfiðu tímum. Það eru vafalaust erfiðleikar framundan, það getur orðið mjög langt stríð, og það getur líka ef til vill bara orðið nokkur ár, en við skulum bara líta vel í kringum okkur, þegar erfiðleikarnir steðja að.

**\*Steingrímur Steinþórsson:** Alþingi hefur verið kvatt saman til þess eins að segja til um það, hvort sú ráðstöfun ríkisstj., að fela Bandaríkjunum vernd Íslands á meðan þessi heimsstyrjöld stendur yfir, sé í samræmi við vilja þings og þjóðar.

Ég hefði kvatt mér hljóðs fyrir nokkru síðan hér í kvöld, og þá meðal annars vegna þess, að

mér virðast ummæli þeirra hv. þm., sem töluðu hér lengi í kvöld, vera þannig, að þau samrým-ist ekki minum skoðunum í þessu efni, en ég skal strax játa, að skoðanir hv. þm. V.-Ísf., sem nú hefur nýlega talað, þær falla svo í samræmi við það, sem ég hefði viljað segja, að ég get styrkt mitt mál með þeim.

Ég er ekki í nokkrum vafa um, að sú ákvörðun, sem ríkisstj. hefur tekið í þessu vandamáli, er rétt, og ég er fyllilega ákveðinn í því að greiða þeirri till., sem hér liggur fyrir, atkv. Og það er af því, sem nú þegar hefur verið tekið fram, að ég sé ekki, að þessi svo nefnda hlutleysisvernd, sem svo margir hv. þm. hafa talað mjög um hér í kvöld, sé nokkurs virði eins og er komið nú.

Hæstv. forsrh. minnti á þetta atriði í ræðu sinni áðan og talaði þar um þá breytingu, sem hefði orðið á þessu frá því 1918 og til þessa tíma. En ég hygg, að við getum tekið miklu skemmri tíma en þennan til að athuga, hvaða breytingar hafa orðið á þessu frá okkar sjónarmiði.

Þegar við lögðum fram mótmæli gegn hertöku Breta, þegar þeir hertöku landið 10. maí í fyrra, þá gerðum við það að vissu leyti í trausti þess, að þessi gamla hlutleysisviðurkenning væri einhvers virði. En nú höfum við síðan séð, hvernig það er. Við vitum það, að hinn ófriðaraðillinn hefur myrt ísl. sjómenn í tugatali og lýst því yfir, að svæðið kringum Ísland væri hernaðarsvæði, og því er ekki um að villast, að við höfum þegar verið dregin inn í þennan ófrið. Ég fyrir mitt leyti er því ekki í neinum vafa um, að þessir sterku aðilar munu taka ábyrgð á því, að aðrir ófriðaraðilar geti ekki hafið hernaðaraðgerðir hér á landi, og auk þess er meira öryggi skapað hér fyrir okkur. Mín lífsskoðun er þannig, að ég get ekki kosið mér vernd annarra ríkja en Bretlands og Bandaríkjanna, og því segi ég, að ég tel vernd Bandaríkjanna mikils virði í þessu sambandi, en þó aðeins af því, að það liggja þegar fyrir endurteknar yfirlýsingar frá stjórn Bretlands um, að sú yfirlýsing, sem gerð var í fyrra, að hún muni ábyrgjast sjálfstæði Íslands að ófriðnum loknum, sé enn í gildi, og nú hefur hætzt við, að Bandaríkin vilja ábyrgjast þetta sama.

Nú er komið svo, að Bandaríki N.-Ameríku ætla að taka að sér vernd Íslands. Ég met þessa þjóð mikils og er ekki í vafa um atkvæði mitt um að vera sammála þeirri stefnu, sem ríkisstjórnin hefur tekið í þessu mikilvæga máli. Ég tel engan efa á, að þessi þjóð standi við gefin loforð, og tel hag okkar vel borgið, eins og nú standa sakir.

Aftur á móti finnst mér ástæðulaust fyrir suma þm. að greiða atkv. gegn sannfæringu sinni, eins og komið hefur fram hjá sumum, t. d. hv. þm. Ak., því Alþ. getur, ef það vill, felt þennan samning úr gildi. Hv. þm. Borgf. hélt hér langa ræðu í kvöld, án þess að ég gæti komizt að, hvaða skoðun hann hefði á málinu. Þó kom að lokum fram hjá honum sú skoðun, að enda þótt hann væri mótfallinn samningunum, þá mundi hann þó sætta sig við þá, ef hagstæðir verzlunarsamningar næðust og ef hægt yrði að selja Faxaflóasíld til Ameríku. — Að vísu er mikils-

vert fyrir okkur að fá hagstæða verzlunarsamninga, en ég tel enga ástæðu til að blanda því saman við þetta mál, því það er alls ekki aðalatriðið í sjálfstæðismáli hverrar þjóðar, að markaður fái st fyrir síld eða eitthvað því um líkt. — Þess vegna kann ég því illa, þegar þessu tvönu er blandað saman.

Ég mun greiða atkv. með þessum samningi, því ég tel, að í honum felist aukid öryggi fyrir okkur, og að sjálfstæði okkar sé tryggt að ófriðnum loknum.

Svo mun ég ekki hafa þessi orð lengri, en er þakklátur hæstv. ríkisstjórn fyrir þá stefnu, sem hún hefur tekið.

**Forseti (HG):** Útbýtt hefur verið á fundinum till. til þál. um áfengismál frá Péttri Ottesen, Ingvari Pálmasyni, Finni Jónssyni og Þorsteini Briem.

**\*Ísleifur Högnason:** Aðeins örfá orð til að svara ræðu hæstv. forsrh., sem átti að vera svarræða til mín og hv. 1. landsk., en var það í rauninni ekki.

Það, sem hv. 1. landsk. sagði, var, að hann harmaði, að þingið hefði ekki fyrr verið kvatt saman en þetta til að taka afstöðu til þessa máls, og það var vel hægt fyrr. Ég lagði áherzlu á, að þingið yrði kvatt saman á meðan þingmenn hefðu umboð frá þjóðinni. Nú hafa þeir ekki umboð, því þeir sitja hér á ólögmatan hátt, eins og kunnugt er.

Svo er annað atriði, sem ég vil rétt minnst á. Það er, að hæstv. ríkisstjórn sjái nú að sér og hætti þeirri stefnu, sem hún hefur haft gagnvart Sovétríkjunum, og geri nú alvöru úr því að taka upp stjórnmalasamband við þau.

Ég það áðan hæstv. forsrh. að svara því, hvaða afstöðu hann tæki til till. þeirrar til þál., sem borin var fram af okkur þm. Sósíalístafli um þetta efni. Þessu hefur hæstv. ráðh. ekki svarað, og vænti ég svars hans hið skjótasta og hvort ríkisstjórnin vilji láta taka þessa till. fyrir nú á þinginu.

Hv. þm. V.-Ísf. hélt hér langa ræðu og lagði mikla áherzlu á, að við værum lýðræðisþjóð. Ræða hans var þó loðin og of háfleyg, og margi gat ég ekki skilið í henni. Þó skildi ég það, að afstaða hans til Finna hefur ekki breytt neitt síðan í fyrra. Eins og kunnugt er, þá var þ. 4. des. 1939 kvaddur saman lokaður fundur hér til að lýsa samúð með hinu svokallaða varnarstríði Finna. Álits okkar, þm. Sósíalístafli, var þó ekki leitað. Eins og venjulega var gengið fram hjá okkur, en ekki meira um það. — Sú stefna, sem hv. Alp. tók þá gagnvart Finnum, virðist ekki hafa breytt hjá þessum hv. þm. og fleirum, en ég skil ekki í öðru en að margir skammist sín fyrir þá afstöðu, sem þeir tóku þá. — Nú sést bezt, að afstaða Sovétríkjanna til Finnlands var rétt. Bretar eru nú að hjálpa Sovétríkjunum til að kveða nazismann niður, en á sama tíma eru hér menn, sem óska þess, að rauði herinn verði undir í baráttunni (sbr. Alþýðublaðið), en ef svo fer, þá steypir nazisminn sér yfir Stóra-Bretland, og þá verður Ísland einnig fyrir árásum þessara grimmdarseggja.

Án efa fer eitthvað af hergögnum, sem flutt verða frá Bandaríkjunum, til Rússlands, og Rússar eru að heyja baráttu við finnska og þýzka nazista, og enn þá eru menn samt með Finnum hér á hv. Alp. Ég skil ekki, hvernig þeir fara að koma þessu heim áður en lýkur.

**\*Bergur Jónsson:** Eins og kunnugt er, þá voru borin fram mótmæli, þegar Bretar hertóku Ísland þ. 10. maí í fyrra, en áður höfðu komið fram tilmæli frá Bretum, hvort Íslendingar vildu leyfa hernaðaraðgerðir hér með vissum skilyrðum. Sagan mun á sínum tíma dæma um, hvort Íslendingar hafi gert rétt í fyrra að neita skilyrðum, áður en Bretar tóku landið. En hvað um það, þá getum við ekki sagt neitt um örlög þessarar þjóðar, ef Bretar hefðu ekki hertekið landið. Enginn getur sagt um, hvort Þjóðverjar hefðu reynt að fara líkt með okkur og þeir fóru með Noreg, og ef þeir hefðu gert það, þá hefði brezki flotinn lokað Íslandi, — „blokkað“ það. Við hefðum orðið að lifa við sult og seynu, og meira að segja getað búið við vopnaviðskiptum þá. Nú hafa Bretar verið hér í rúmt ár, og það hefur nú sýnt sig, að hlutleysispolitík okkar var í engu virt, en innanlandsmálum hafa Bretar þó lítið skipt sér af. En á þessum tíma hefur gerzt annað. Ísland var lýst á ófriðarsvæðinu af Þjóðverjum. Siglingar hafa verið bannaðar og skipum tortímt.

Ég skal ekki dæma um, hvort skipum okkar hefði verið sökkt, ef Bretar hefðu ekki tekið landið. — Þó er það ekki ólíklegt, ef þau hefðu verið að sigla til Englands með mat. Þetta er spurning, sem ef til vill verður upplýst síðar. En aðstaða okkar Íslendinga í vor var sú, að annar ófriðaraðilinn hafði lýst Ísland á hernaðarsvæði. Hinn hafði tekið landið gegn mótmælum.

Nú liggur hér fyrir til umr. samningur íslensku ríkisstj. við forseta Bandaríkjanna. Ég álit óverjandi annað en að stíga þetta skref og játa þeim tilmælum, sem farið er fram á. Í fyrsta lagi vegna þess, að ég tel óhætt að treysta Bandaríkjunum, og í öðru lagi vegna þess, að herliðs þess, sem er á Íslandi, mun vera þörf annars staðar. Ég tel, að okkur sé ekki hættulaust að vera án verndar erlends herveldis.

Þegar menn eru að dæma um aðgerðir ríkisstj. í þessu máli, þá verða menn að taka tillit til afstöðu hennar þ. 24. júní, viku eftir að Alþingi var slitið. Þá sendi brezki sendiherrann bréf til ríkisstj., og svars er óskað svo fljótt, að ekki vinnst tími til að kveðja saman þing. Þess vegna varð ríkisstjórnin að taka einhverja afstöðu. Hver hefði orðið afleiðingin, ef við hefðum neitað að taka við vernd?

Í bréfi brezka sendiherrans er tekið fram, að þess herliðs, sem sé á Íslandi, sé annars staðar þörf. Ef til vill hefðu Bretar farið héðan og Bandaríkjamenn komið, eða kannske hér hefði orðið eitthvert millibíli, m. ö. o., að landið hefði verið varnarlaust um skeið, svo hefðu Bandaríkin ef til vill komið hingað seinna sem stríðsáðili, og þá hefðum við ekki getað sett nein skilyrði.

Hin leiðin, að verða við tilmælunum, hefur



þann kost, að við fengum yfirlýsingu frá forseta Bandaríkjanna um, að hvert skilyrði, sem við settum við hertökunni, yrði tekið til greina.

Þegar ég ber saman þessar tvær leiðir, sem ríkisstj. átti um að velja, verð ég að segja það ákveðið frá minni hálfu, með hliðsjón af því, að hæstv. ríkisstj. gat ekki kallað saman þing, en varð að taka ákvörðun sjálf, að ég get ekki annað séð en að það hafi verið skylda hennar að taka á sig þá ábyrgð að reyna heldur að koma fram þeim skilmálum, sem hún taldi fullnægjandi fyrir hertökuna. Hitt er annað mál, að um það geta orðið deilur manna á meðal, hvort hæstv. stj. hafi ekki átt að ganga lengra um þessi skilyrði. Efa ég þó, að þess hafi yfirléitt verið þörf; og greindar mundu skoðanir um það til dæmis, hvort átt hefði að heimta, að þetta væru allt „gútemplarar“ eða allir saman Norðurlandamenn og annað fleira, sem horið hefur hér á góma. Ég get ekki séð betur — og ég hef athugað þau skilyrði, sem hér hafa verið sett fram af hálfu hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstj. og forseti Bandaríkjanna hefur gengið inn á, — heldur en að þar sé reynt að ganga svo vel frá skilyrðum frá okkar hálfu sem ýtrast var hægt að búast við, að Bandaríkin mundu vilja samþykkja. Hitt er allt annað mál, og skal ég ekkert um dæma, hvort vernd sú, sem við hljótum frá Bandaríkjamönnum, verður okkur styrkari og betri en sú, sem við höfum haft frá Bretum og kynnum að hafa framvegis frá þeim. Því verður tíminn einn að skera úr.

Samkvæmt þessu, sem ég hef sagt nú, tel ég, að hæstv. stj. hafi eingöngu gert það, sem hennar var skylda. Hún mátti búast við, að ýmsir menn hér á landi mundu leggja illa út það, sem hún gerði. Ég álit því, að hæstv. stjörn hafi sýnt þann kjark og hugrekki, sem henni bar að sýna.

Ég tók eftir hjá einum hv. þm., að hann taldi ósamræmi milli 1. liðs í svari forseta Bandaríkjanna og 1. málsg. á bls. 7, þar sem á öðrum staðnum er talað um, að Bandaríkin skuldbindi sig til að hverfa burt af Íslandi með allan heraflla sinn á landi, í lofti og á sjó, undireins og núverandi ófriði er lokið; en í orðsending forsetans segir: „strax og núverandi hættuástandi í milliríkjavíðskiptum er lokið, skuli allur slíkur herafli og sjóher látinn hverfa á brott þaðan, svo að íslenzka þjóðin og ríkisstjórn hennar ráði algerlega yfir sínu eigin landi.“ Ég sé ekki neina ástæðu til að gera sér neinar grillur út af þessu. Það segir sig sjálf, að ef um rangt orðalag er að ræða, þá er það af hálfu íslenzku ríkisstj., en ekki forsetans. Það er auðvitað, að ef við höfum vernd þessa veldis, þá verður að binda hana við það hættuástand, sem verndinni er beint gegn, en ekki við orðið „ófriður“, enda þótt þetta tvennt geti farið saman.

#### ATKVGGR.

Tillgr. samþ. með 39:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GP, GSV, HelgJ, HermJ, HV, IngP, JakM, JJós, JGM, Jív, JPálm, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PO, SEH, SK, SÁÓ, SkG, StSt, StgrSt, SvBH, ÞBr, ÞP, ÁÁ,

BJ, BSt, BÁ, BjB, BSn, EÁrna, EE, EmJ, HG.

nei: ÍslH, JóhJón, BrB.

6 þm. (EystJ, GG, JJ, TT, ÁJ, ErlD) fjarstaddir.

**Forseti (HG):** Ég vil taka fram, að Eysteinn Jónsson er veikur og þess vegna heima. Ég veit hann óskaði þess, að það væri sérstaklega tekið fram. Hins vegar er enginn vafi, þar sem hann er einn af ráðherrunum, sem standa að þessari till., að hann hefði greitt atkv. með henni.

Tíu þingmenn gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

**Gardar Þorsteinsson:** Háttv. Alþ. hefur áður, að gefnu tilefni, lýst yfir því, að þar sem Ísland er vopnlaust og hlutlaust land, mótmæli það hvers konar broti á hlutleysi þess, eða hernaðaraðgerðum, er gagnvart því kunni að brenast. Mér vitanlega hefur Alþingi ekki til þessa fallið frá þessari stefnu sinni né gefið ríkisstj. ástæðu til að ætla, að frá þessari stefnu sé horfið.

Nú hefur það hins vegar skeð, að ríkisstj. hefur — samkvæmt hennar umsögn eftir nákvæma og ýtarlega yfirvegun á öllum málavöxtum — samþ., að herlið frá Bandaríkjunum fái hér bækistöð, með nánar tilteknum skilyrðum.

Aðstaða Íslands að því er snertir að vera hernumið land breytist ekki við það, þó að herlið frá Bandaríkjunum taki við, þar sem herlið frá Stóra-Bretlandi hverfur frá. Landið er eftir sem áður hernumið.

Þrátt fyrir það, þó að ríkisstj. hafi þannig samþ., að herlið frá Bandaríkjunum komi í stað þess herliðs, sem hér hefur setið, lít ég svo á, að enn þá standi óbreytt hin almennu og sérstöku mótmæli Alþingis og ríkisstj. gegn hernaðaraðgerðum erlends valds hér, hvaða ríki sem í hlut kann að eiga.

Ríkisstj. hefur lýst yfir, að úr því, sem komið var, hafi ekki verið aðra leið af fara en að samþ., að herlið frá Bandaríkjunum fengi hér bækistöð. Það er jafnframt vitað, að forseti Bandaríkjanna lítur á þennan samning sem endanlega gerðan, enda herlið frá því landi hingað komið.

Um leið og ég lýsi því yfir, að ég hér eftir sem hingað til mótmæli hvers konar hernaðaraðgerðum hér á landi, hvaðan sem þær koma, vil ég þó, að fengnum þeim upplýsingum, sem stj. hefur gefið, taka yfirlýsingu stj. gilda, að hún hafi ekki átt um aðrar leiðir að velja. Og í trausti þess, að samningur sá, sem hér á að samþ., verði haldinn af mótaðila, vil ég greiða atkv. með þáttill. og segi já.

**Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Þótt mér sé ógeðfellt að samþykkja, að erlent setulið skuli vera í landinu, þá verð ég annars vegar að telja, eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið, að ríkisstj. hafi ekki átt annars kost en að gera samkomulag við forseta Bandaríkjanna Norður-Ameríku um hververnd Íslands, sem Alþingi verði, eins og ástæður allar eru, að fallast á, og hins vegar í því trausti, að hin íslenzka þjóð

Hervernd Íslands. — Sjálfstæði Íslands og stjórnmalasamband við Sovétlýðveldin. — Áfengismál.

geti hér eftir sem hingað til haldið hlutleysi sínu í núgeisandi styrjöld, — segi ég já.

**Jóhann Jósefsson:** Já, með sömu greinargerð og hv. þm. V.-Sk.

**Jón Pálmason:** Mér er mjög ógeðfellt að samþ. það, að erlendar hersveitir séu hér á landi, en vegna þess að ríkisstj. Íslands hefur þegar samþ. þetta, og vegna þess að ég tel Alþingi ekki hafa aðstöðu til að breyta þeirri ákvörðun án hættulegra afleiðinga, og vegna ýmissa upplýsinga, sem ég nú hef fengið á þingi og utan þess um það, hvað knúid hafi ríkisstj. til ákvörðunar sinnar, þá tel ég þó ekki fært annað en að fallast á það, sem orðið er, og segi því já.

**Páll Zóphóniasson:** Herra forseti! Ég hafði ekki ætlað mér að greiða atkv. hér á þingi fyrir en ég hefði siðferðilegt umboð til þess frá kjósendum í N.-M. Það hef ég raunar ekki enn. En með símskeytum í gær og í dag hef ég frétt, að það liggi fyrir, og mun ég því greiða atkv. og segi já.

**Pétur Ottesen:** Með skirskotun til þeirrar skoðunar á þessu máli, sem fram kom í ræðu minni, og yfirlýsingar hæstv. forsrh. um góða og hagkvæma verzlunarsamninga í sambandi við umræddan samning, segi ég já.

**Sigurður Hlíðar:** Með skirskotun til grg. hv. þm. V.-Sk. (GSv) segi ég já.

**Þorsteinn Briem:** Með því að ég tel, að þjóðin eigi ekki annars úrkostar en að gera þetta samkomulag, segi ég já.

**Brynjólfur Bjarnason:** Það er að líta eins á þessa atkvgr. frá minni hálfu og aðrar á þessu svokallaða þingi. Ég tel mig ekki hafa neina heimild til að greiða atkv. sem þm., en þegar ég greiði atkv., þer aðeins að líta á það sem álit mitt á málinu, og segi ég nei.

**Eiríkur Einarsson:** Eins og málum er nú komið og með því að ég tel þm. ekki eiga annars úrkosta en samþ. till. eins og hún liggur fyrir, þá segi ég já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39:3 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 4).

## 2. Sjálfstæði Íslands og stjórnmalasamband við Sovétlýðveldin.

Á 3. fundi í Sp., 9. júlí, var útbýtt:

Till. til þál. um ráðstafanir til að tryggja sjálfstæði Íslands að styrjöldinni lokinni og um stjórnmalasamband við Sovétlýðveldin (A. 2).

Á sama fundi, að lokinni afgreiðslu þál. um hvernd Íslands, mælti

**forseti (HG):** Áður en ég lýsi dagskrá lokið, vildi ég mega skýra frá því, að hér á fundinum hefur verið útbýtt tveimur till. til þál., á þskj. 2 og 3. Er hin fyrri borin fram af þremur hv. þm. og fjallar um ráðstafanir til að tryggja sjálfstæði Íslands að styrjöldinni lokinni og um stjórnmalasamband við Sovétlýðveldin. Hin síðari er um áfengismál, flutt af fjórum hv. þm. Nú verða þinglausnir á morgun og því sýnt, að þessi mál ljúkast ekki nema með fyllstu afbrigðum. Ætlun hæstv. ríkisstj. var sú, að ekki yrðu fleiri mál tekin fyrir en það, sem þegar er afgr. Hins vegar tel ég ekki rétt, án þess að leita vilja þingheims, að ákveða að taka ekki þessi mál til meðferðar nú. Mun ég því þera undir atkv. og hlíta vilja hv. þm. um það, hvort taka eigi till. þessar inn á dagskrá þessa fundar. Verði það samþ., verða umr. um þær ákveðnar nú og síðan haldinn fundur til að ræða till. Ef fellt verður hins vegar að taka till. inn á dagskrá nú, verða þær ekki teknar fyrir á þessu þingi, með því að þá er sýnt, að ekki er vilji til að sinna málunum. Ég mun fyrst leita afbrigða um till. á þskj. 2.

ATKVGR.

Till. um að taka málið á dagskrá felld með 27:5 atkv.

## 3. Áfengismál.

Á 3. fundi í Sp., 9. júlí, var útbýtt:

Till. til þál. um áfengismál (A. 3).

Á sama fundi bar forseti undir atkv. þingsins till. um að veita afbrigði til þess að taka málið á dagskrá. (Sjá ræðu forseta undir 2.)

ATKVGR.

Till. felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SÁÓ, SvBH, ÞBr, ÁÁ, BJB, BSu, BrB, EE, FJ, IngP, ÍslH, JóhJón, JÍv, JörB, HG.

nei: MJ, ÓTh, PHerm, PZ, SEH, SK, SkG, StgrSt, ÞP, BJ, BSt, BÁ, EÁrna, GP, HelJ, HV, JGM, JPálm, MG.

PHann, StSt, EmJ, GSv, HermJ, JakM, JÍós greiddu ekki atkv.

6 þm. (TT, AJ, ErlÞ, EystJ, GG, JJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

**Páll Zóphóniasson:** Ég er og hef alltaf verið bannmaður, en þar sem ég get ekki verið með till. eins og hún er orðuð þarna, þá segi ég nei.

# Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir starfsmenn þingsins:

## Skrifstofan.

Svanhildur Þorsteinsdóttir.

## Lestrarsalgæzla.

Pétrína Jónsdóttir.

## Innanþingskriftir.

Haraldur Matthíasson, Björn Franzson, Kristján Thorlacius, Svanhildur Ólafsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Ársæll Júlíusson, Guðjón Kristinsson, Helgi Tryggvason.

## Dyra- og pallavazsla.

Jakob Jónsson (yfirvörður), Hilmar Árnason, Sigurður Þorsteinsson, Gunnar Bergmann, Guðmundur Jónsson.

## Þingsveinsstörf.

Haukur Heiðar, Kristinn Hallsson.

## Simavazsla.

Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir.

## Fatagæzla.

Vigdis Torfadóttir, Sigríður Brynjólfsdóttir.

## Þingfréttamaður í útvarpi.

Helgi Hjörvar.

# Þinglausnir.

Á 4. fundi í Sp., 10. júlí, mælti

forseti (HG): Þingið hefur staðið í 2 daga, 9.—10. júlí. Fundir hafa verið háðir:  
Í sameinuðu þingi ..... 4  
- neðri deild ..... 1  
- efri deild ..... 1

Samtals 6 þingfundir

Bornar hafa verið fram 3 þingsályktunartilögur, allar í sameinuðu þingi, ein frá ríkisstjórninni, en tvær af hálfu þingmanna.

Ein þeirra varð ályktun Alþingis, en hinar tvær komu ekki til umræðu.

Störfum þessa Alþingis er nú lokið. Það er hið 57. löggjafarþing og 13. aukarþing frá því er Alþingi var endurreist. Þetta Alþingi er hið fyrsta, sem kjörinn íslenskur ríkisstjóri hefur kvatt til fundar og sett.

Alþingi hefur að þessu sinni tekið fyrir og afgreitt aðeins eitt mál, ályktun um, að Bandaríkjum Norður-Ameríku sé falin hvernd Íslands, meðan núverandi stórveldastyrjöld stendur. Með ályktun þessari hefur Alþingi fallizt á og staðfest samkomulag það, er ríkisstjórnin

hafði gert um þetta efni við forseta Bandaríkjana og við stjórn Bretaveldis. Eitt atriði þessa samkomulags er það, að bæði þessi stórveldi viðurkenna nú þegar réttarstöðu Íslands sem fullvalda ríkis og lofa að beita öllum áhrifum sínum við þau önnur ríki, er standa að friðarsamningum, að ófriði loknum, til þess að friðarsamningarnir viðurkenni einnig algert frelsi og fullveldi Íslands. Allir hefðum við kosið, alþingismenn, að unnt hefði verið að komast hjá því, að erlendur her hefði setu í landinu. En eins og málum nú er komið, er þess enginn kostur.

Alþingi hefur með ályktun þessari lýst yfir þeirri skoðun sinni, að á þennan hátt yrði, eins og nú er ástátt, bezt tryggð réttarstaða landsins og öryggi, siglingar, viðskipti og afkoma landsmanna. Það er einlæg ósk og von okkar allra, að reynslan og tíminn staðfesti þetta.

Að svo mæltu þakka ég háttvirtum alþingismönnum gott samstarf á þessu Alþingi. Þeim þingmönnum, sem heima eiga utan Reykjavíkur, óska ég fararheilla og góðrar heimkomu. Og landsmönnum öllum óska ég árs og friðar.

Ríkisstjóri (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði i gær var gefið út svo látandi opið bréf:

## „Ríkisstjóri Íslands

gerir kunnugt: Að ég hef ákveðið, að aukafundi Alþingis, 57. löggjafarþingi, skuli slitið fimmtudaginn 10. júlí 1941, eða síðar, ef fundir dragast.

Mun ég því slíta Alþingi þann dag, sem fundum er lokið.

Gert í Reykjavík, 9. júlí 1941.

Sveinn Björnsson.

Hermann Jónasson.

Opið bréf ríkisstjóra Íslands um þingslit.“

Þetta aukapting, sem staðið hefur í tvo daga og er hið stytta þing, sem nokkurn tíma hefur

háð verið hér á landi, en haft þó til meðferðar og ályktunar eitt hið mikilvægasta mál, sem undir Alþingi hefur borið, hefur nú lokið störfum, og segi ég því þinginu slitið.

Ég vil biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum sínum.

Þingheimur stóð upp, og Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., mælti: „Lífi Ísland!“

Tóku þingmenn undir það með ferföldu húrra-  
hrópi.

Var síðan af þingi gengið.